

SHALDÖR  
skoðun 20



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Skólar og námskeið



**SUMAR  
TILBOÐ**  
STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

**4BLS  
BÆKLINGUR**  
STÚTFULLUR AF  
TILBOÐUM Í FRÉTTA-  
BLAÐINU Í DAG

**TÖLVUTEK**  
Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlöð 2 • 430 6900

# FRÉTTABLAÐIÐ

FIMMTUDAGUR

PITT

3. júní 2010 – 128. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## Grylan í Eyjum

Ólafur Loftsson klúðraði sextánda holunni með eftirminnilegum hætti.

**golf 54**



## Leikhúsheimur nötrar

Jón Atli vill að leikhúsfólk sniðgangi Grímuverðlaunin. Benedikt Erlingsson segir erfitt að taka afstöðu.

**fólk 58**




## Fram og KR áfram

Fyrstu leikirnir í 32-liða úrslitum VISA-bikarkeppni karla fóru fram í gær.

**sport 50**

## veðrið í dag



**SKÝJAD SYÐRA** Í dag verða suðaustan 5-13 m/s syðra og skýjað en annars hæg breytileg átt og bjartviðri. Hiti víðast 10-18 stig.

**veður 4**

# Hækka þarf heitt vatn um 37 prósent

Fimm ára markmið Orkuveitu Reykjavíkur gera ráð fyrir mikilli gjaldskrárhækkun. Miður að þetta kom ekki fram fyrir kosningar, segir stjórnarformaður. Lagt til að ný stjórn fyrirtækisins taki ákvörðun um hækkunirnar.

**REYKJAVÍK** Eigi markmið fimm ára áætlunar um fjárförf Orkuveitu Reykjavíkur (OR), sem miðast við fimm prósent árið, að nást, þarf mikla hækkun á gjaldskrá fyrirtækisins. Á það við um allt nema kalda vatnið. Þar mun gjaldskrá standa í stað.

Guðlaugur Sverrisson, stjórnarformaður OR, segir að þessar hækkunir muni dreifast yfir fimm ár, verði ákveðið að ná markmiðunum. Það sé nýrrar stjórnar að ákveða. Unnið hafi verið að útreikningum miðað við lánasamsetningar og fleira og þeirri vinnu hafi lokið í síðustu viku. Upplýsingarnar voru lagðar fyrir stjórnarfund í gær, en þær eru svar við fyrirspurn Sigrúnar Elsu Smáradóttur, fulltrúa Sam-

fylkingarinnar í stjórn OR, sem lögð var fram á síðasta stjórnarfund.

Spurður hvers vegna upplýsingarnar koma fram þremur dögum eftir kosningar segir hann það einfaldlega vera vegna þess að vinnu hafi ekki lokið fyrir. Ágætt hefði verið ef þær hefðu legið fyrir þegar kosið var á laugardag, en það hafi ekki náðst. Vissulega hefði verið hægt að setja meiri kraft í vinnuna, en það hafi ekki verið gert.

„Ég hef rætt það inni í borgarráði að auka þurfi handbært fé og ég er ekkert að fela þetta. Fjárförfin lá fyrir en ekki var búið að reikna ítarlega út hve mikið þyrfti að hækka gjaldskrá til að ná markmiðum heildarstefnu Orkuveitunnar.“

## OR þarf hækkun

Rafmagn	
Smásala	27%
Dreifing	20%
Heitt vatn	37%
Fráveita	35%
Kalt vatn	0%

\*Gjaldskrárhækkunir eigi markmið til fimm ára að nást eingöngu þannig.

Guðlaugur minnr á að það hafi verið samhljóða niðurstaða fulltrúa meiri- og minnihluta í aðgerðahópi að hækka gjaldskrár ekki meira á nýliðnu kjörtímabili. Við það hafi verið staðið og því sé það verkefni nýrrar stjórnar að taka ákvörðun um fyrirhugaðar hækkunir. - kóp



Í VINNUNNI Kristín vinnur sem bifreiðasmíður hjá Toyota. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Fyrsti kvenbifreiðasmíðurinn: Gerir upp VW Golf blæjubíl

**FÓLK** „Jú, ég er fyrsta konan sem útskrifast úr bifreiðasmíði úr Borgarholtskóla og líklega er þetta í fyrsta skipti sem kona útskrifast hérlendis í faginu,“ segir Anna Kristín Guðnadóttir sem þreytti sveinspróf í bifreiðasmíði fyrir nokkrum dögum.

Bílaáhuginn hefur alltaf blundað í Kristínu en í frítíma sínum dundar hún sér við að gera upp Volkswagen Golf, árgæro 1985, blæjuútgáfu, sem hún fann tjónaðan. „Hann er rétt í þessu að verða tilbúinn,“ segir hún.

- mmf / Skólar og námskeið



**LYSTISEMDIR Á GÓÐUM DEGI** Borgarbúar gerðu vel við sig í blíðviðrinu í gær eins og sést á þessum veitingahúsagestum við Austurvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

800 lífeyrisþegar úr sjóði sem sætir sakamálarannsókn hafa tapað miklu:

# Hafa misst þriðjung tekna

**KJARAMÁL** Yfir 800 fyrrverandi flugvirkjar og starfsmenn Olís, Mjólkursamsölunnar, Áburðarverksmiðjunnar og Eimskips hafa misst ríflega þriðjung lífeyristekna sinna á einu ári. Þetta varð ljóst á ársfundi lífeyrissjóðsins Kjalar í síðustu viku, þar sem greint var frá því að skerða þyrfti greiðslurnar um nítján prósent í annað sinn á innan við ári.

Kjöler er í vörslu Landsbankans og einn þeirra lífeyrissjóða sem sérstakur saksóknari tók til rannsóknar í fyrravör vegna gruns um að fjárfest hafi verið um of í tilteknum félögum, meðal annars félögum tengdum Landsbankanum. Sú rannsókn stendur enn.

Halldór Kristinsson, núverandi framkvæmdastjóri sjóðsins, segir ástæðu þessarar miklu skerðing-

ar meðal annars vera þá að sjóðurinn sé lokaðar, það er að hann taki ekki lengur við iðgjöldum, og sjóðir án framtíðarinnkomu séu berskjaldaðri fyrir skakkaföllum vegna fjárfestinga en aðrir.

Halldór segist í störfum sínum ekkert hafa séð sem bendi til þess að nokkuð óeðlilegt hafi átt sér stað í starfsemi sjóðsins fyrir bankahrun. - sh /sjá síðu 6

Glímt við olíulekann:

## Reynt að saga sundur leiðslu

**BANDARÍKIN, AP** Starfsmönnum olíufélagsins BP tókst í gær að losa sög sem festist í ónýtri leiðslu úr olíubrunninum á botni Mexíkóflóa.

Olían hélt áfram að streyma út í hafið, en áfram verður reynt að saga leiðsluna í sundur svo hægt verði að setja eins konar tappa ofan á bruninn.

Allar tilraunir til að stöðva olíulekann hafa reynt árangurslausar.

Fyrirtækið hefur verið gagnrýnt fyrir það hve hægt gengur, en Bandaríkjastjórn hefur einnig verið gagnrýnd fyrir að grípa ekki til aðgerða. - gb

Ómissandi

**SMJÖR**

muundu eftir mjólkinni!

**muu**



Már, tekurðu þetta ekki bara í annarri lotu?

„Lotuvinna er kannski ekki vinsæl lengur.“

Ekki verður af upptöku nýs lotukerfis í stað bekkjakerfis eins og ætluin var í Menntaskólanum í Sund. Már Vil-hjálmsón rektor segir þetta heimilíki kjöftshögg.

Nýjar síður í Fréttablaðinu:

## Fjallað um golf og veiði í sumar

**ÚTGÁFA** Fjallað verður um golf annan hvern fimmtudag í Fréttablaðinu í sumar sem og um veiði.

Í blaðinu í dag er umfjöllun um um golf. Þar er að finna viðtal við Ólaf Loftsson, Íslandsmeistara í golfi, sem kastaði frá sér sigrinum á fyrsta stigamóti Gólfsambands Íslands, sem haldið var í Vestmannaeyjum um síðustu helgi. Hann var með örugga forystu þar til á sextánda holi sem hann lék á ellefu höggum. Á gólfsíðunni er einnig rætt við Þorstein Hallgrímsson sem upplýsir lesendur um það hvernig best sé að leika sextánda holuna í Eyjum. Ennfremur er fjallað um nýja vefsíðu, [golfheima.is](http://golfheima.is).

Nýtt háskólasjúkrahús: Hönnuðir skila á næstu dögum

**HEILBRIGÐISMÁL** Rúmlega vika er nú þar til hönnunarteymi skila inn tillögum að nýjum Landspítala. Keppnistillögurnar eiga að liggja fyrir 10. júní og niðurstöður samkeppninnar verða kynntar 9. júlí.

Dómnefndin er þegar byrjuð að skipuleggja til hvaða ráðgjafa verður leitað. Meðal þeirra er Johannes Eggen, norskur arkitekt með langa reynslu af hönnun sjúkrahúsa. Þá verður leitað umsagnar hjá flugmálayfirvöldum og Landhelgisgæslu vegna þyrluflugs og skipulagsyfirlýðingum í Reykjavík vegna skipulagsmála. Eins verður leitað umsagnar hjá klínískum deildum Landspítala vegna innra starfs spítalans.

Menntamálaráðherra sendir öllum skólastjórum framhaldsskóla bréf um fíkniefnaleit og forvarnir:

# Almenn fíkniefnaleit er ekki forvörn

**MENNTAMÁL** Almenn fíkniefnaleit í framhaldsskólum getur ekki talist hluti af almennu forvarnastarfi framhaldsskólanna, að mati Katrínar Jakobsdóttur menntamálaráðherra. Hún hefur sent öllum skólastjórum framhaldsskóla bréf og tjáð þeim þá afstöðu sína.

Þar segir ráðherra að þrátt fyrir að forvarnir séu stór hluti af starfi framhaldsskóla geti almenn leit ekki talist hluti þeirra. Þar er vísað til leitar sem fram fór í Tækniskólanum í febrúar. Í því tilfelli var dyrum lokað og farið með fíkniefnahunda um húsnæði skólans. Í bréfi ráðherra eru skólastjórar minntir á að slíkar aðgerðir samræmist hvorki stjórnarskrá, Mannréttindasáttmála Evrópu né ákvæðum laga um meðferð sakamála.

Ekki eigi að grípa til slíkra aðgerða nema lagagrundvöllur sé traustur og ákveðin mál komi upp innan skólanna sem bregðast þurfi við með ákveðnum hætti.

„Fíkniefnaleit sem framkvæmd er með framangreindum hætti er óneitanlega harkaleg aðgerð gegn almennum nemendum sem þar sækja nám og er jafnvel ekki kunnugt um tilefni svo viðamikillar og íþyngjandi leitar,“ segir í bréfi ráðherra.

- kóp

**LEITAD Í TÆKNISKÓLA** Skólameistari Tækniskólans bað lögregluna að leita að fíkniefnum þar í febrúar. Ráðherra segir að slík leit stangist á við stjórnarskrá og Mannréttindasáttmála Evrópu.



# Hættir útgerð vegna veiðibanns ráðherra

Sjómenn hætta útgerð á Hvammstanga vegna banns við dragnótaveiðum á Húnaflóa. Rök sjávarútvegsráðherra fyrir banninu eru umhverfisvernd en þau eru umdeild. Talsmaður segir ráðherra einkavinavæða aðgengi að miðunum.

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta þýðir einfaldlega að mín heimamið eru horfin með öllu og við þurfum að hætta útgerð,“ segir Ómar V. Karlsson, útgerðarmaður á Hvammstanga, sem gerir út dragnótabátinn Hörpu HU.

Jón Bjarnason sjávarútvegsráðherra hefur ákveðið að dragnótaveiðar innan tiltekinna svæða í sjö fjörðum skuli bannaðar. Verndarsjónarmið eru rök ráðherra. Bannið er hins vegar afar umdeilt, ekki síst fyrir þær sakir að Hafrannsóknastofnun komst að þeirri niðurstöðu að fátt benti til að veiðarnar væru skaðlegar umhverfinu.

Svæðalokunin er grundvöllur á stefnu ríkisstjórnarinnar um að takmarka veiðar afkastamikilla skipa á grunnslóð til að treysta veiðisvæði fyrir smærri báta með umhverfisvænni veiði.

Fríðrik G. Halldórsson er talsmaður fyrir vistvænar strandveiðar í dragnót. „Sjávarútvegsráðherra er að ganga erinda smábátasjómannanna og hlustar ekki á nein rök. Hann ténir til álit sjómanna og sveitarstjórna sem henta hans sjónarmiði og hefur allt annað að engu. Hann er að einkavinavæða aðgengi að miðunum, svo einfalt er það.“ Fríðrik segir að dragnótasjómenn muni leita réttar síns. „Það getur ekki annað verið en að fjólkið í landinu eigi sinn rétt þegar ráðherra misbeitir því valdi sem honum er trúað fyrir.“

Fríðrik segir að menn verði að gera sér grein fyrir því að það séu tíu bátar sem stunda dragnótaveiðar fyrir Norðurlandi og því sjái það allir að pláss sé fyrir alla til veiða.



ÁHÖFNIN Á HÖRPU Harpa HU er 25 metrar að lengd. Bannið nær til báta sem eru stærri en 22 metrar.

## Rök ráðherra fyrir lokun sjö veiðisvæða

- Ráðuneytið telur skýrslu Hafró um dragnótaveiðar í Skagafirði allrar athygli verða, en metur að niðurstöður hennar hafi verið dregnar úr samhengi og oftúlkaðar.
- Ráðuneytið vísar til umfangsmikillar friðunar Norðmanna á sinni grunnslóð. Þar er hið almenna bann við notkun dragnótar réttlætt með því að um mjög öflugt veiðarfæri sé að ræða.
- Fyrir liggur að veiðar dragnótabáta og veiðar báta sem stunda handfæra- og línuveiðar hafa farið illa saman á vissum svæðum og skapað hatrammar deilur. Full þörf virðist því vera á að til komi ákveðin stjórnun eða skipulag þar sem þessi veiðarfæri fara illa saman og ágreiningur er á milli manna.
- Sjónarmið eru uppi um að beina eigi veiðum veigaminni báta sem næst ströndinni. Ástæður þess eru öryggissjónarmið.
- Ráðuneytið telur sig hafa sýnt fram á með talnagögnum að þeir hagsmunir sem hér eru á ferðinni séu ekki miklir. Því er hér fátt sem mæli gegn því að viðhafa varúðarregluna gagnvart lífríkinu og öðru umhverfi og láta það þannig njóta vafans.

Ómar segir að fjórir starfi við útgerð Hörpu HU sem hófst fyrir 26 árum og að henni komi þrjár fjölskyldur á Hvammstanga. Heildarafli útgerðarinnar á ári er um 300 tonn. „Við höfum alltaf reynt að gera sem mest úr því litla sem við höfum. Þannig höfum við getað verið hérna heima og haft örugga atvinnu,“ segir Ómar. „Það sem ég er svekktastur með

er að ráðherra hafi ekki hlustað á rök heimamanna og tekið tillit til aðstæðna á hverjum stað.“

Sveitarfélagið Húnaþing vestra ályktaði gegn veiðibanninu og var það mat sveitarstjórnar að engar efnislegar forsendur væru til þess að banna dragnótaveiðar í Húnaflóa og meta þurfi samfélagsleg áhrif veiðibannsins.

svavar@frettabladid.is



BÚNINGAR PRÓFAÐIR Rússar undirbúa langferðir í geimnum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rússar æfa ferð til Mars:

## Í einangrun í átján mánuði

**RÚSSLAND, AP** Sex menn ætla í dag að fara inn í gluggalausan klefa í Rússlandi, loka á eftir sér og dveljast þar næstu 520 dagana.

Dvöl þeirra er hugsuð sem undirbúningur að því að menn verði sendir til Mars. Þótt enn séu áratugir þangað til af slíkrri ferð getur orðið vonast evrópska geimferðastofnunin og kínversk geimferðayfirvöld eftir því að tilraunin sýni hvaða áhrif þetta löng einangrun hefur á mennina.

Þrír mennanna eru Rússar, en hinir eru Frakki, Ítali og Kínverji.

- gb

Reynt að sefa áhyggjur:

## Ekki lokað á Balkanríkin

**BOSNÍA, AP** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna reyndu að fullvissa utanríkisráðherra ríkjanna Balkanskagans um að Evrópusambandið hafi fullan hug á aðild þeirra.

Balkanríkin Króatía, Serbía, Bosnía, Albanía, Kosovo, Makedónía og Svartfjallaland hafa öll sótt um aðild að Evrópusambandinu, en hafa undanfarið haft áhyggjur af því að efnahagsvandi sambandsins verði til þess að hægj verði á frekari stækkun sambandsins.

Ráðherrarnir hittust í gær á fundi í Sarajevó, höfuðborg Bosnía-Hersegóvínu.

- gb

## Persónuvernd hefur efasemdir um rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila: Ítarlegur gagnabanki um einstaklinga

**PERSÓNUVERND** Rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila eins og hún er áætluð í frumvarpi sem liggur fyrir Alþingi veldur Persónuvernd áhyggjum í ljósi ákvæðis í stjórnarskránni um friðhelgi einkalífs.

Persónuvernd segist hafa áhyggjur af þeirri víðtæku vinnslu persónuupplýsinga sem yrði vegna rannsóknarinnar, „ekki síst í ljósi tilhneigingar til að framlengja varðveislutíma upplýsinga í gagnagrunnum sem til verða með upplýsingum um einstaklinga,“ eins og segir í umsögn stofnunarinnar.

Verði frumvarpið að lögum mun félagsmálaráðherra verða heimilt að sækja upplýsingar um fjárhag einstaklinga og fjölskyldna frá Íbúðalánasjóði, fjármálafyrirtækjum, lífeyrissjóðum, Lánasjóði íslenskra námsmanna, Ríkisskatt-

stjóra, Vinnuálastofnun, Þjóðskrá, Fjársýslu ríkisins, stærstu sveitarfélögum landsins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Tryggingastofnun ríkisins.

„Mun hjá stjórnvöldum verða til persónugreinanlegur gagnagrunnur með ítarlegum fjárhagsupplýsingum um alla borgarana,“ segir Persónuvernd. Næstu þrjú árin muni stjórnvöld safna ítarlegum upplýsingum um fjárhag fjölskyldna og einstaklinga. Þó svo að gert sé ráð fyrir að rannsóknin sé tímabundin muni hún standa yfir um langt skeið.

„Er til þess að líta að reynslan sýni að þegar samþykkt eru lög um gagnagrunna á vegum stjórnvalda er tilhneiging til þess að framlengja þann varðveislutíma sem upphaflega hefur verið samþykktur,“ segir Persónuvernd. - gar



ÁRNI PÁLL ÁRNASON Verði frumvarp að lögum getur félagsmálaráðherra safnað í gagnabanka og rannsakað öll tiltæk gögn um fjármál allra Íslendinga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Meiri þægindi og aukið geymslupól

Nú er MS rjóminn í ½ l umbúðum með tappa.

12 DAGA GEYMSLUPÓL





verð frá  
**235 kr/m**



**PALLAEFNI**  
**MEIRI ÞYKKT**  
**TRYGGIR STYRK!**

- Fura fúavarin 21x95 **235** kr/m
- Fura fúavarin 28x95 **289** kr/m
- Fura fúavarin 48x98 **399** kr/m
- Fura fúavarin 48x148 **579** kr/m
- Fura fúavarin 98x98 **819** kr/m

# ALLT FYRIR GARÐINN

FRÁBÆRT VERÐ Í HÚSASMÍÐJUNNI



3 ltr.  
**2.599**

Utahússmálning 3 ltr.  
Alkalíþolin með gott veðrunarþol.  
7207020



3 ltr.  
**2.990**

Vinsælasta  
pallaolía  
á Íslandi

Jotun pallaolía 3 ltr.  
Vinsælasta pallaolían á Íslandi.  
7049123-33-37



**Girðingastaur**

- Fúavarinn.  
Þvermál 50 mm, L 180 sm  
600006 **299** kr/stk.
- Fúavarinn.  
Þvermál 70 mm, L 180 sm  
600008 **419** kr/stk.
- Rengla án spiss  
600002 **199** kr/stk.

Rafmagnssláttuvél  
verð frá 16.990  
Bensínsláttuvél  
verð frá 39.995

Rafmagnssláttuvél  
B&D  
35 ltr. safnara, 1200 W.  
Miðlæg hæðarstilling.  
34 sm sláttubreidd  
5085134

**BLACK & DECKER**



**29.990**

**3.995**

Rafmagnssláttuorf  
IKRA  
250W, 24 cm sláttubreidd  
5086600

Claber slönguhjól  
Tekur 60m af 1/2" slöngu.  
5081662

**3.499**



**2.990**

Claber bilkústur  
5081645

**1.999**

Claber veltuúðari  
4 stillingar fyrir 78-181 m<sup>2</sup>  
5081625

**1.899**

Claber garðúðari  
3ja arma, 4 stillingar. Fyrir 75-115 m<sup>2</sup>  
5081670

GILDIR FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS.

Timburmiðstöð Grafarholti opið til 18:00 alla daga  
Verslun Skútuvogi, opið til 21:00 alla daga

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.

Látum  
verkin tala!



**HÚSASMÍÐJAN**

## GENGIÐ 02.06.2010

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	127,76 128,36
Sterlingspund	187,34 188,26
Evra	156,12 157,00
Dönsk króna	20,981 21,103
Norsk króna	19,676 19,792
Sænsk króna	16,318 16,414
Japanskt jen	1,3887 1,3969

SDR 187,15 188,27

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
212,3634

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Japönsk stjórnarmál í uppnámi:  
Hatoyama segir af sér embætti

**JAPAN, AP** Yukio Hatoyama, forsætisráðgjafi Japans, sagði af sér í gær eftir aðeins átta mánaða setu í embættinu. Afsögn hans gæti lamað japönsk stjórnarmál eða leitt til stjórnarskipta. Ástæður afsagnarinnar sagði hann bæði fjármögnunarhneyksli og umdeilda ákvörðun sína um að leyfa bandaríska hernum að vera áfram með herstöð á Okinawa, þvert ofan í loforð sín í kosningabaráttunni.

Hann viðurkenndi að hann hefði glatað trausti þjóðarinnar. - gb

## BANDARÍKIN

## Hressst upp á Brooklynbrú

Michael Bloomberg, borgarstjóri New York, og Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, kynntu í gær fjögurra ára áætlun um að hressa verulega upp á útlit Brooklynbrúarinnar sögufraegu. Gert er ráð fyrir að endurnýjun brúarinnar kosti 500 milljónir dala.

## VENESÚELA

## Chavez í stríð

Hugo Chavez, forseti Venesúela, segist kominn í stríð við viðskiptaráð landsins og hótar því meðal annars að þjóðnýta Empresas Polar, stærsta matvælaframleiðslufyrirtæki landsins. Þrjátíu prósent verðbólga og dýpandi kreppa hrjáir nú landsmenn.

## LEIÐRÉTTING

Fjáröflunarveisla sem haldin verður til styrktar þeim íbúum Suðurlands sem farið hafa illa út úr eldgosinu í Eyjafjallajökli verður haldin 12. júní á Vocal Restaurant, Flughótel, í Reykjanesbæ, en ekki 5. júní eins og sagt var í blaðinu í gær.

Meirihlutaviðræður í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði halda áfram:

## Enginn asi í stóru bæjarfélögunum

**SVEITARSTJÓRNIR** Viðræður fulltrúa Besta flokksins og Samfylkingar um myndun meirihluta í borgarstjórn Reykjavíkur héldu áfram í gær. Ágætur gangur mun vera í viðræðunum en menn segjast þó ætla að fara sér í engu óslega.

„Ef það brjótast út slagsmál á fundi þá lofum við að setja myndir af því á heimasíðu flokksins,“ sagði Óttarr Proppé, þriðji maður á lista Besta flokksins, aðspurður um gang mála. Í gærkvöld var fundur almennra félagsmanna í Samfylkingunni þar sem úrslit kosninganna og hugsanlegt sam-

starf við Besta flokkinn var rætt.

Í Kópavogi settust fulltrúar Samfylkingar, Vinstri grænna, Næst besta flokksins og Kópavogslistas á kvöldfund eftir matarhlé. Fyrir þann fund sagði Hjalmar Hjalmarsson, fulltrúi Næstbesta flokksins, búast við að tekið yrði hlé um helgina svo bæjarfulltrúunum gæfist kostur á að kynna drög að málaefnasamningi fyrir sínu fólki.

Svipaða sögu er að segja úr Hafnarfirði þótt þar virðist fulltrúar Samfylkingar og Vinstri



**JÓN GNARR** Oddviti Besta flokksins gaf oddvita Samfylkingarinnar, sjónvarpsþættina The Wire á DVD-diskum í gær.

grænna vera heldur lengra komnir í myndun meirihluta en í hinum bæjarfélögunum tveimur. - gar

Aukin lyfjasala:

## Mestu fé varið í tauga- og geðlyf

**LYFJAMÁL** Lyfjasala og lyfjakostnaður jókst á fyrsta ársfjórðungi þessa árs, miðað við sama tímabil í fyrra, að því er fram kemur á heimasíðu Lyfjastofnunar.

Heildarlyfjakostnaður á fyrsta ársfjórðungi 2010 var tæpir 6,6 milljarðar króna en var árið 2009 rúmir 6,4 milljarðar. Hækkunin nemur um 2,7 prósentum.

Mestu fé vorðu Íslendingar í tauga- og geðlyf, eða 1,9 milljörðum, sem er 28,3 prósent af heildarlyfjakostnaði fyrsta ársfjórðungs. - jss



**LÖGREGLA STÓÐ VÖRD UM LÍKIN** Lík margra fórnarlamba Birds lágu lengi á morðstað, hulin ábreiðum af ýmsu tagi, þangað til fálíðað starfsfólk réttarmeinaðeilda á svæðinu kom því við að rannsaka vegsummerki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Skaut fólk út um bílglugga

Leigubílstjórinn Derrick Bird varð tólf manns að bana og særði 25 áður en hann svipti sig lífi. Starfsfélagar hans og kunningjar eru furðu lostnir. Hóf daginn á að skjóta tvo starfsfélaga sína í þorpinu Whitewater.

**BRETLAND, AP** Bretar eru slegnir eftir að 52 ára leigubílstjóri, sem þótti hæglátur og vingjarnlegur, ók bifreið sinni um lítill þorp og sveitir Norðvestur-Englands í gær, myrta tólf manns og særði 25 áður en hann beindi byssunni að sjálfum sér og svipti sig lífi.

Lík leigubílstjórans, sem hét Derrick Bird, fannst í skóglendi skammt frá bænum Boot. Tvær byssur fundust hjá líkinu.

Þrír hinna særðu voru í gær sagðir í lífshættu, en fimm aðrir eru alvarlega særðir.

Óljóst var í gær hvort Bird hafði valið fórnarlömb sín af handahófi eða hvort hann hafi leitað uppi fólk sem honum var í nöp við. Fréttir bærust af því að hann hefði rifist heiftarlega við aðra leigubílstjóra



**DERRICK BIRD** Leigubílstjórinn sem gerðist morðingi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fyrsta sinn.

Peter Leder, leigubílstjóri sem þekkti Bird, sagðist hafa hitt hann á þriðjudag og þá hafi ekkert virst óeðlilegt. Hins vegar hafi sér þótt kveðjuorð Birds einkennilegt

kvöldið áður en hann framdi morðin.

Starfsfélagar hans og kunningjar segja hann alls ekki hafa þótt líklegan til slíkra verka. Hann hafi verið léttur í lundu, tveggja barna faðir, fráskilinn og nýorðinn afi í

„Sjáumst seinna, Peter, en ég sé þig reyndar ekki aftur,“ á Bird að hafa sagt.

Fyrstu fréttir af morðunum bárust frá sjávarþorpinu Whitehaven, þar sem meðal annars tveir leigubílstjórar lágu í valnum, en annar þeirra var góður vinur Birds. Vitni sögðust hafa séð mann aka um bæinn og skjóta á fólk út um glugga bifreiðarinnar. Lögregla hvatti íbúa til að halda sig innan dyra meðan morðingjans væri leitað.

Bird skildi einnig eftir sig látna í Seascale og Egremont, skammt frá Whitehaven, og í Gosforth þar sem bóndasonur varð fyrir skoti úti á akri og lét lífið samstundis.

Verkamönnum í karnorkuverinu Sellafield, sem er skammt

frá, var sagt að halda sig inni við meðan byssumaðurinn væri ófundinn.

Stuart Hyde, yfirmaður í lögreglunni, sagði leigubílstjóran hafa látið til skarar skrifa á alls þrjátíu stöðum.

Skotvopnaeign lýtur ströngum reglum í Bretlandi, en þær voru hertar eftir tvö fjöldamorð á síðustu tveimur áratugum síðustu aldar. Fyrri morðin voru framin í bænum Hungerford árið 1987 þegar maður að nafni Michael Ryan varð sextán manns að bana. Seinni morðin framdi Thomas Hamilton í grunnskóla í Dunblane á Skotlandi árið 1996, þar sem hann myrta sextán börn og einn kennara.

gudsteinn@frettabladid.is

smellugas.is

**Smellugas** olis

Skiptu yfir í nýtt og einfaldara kerfi

25% afsláttur af innihaldi

Nýr þrýstijafnari, þér að kostnaðarlausu og við tókum gamla kútinn upp í.

**VEÐURSPÁ**

**Elisabet Margeisdóttir** veðurfréttamaður

**VEÐURBLÍÐA** Litlar breytingar á veðrinu fram yfir helgi og því áframhaldandi veðurblíða á landinu. Hins vegar verður skýjað og líkur á úrkomu sunnanlands um helgina en það væri óskandi að það myndi rigna á þeim svæðum þar sem aska hefur safnast fyrir.

Á MORGUN 8-13 m/s syðst annars heldur hægari.

LAUGARDAGUR 14-16 Fremur hæg SA-átt syðra annars hæg breytileg.

**HEIMURINN**

Alicante	26°
Basel	23°
Berlín	21°
Billund	18°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	13°
Gautaborg	17°
Kaupmannahöfn	17°
Las Palmas	24°
London	24°
Mallorca	25°
New York	31°
Orlando	33°
Ósló	21°
París	23°
San Francisco	19°
Stokkholmur	19°

Vindhraði er í m/s. Hitastig er í °C. Gildistími korta er um hádegi.

# Lægra verð á pallaefni!



5 l

Vnr. 86363040-550

**Pallaolía**

**5.990**

KJÖRVARI pallaolía, glær, græn, hnóta, fura, rauð fura eða rauðviður, 5 l.



**LM** BYKO  
LEIGUMARKAÐUR

Við bjóðum einstaklingum að fá kerru frítt í 4 tíma sé keypt pallaefni (grænt efni) fyrir 50.000 kr. eða meira. Eftir 4 tíma rúkkast leiga samkvæmt verðlista.

Gildir aðeins fyrir opnar kerrur (ekki hesta- eða vélakerrur). Gildir aðeins fyrir þær kerrur sem eru til leigu á hverjum stað fyrir sig.

Bílkerrur frá Leigumarkaði BYKO fylgja með seldu pallaefni í allt að 4 klukkutíma

Komdu og gerðu frábær kaup!



5 l

**Pinotex**

Vnr. 89436375-94

**Pallaolía**

**5.990**

PINOTEX pallaolía, glær, græn, brún eða pine, 5 l.



5 l

**Pinotex**

Vnr. 89410150-2650

**Viðarvörn**

**5.990**

PINOTEX Classic gegnsæ viðarvörn, glær, svört, tekk eða fura, 6 l. Aðrir litir 5 l.



4 l

Vnr. 86332040-9040

**Viðarvörn**

**5.990**

KJÖRVARI viðarvörn, margir litir, 4 l.

## Barnahús

LILLEVILLA barnahús, styrkingar og festingar fylgja, ósamsett og ómálað. Hurð með gleri. Stærð: 1,70 x 1,70 = 2,89 m<sup>2</sup>. Verönd: +0,70 m, mesta hæð: 170 cm.

**179.000**

**ÓDÝRT**

**229** kr./lm.

- |         |                                      |                    |
|---------|--------------------------------------|--------------------|
| 0058324 | Fura, alhefluð 27x95 mm A-gagnvarið  | <b>285</b> kr./lm. |
| 0058504 | Fura, alhefluð 45x95 mm A-gagnvarið  | <b>395</b> kr./lm. |
| 0058506 | Fura, alhefluð 45x145 mm A-gagnvarið | <b>575</b> kr./lm. |
| 0059954 | Fura, alhefluð 95x95 mm A-gagnvarið  | <b>815</b> kr./lm. |

Vnr. 0058254

**Girðingarefni**

Fura, alhefluð, 22x95 mm, A-gagnvarið.



Vnr. 0291440

**Girðingareining** **5.590**  
VERBENA FACADE girðingareining, 800x1800 mm.



Vnr. 0291444

**Girðingareining** **3.690**  
VIOLA girðingareining, beint, 800x2000 mm.



KJÖRKASSINN



Er krónan komin yfir það versta?

JÁ	45,8
NEI	54,2

SPURNING DAGSINS Í DAG  
Reynir þú að spara eldsneyti með breyttu aksturslagi?

Segðu þína skoðun á vísir. **vísir**

Konan sem ók á barn við Húsdýragarðinn gaf sig fram eftir lestur Fréttablaðsins:

# Misskildi stöðuna og fór af slysstað

**LÖGREGLUMÁL** Kona sem ók á sjö ára stúlku við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn síðastliðinn laugardag, og fór af slysstað áður en áverkar litlu stúlkunnar lágu fyrir, gaf sig fram við lögreglu í gær.

Rannveig Ögn marðist á öxl og meiddist á viðbeini er hliðarspegill bíls rakst í hana þar sem hún var að ganga yfir götu við Húsdýragarðinn. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær yfirgaf kona sem ók bílnum vettvanginn áður en öll

kurl voru komin til grafar og vissi enginn nærstaddur deili á henni.

Sandra Hraunfjörð, móðir Rannveigar Agnar, segir huldukonuna hafa gefið sig fram eftir að frásögn um málið birtist í Fréttablaðinu í gær.

Mæðgur beygðar eftir að ekkert var á fjögurra ára dótturina við Húsdýragarðinn: Kona ók á litla hnátu og stakk svo af

**Lögumál.** Sjá var að víska góttastíð í vaxandi mynd af henni sem stóð á götu og stóð á henni á hliðarspegilinn. Hún var að ganga yfir götu við Húsdýragarðinn. Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær yfirgaf kona sem ók bílnum vettvanginn áður en öll



**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Sandra Hraunfjörð sagði frá því í Fréttablaðinu í gær að ökuumaður hefði stungið af eftir að keyra á sjö ára dóttur hennar.

Gömul sprengja fannst:

# Sprakk í höndum sérfræðings

**ÞÝSKALAND, AP** Fimm hundruð kílógramma sprengja frá árum seinni heimsstyrjaldarinnar sprakk í Þýskalandi í gær meðan unnið var að því að gera hana óvirka.

Þrjú menn á aldrinum 38 til 55 ára létu lífið og sex særðust. Sprengjan fannst í miðborg Göttingen á sjö metra dýpi á auðri lóð þar sem borgin er að reisa íþróttaleikvang.

Um sjö þúsund íbúum í nágrenninu var gert að yfirgefa heimili sín, en sprengjan sprakk áður en lokið var við að rýma svæðið.

- gar

- gb

## Júnitilboð

**Lóritín**  
10 stk. **389 kr.**  
30 stk. **985 kr.**

**Apótekið** Apótekið Hólagarði, Apótekið Spöng, Apótekið í Hagkaupshúsinu Skeifunni og á Akureyri

# Greiðslur Kjalar aftur skertar um 19 prósent

Greiðslur úr lífeyrissjóðnum Kili hafa verið skertar um nítján prósent í annað sinn frá bankahruni. Fjárfestingar sjóðsins fyrir hrun sæta rannsókn sérstaks saksóknara. Ekkert óeðlilegt við starfsemina, segir framkvæmdastjóri sjóðsins.

**KIARAMÁL** Lífeyrissgreiðslur úr lífeyrissjóðnum Kili, sem er í vörslu Landsbankans, hafa verið skertar um nítján prósent. Þetta var tilkynnt á ársfundum sjóðsins í síðustu viku. Greiðslur úr sjóðnum voru einnig skertar um nítján prósent í fyrra. Alls hefur skerðingin því numið 34,4 prósentum frá hruni.

Halldór Kristinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, segir þetta vera beina afleiðingu af bankahruninu, þar sem sjóðurinn hafi tapað um 20 prósentum eigna sinna. „Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 21 prósent og þá bar sjóðnum lagaleg skylda til að skerða réttindin,“ segir Halldór.

Kjölnur er einn þeirra fimm lífeyrissjóða í vörslu Landsbankans sem sérstakur saksóknari tók til rannsóknar í mars 2009 vegna gruns um að þar hefði verið fjárfest umfram heimildir í tilteknum félögum, meðal annars Landsbankanum og tengdum félögum. Annar sjóðanna fimm, Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands, hafði þá runnið inn í Kjöl. Sú rannsókn stendur enn yfir en er langt komin, að sögn Ólafs Þórs Hauksónar, sérstaks saksóknara.

Halldór segist lítið hafa frétt af rannsókninni. Hann er ekki sakborningur, enda tók hann ekki við sjóðnum fyrr en eftir hrun. Hann segist ekkert hafa séð í störfum sínum fyrir sjóðinn sem bendi til þess að nokkuð óeðlilegt hafi átt sér stað. „Nei, þú sérð að ef þú berð þetta tap saman við tap ann-



ÚR MJÓLKURSAMSÖLUNNI Fyrirverandi starfsmenn Mjólkursamsölnunar hafa orðið fyrir umtalsverðri kjaraskerðingu á undanfögnu ári.

arra lífeyrissjóða sem eru ekki í vörslu hjá bönknum eða fjármálastofnunum þá er þetta mjög samþæfing,“ segir hann.

Halldór segir mikla skerðingu skýrast af því að sjóðurinn sé lokaður, sem þýðir að enginn greiðir lengur í hann iðgjöld. Slíkir sjóðir séu mun viðkvæmari fyrir skakkaðum vegna fjárfestinga heldur en sjóðir sem geta treyst á innkomu til framtíðar.

Kjölnur varð til árið 2007 þegar fimm lífeyrissjóðir sameinuðust; Lífeyrissjóður Mjólkursamsölnunar, Eftirlaunasjóður Olíuverslunar Íslands, Lífeyrissjóður starfsmanna Aburðarverksmiðjunnar og Lífeyrissjóður Eimskipafélags Íslands.

Sjóðfélagar er um 4.500 og þar af fá yfir 800 nú greitt úr sjóðnum. **stigur@frettabladid.is**

## Ný prjónablöð frá Dale með íslenskri þýðingu

**A4** Skrifstofa og skóli

Smáratorgj 1 • Kópavogi Sími 580-0000 • a4.is  
Gleráreyrum • Akureyri Sími 580-0060 • a4.is

Seðlabankinn tortrygginn vegna auglýsingar um viðskipti með krónur og evrur:

# Auglýsandi afneitar gjaldeyrisbrotum

**FJÁRMÁLAVIÐSKIPTI** Seðlabankinn brást í gær við auglýsingu í Fréttablaðinu þar sem óskað var eftir erlendum aðilum sem eigi íslenskar krónur, ríkisskuldabréf eða aðrar eignir á Íslandi.

Áð því er fram kom í fréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi ályktar Seðlabankinn að ætlun auglýsandans kunni að brjóta gegn gjaldeyrisbrotum sem hér gilda. Auglýsingin er nafnlaus en vísað er í netfang og símanúmer í Lúxemborg.

„Ég er bara útlendingur sem bý í Lúxemborg og er að auglýsa eftir öðrum útlendingum sem eiga íslenskar krónur, það er ekkert ólöglegt við það,“ svaraði karlmaður á fullkominni íslensku í hinu uppgefna númeri.

Maðurinn neitaði að segja til nafns en kvæð hafa búið ytra um árabíl og hvorki vera bankamaður né útrásarvikingur. „Ef þú hefur ekki áhuga á að selja mér íslenskar krónur eða kaupa gjaldeyri þá hef ég ekkert við þig að tala,“ svaraði nafnlaus maðurinn en upplýsti þó að hann vanti íslenskar krónur til að ganga frá tilteknum viðskiptum. Á sama tíma og hann fái ekki krónurnar keyptar geti Seðlabankinn og íslensku lífeyrissjóðirnir keypt krónur á aflandsmarkaði í Lúxemborg. Það sé veruleg mismunur.

„Svo ég ákvað að auglýsa bara sjálfur. Ég er útlendingur og ég má eiga þau viðskipti sem mér



SEÐLABANKI ÍSLANDS Auglýsing sem beint var til erlendra aðila þar sem óskað er eftir viðskiptum með íslenskar krónur vekur spurningar í Seðlabankanum.

sýnist. Ég er bara að óska eftir heildarlegum einstaklingum sem vilja eiga heildarleg viðskipti,“ segir auglýsandiinn sem aðspurður kveðst hafa fengið „fullt“ af viðbrögðum.

- gar



# 3G NetFrelsi

Upplifðu fullkomið frelsi á ferðalagi um landið!  
Þú fyllir á þegar þér hentar og greiðir ekkert fast mánaðargjald.

Þú getur valið um tvær upphæðir til áfyllinga í 3G NetFrelsi.  
Fylltu á fyrir 1.990 kr. og fáðu 4 GB eða 3.990 kr. og þú færð 8 GB.

3G NetFrelsi bíður þín á [siminn.is](http://siminn.is)

Það er **Síminn**   
800 7000 • [siminn.is](http://siminn.is)



1. Hvar á landinu eru þrettán skólakrakkar að reisa torfbæ?
2. Hve háa fjárhæð gætu mótshaldarar Landsmóts hestamanna á Vindheimamelum þurft að endurgreiða fyrir miða keypta í forsölu?
3. Hvaða leikskáld neitar að taka við tilnefningum til Grímuverðlaunanna?

SVÖRIN ERU Á Síðu 58

Mankell kominn til Svíþjóðar eftir að hafa verið í skipalest sem Ísraelar hertóku:

## Þeir skutu á sofandi fólk

**ÍSRAEL.** „Þeir skutu á sofandi fólk,“ segir sænski rithöfundurinn Henning Mankell, höfundur bókanna um lögregluforingjann Wallander. „Okkur var rænt.“ Hann var í hópi yfir 600 manna frá yfir tuttugu þjóðum sem voru í skipalest sem Ísraelsher réðist á þegar hún var á leið með hjálpargögn til Gasa.

Mankell kom til Gautaborgar í gær eftir að hafa verið slegpt úr haldi ásamt þremur öðrum úr hópi ellefu Svía. Níu manns, fjórir þeirra Tyrkir, biðu bana í árás Ísraelshers á eitt skipanna. Alls var um 120 manns úr hópnum vísað frá



**MANKELL.** „Í skipinu þar sem ég var fundu þeir eitt einasta vopn og það var raknhifurinn minn.“

Ísrael í gær og 500 til viðbótar biðu brottvísunar.

Aðgerðir Ísraelsmanna gegn skipinu hafa verið fordæmdar víða

á alþjóðavettvangi. Tyrkir hafa kallað sendiherra sinn heim frá Ísrael. Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, segir ástandið á Gasa „ósjálfbært“, að sögn BBC. Össur Skarphéðinsson, utanríkisráðherra, telur koma til greina að Íslendingar slíti stjórnmalasambandi við Ísrael í kjölfar atviksins.

Ísrael hefur haldið uppi hafnbanni frá því Hamas komst til valda á Gasa. Innflutningur er nú fjórðungur þess sem var fyrir þremur árum. Fimmtán hundruð þúsund íbúa skortir nauðpurftir. -pg

Styttist í að veiðar hefjist:

## Vart varð við makríl við Eyjar

**SIÁVARÚTVEGUR** Júpíter ÞH, skip Ísfélags Vestmannaeyja, varð í síðustu viku vart við makríl skammt undan Eyjum. Lítilræði af honum ánetjaðist er verið var að prófa nýja gerð trolls að sögn Eyþórs Harðarsonar, útgerðarstjóra Ísfélagsins.

Huginn VE fer í kvöld út til þess að leita makrils. Huginn, sem er aflahæsta íslenska makrílveiðiskipið, landaði fyrsta makríl-farmi sínum í fyrra 5. júní. Heimilt er að veiða allt að 130 þúsund tonn af makríl í sumar. -shá

# Slit hefðu lítil áhrif á daglegt líf

## FRÉTTASKÝRING

Hvað gerist ef stjórnmalasambandi við annað ríki er slitið?

„Ef við slítum stjórnmalasambandi eignum við ekki lengur konsúl eða sendiráð í viðkomandi ríki. Að slíta stjórnmalasambandi er mjög formlegur gjörningur, sem hefur tiltölulega lítil áhrif á daglegt líf fólks,“ segir Silja Bára Ómarsdóttir alþjóðastjórnmalafraeðingur og aðjúnkt við Háskóla Íslands. Hún tekur sem dæmi að ef fólk týni vegabréfum leiti það til konsúls eða sendiráðs í viðkomandi landi, sem er ekki til staðar þegar stjórnmalasambandi er slitið. „Þá er enginn sem nýtir þessarar verndar sem diplómatsk tengsl skapa. Það er í raun og veru það sem gerist.“

„Hins vegar er náttúrulega ástæðan fyrir því að fólk er að fara fram á þetta sú að þetta er pólitísk yfirlýsing um að við tökum ekki þátt í samstarfi við ríki sem kemur svona fram. Það eru náttúrulega skilaboðin sem eru send þó að gjörningurinn sé einfaldur og hafi í sjálfu sér ekki mikil bein áhrif. Síðan hefur það kannski ekkert sérstaklega mikið að segja ef Ísland eitt segir upp þessum samskiptum.“ Ísland hafði ekki verið með bein stjórnmalatengsl við neitt óskaplega mörg ríki þangað til farið var í framboð til Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. „Þá var unnið mjög markvisst í því að koma á beinum tvíhliða stjórnmalatengslum við fjöldamörg ríki vegna þess að það

opnar samskiptaleiðir. Það er markmiðið með þessum tengslum, að hafa samskiptaleiðir. Þá eru með fulltrúa í öllum ríkjum sem geta gengið erinda og gætt hagsmuna sinna borgara.“

Viðskiptaþvinganir skiluðu hvað mestum árangri í málefnum Suður-Afríku á sínum tíma og segir Silja að ef hún þyrfti að velja myndi hún segja að bæði ætti að slíta stjórnmalasambandi og sniðganga. „Mín tilfinning er að sniðgangan myndi skila meiri árangri. Þá ertu með pólitísku tengslin opin en lætur almennungur í landinu finna fyrir því að stjórnvald séu að hegða sér á máta sem er algjörlega óásættanlegur. Það hefur miklu meiri bein áhrif og skapar



**SILJA BÁRA ÓMARSDÓTTIR**

þrýsting innanlands. Það hljómar kannski kaldranalega, að reyna að hafa áhrif á þjóðina, en það verður að fá ísraelsku þjóðina með – að hún snúist gegn þessari stefnu. Það gerist kannski ekki fyrr en þjóðin fær að finna fyrir því að vera sniðgengin.“ Silja nefnir að eitt áhrifamesta atriðið í Suður-Afríku hafi verið að íþróttaliðum hafi verið meinað að taka þátt í alþjóðlegum mótum.

thorunn@frettabladid.is



**MÓTMÆLT VÍÐA** Árás Ísraela á hjálparskip á alþjóðlegu hafsvæði hefur vakið upp mikla reiði. Meðal annars á Íslandi hefur þess verið krafist að stjórnmalasambandi við Ísrael verði slitið. Utanríkisráðherra, sem sést hér í mótmælunum, hefur sagt að til greina komi að slíta sambandinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Ísland hefur slitið stjórnmalasambandi

Í síðasta þorskastríðinu, árið 1976, sleit Ísland stjórnmalasambandi við Breta. Sendiherrar ríkjanna voru kallaðir heim, en sambandinu var komið aftur á síðar sama ár. „Munurinn er að þar voru algjörlega okkar eigin hagsmunir í húfi og þetta voru bein skilaboð til þeirra sem við vorum í deilum við,“ segir Silja Bára. Hún segir það hafa verið mjög í samræmi við utanríkisstefnu Íslands í kalda stríðinu. Sú stefna hafi aðeins verið að breytast. „Við höfum verið að taka aðeins meiri þátt í alþjóðlegum verkefnum, og átta okkur á því að okkar beinhörðu hagsmunir eru ekki alltaf það eina sem skiptir máli heldur skiptir máli að friður og velmegun ríki annars staðar í heiminum til þess að okkar öryggi sé tryggt.“ Það væri því rof við fyrri utanríkisstefnu að slíta stjórnmalasambandi nú, en þó í samræmi við breytingar á stefnunni síðustu ár og stefnu núverandi ríkisstjórnar.



**SKJÖLIN AFHENT** Jerzy Miller innanríkisráðherra tekur á móti afriti samtalanna. NORDICPHOTOS/AFP

Samtöl flugstjóra birt:

## Forseti virðist hafa skipt sér af

**PÓLLAND, AP** Upptökur úr flugstjórnarklefa pólsku farþegaþotunnar, sem fórst með helstu ráðamönnum þjóðarinnar í Rússlandi í apríl, leiða í ljós að flugmenn vélarinnar töldu óráðlegt að lenda.

Mariusz Kasana, embættismaður pólska utanríkisráðuneytisins, heyrir hins vegar bera skilaboð milli flugmanna og forseta Póllands, Lech Kaczyński, sem virðist hafa verið ósáttur við að þurfa frá að hverfa.

Með vélinni fórust 96 manns sem hugðust taka þátt í minningarathöfn um fjöldamorðin í Katyn-skógi. -gb

# Útsöluulok!

Húsgagnalagersölunni okkar að Vesturvör 29 í Kópavogi lýkur í dag, fimmtudag. Opíð frá kl. 13-18. Allt að 90% afsláttur af völdum tegundum húsgagna.

Allt að  
**90%**  
afsláttur



**PENNINN**

Með þér í vinnunni



ÍTARLEG DAGSKRÁ Á  
WWW.HAFNARFJORDUR.IS

# BJARTIR DAGAR

Í HAFNARFIRÐI  
2. – 6. JÚNÍ  
2010

Tónleikar  
Myndlistarsýningar  
Söng- og leiksýningar  
Sumarhlaup Atlantsolíu og FH  
Söngurinn ómar  
Hans Klaufi í Hellisgerði  
Rafha-sýning Byggðasafnsins  
Lifandi bækur  
Trúbadorakeppni  
Söguslamm  
Rattleikur  
Ljóðin í bænum  
Fuglaskoðun  
Harmonikkutónar  
Sundknattleikur  
Sjósund  
Lokaball  
og ótal margt fleira ...

## GAKKTU Í BÆINN Í KVÖLD KL 18-22

- Opið hús hjá listamönnum o.fl.
- Tónleikar í Bæjarbíói
- Verslanir opnar lengur í kvöld

Þétt dagskrá alla dagana  
Nánar á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

Gleðjumst saman á  
bjartasta tíma ársins



HAFNARFJÖRÐUR



**FUGLAR VIÐ MEXÍKÓFLÓA** Þessir brúpelikanar á eyju undan strönd Louisiana-ríkis eru í hættu staddir eins og aðrir fuglar við Mexíkóflóa vegna olíulekans. NORDICPHOTOS/AFP

Norsk-íslenska síldin:

## Fyrsta síldin til Vopnafjarðar

**SIÁVARÚTVEGUR** Vinnsla á síld hófst síðdegis á mánudag hjá fiskiðjuveri HB Granda á Vopnafirði. Unnin var síld úr Lundey NS sem kom þangað með um 300 tonna afla. Veidar úr norsk-íslenska síldarstofninum eru nýhafnar og er þetta fyrsti farmurinn sem berst til Vopnafjarðar á vertíðinni.

„Það er áta í síldinni og hún er frekar horuð eins og við er að búast í byrjun vertíðar,“ sagði Magnús Róbertsson, vinnslustjóri á Vopnafirði. Ingunn AK er nú á síldveiðum djúpt norðaustur af Vopnafirði en ákveðið var að bíða með að senda Faxa RE til veiða vegna sjómannaþagsins. - shá

### EVROPUSAMBANDIÐ

#### Útblástur minnkaði

Útblástur gróðurhúsalofttegunda frá löndum Evrópusambandsins minnkaði um tvö prósent á árinu 2008, að því er fram kemur í skýrslu frá umhverfisstofnun sambandsins.

### PÓLLAND

#### Svikahráttur handtekinn

Bandarískur fjárvikari, Alexander Efrogman, hefur verið handtekinn í Póllandi. Hann er sagður hafa haft fimm milljónir dala af viðskiptavinum tveggja vogunarsjóða, sem hann stjórnaði.

## Seðlabankinn kynnti í gær rit um fjármálastöðugleika og horfur í þeim efnum: Stutt í að botninum verði náð

**EFNAHAGSMÁL** „Líklega er stutt í að botninum í efnahagssumsvifum sé náð,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri í kynningu á ritinu Fjármálastöðugleika 2010. Margvíslegur árangur hafi náðst við endurreisn stöðugleika og virkis og öruggs fjármálakerfis.

Már vísar til styrkingar krónunnar að undanförunu og hjóðnun- ar verðbólgu. „Önnur endurskoðun efnahagsáætlunar stjórnvalda í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn [AGS] og sá aðgangur að erlendum lánnum frá sjóðnum, Norðurlöndunum og Póllandi

sem fékkst við hana hefur eytt óvissu um getu Íslands til að ráða við þungar afborganir af erlendum lánnum á árunum 2011 og 2012. Þetta hefur þegar haft þau áhrif að horfur um lánshæfismat hafa batnað. Nýlegir samningar um kaup á krónueignum sem veðsett- ar höfðu verið seðlabankanum í Lúxemborg og áframsala þeirra til innlendra lífeyrissjóða styrkja gjaldeyrissforðann enn frekar auk þess að vera mikilvægar forsendur fyrir afnámi gjaldeyrishafta, segir hann.

Már segir næsta skref í afnámi



**STINGA SAMAN NEFJUM** Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabanka Íslands, og Már Guðmundsson seðlabankastjóri. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

gjaldeyrishafta bíða þriðju endurskoðunar áætlunar stjórnvalda og AGS. - óká

Sí bendir á brotalöm:

## Áhætta banka er yfir mörkum

**EFNAHAGSMÁL** Stórar áhættuskuldbindingar bankanna eru yfir leyfilegum mörkum, segir í Fjármálastöðugleika 2010, nýju riti Seðlabankans.

FME lítur eftir stórum áhættuskuldbindingum hjá samstæðum viðskiptabanka. Þær námu 318 milljörðum í lok 2009. Tuttugu og fimm skuldbindingar voru meira en tíu prósent af eiginfjárgrunni. „Athygli vekur að fjórar áhættuskuldbindingar námu meiru en 25 prósent hámarki reglnanna,“ segir í ritinu. - óká

# Vændiskaupendur í felum

Aðeins einn af ellefu ákærðum vændiskaupendum mætti við þingfestingu vændiskaupamálsins svokallaða í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Aðrir sakborningar biðu í nágrenni dómhússins til að forðast fjölmiðla.

**DÓMSMÁL** Aðeins einn sakborningur í vændiskaupamálinu svonefnda mætti í dómssal í Héraðsdómi Reykjavíkur þegar mál á hendur ellefu meintum vændiskaupendum voru þingfest í gær. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins biðu einhverjir hinna sakborninganna í nágrenni dómhússins, þar sem verjendur þeirra höfðu gert þeim viðvart um að fjölmiðlar væru mættir í héraðsdóm.

Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu kærði upphaflega sautján manns fyrir kaup á vændi á vegum Catalinu Mikue Ncogo, sem nú bíður dóms. Kærurnar voru lagðar fram á grundvelli símhlerana og fleiri gagna sem aflað var með húsleitum. Ríkissaksóknari hefur nú ákært ellefu þeirra, eins og áður sagði. Hinir sex, sem ekki voru ákærðir neituðu staðfestlega sök, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins.

Kaup á vændi eru brot á ákvæði almennra hegningarlaga. Í ákvæðinu segir að hver sem greiði eða heiti greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skuli sæta sektum eða fangelsi allt að einu ári. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins greiddu kaupendur um tuttugu þúsund krónur fyrir þjónustuna í hvert skipti. jss@frettabladid.is



**EINN MÆTTI** Aðeins einn meintur vændiskaupandi af ellefu ákærðum mætti við þingfestingu í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, þegar myndin var tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Krafa um frávisun

**Vilhjálmur H. Vilhjálmsson** hrl., verjandi tveggja sakborninga í vændiskaupamálinu ætlar að leggja fram frávisunarkröfu vegna skjólstæðinga sinna í málinu. Hann hyggur að flestir verjendanna í málinu muni einnig leggja fram slíka kröfu.

Vilhjálmur grundvallar sína kröfu á því að í ákæru sé mönnum gefið að sök að hafa greitt fyrir vændi á tímabili sem sé ekki nægjanlega vel skilgreint.

„Ég tel að þetta sé ekki fullnægjandi verknaðarlýsing. Nákvæmlega þurfi að koma fram hvenær brotið hafi átt sér stað, gagnvart hverjum og hvað hafi nákvæmlega falist í



brotnu. Ég man ekki áður eftir því að hafa séð ákæru í kynferðisbrotamáli þar sem hinn meinti brotþoli er ekki nafngreindur.“

Þá hyggst Vilhjálmur gera þá kröfu til dómara, staðfesti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms um lokað þinghald, að fjölmiðlafólki verði bannaður

aðgangur að dómhúsinu meðan þinghald stendur yfir í vændiskaupamálinu. Jafnframt að þeim verði bannað að taka myndir af sakborningum á leið inn í dómhúsið og út úr því. Það hefur ekki gerst fyrr. Hann segir lokað þinghald í málinu engum tilgangi þjóna sé hægt að mynda sakborninga, brotþola og vitni á leið í og úr dómssal.

### Skal fyrir dómstóla

Vændiskaupamálið sem þingfest var í Héraðsdómi í gær er hið fyrsta sinnar tegundar sem fer fyrir dómstóla hér á landi. Ekki er unnt að ljúka slíkum málum á staðnum með lögrelustjórasetk, því til þess vantar heimild í lögum, að sögn **Valtýs Sigurðssonar** ríkissaksóknara. Það verður því að fara fyrir dómstóla.

„Ríkissaksóknari fer með ákærvald í kynferðisbrotamáli en sektarheimildir lögreglu



ná til þeirra málaflokka sem lögrelustjórar hafa ákærvald í,“ útskýrir Valtýr.

Hann segir jafnframt að í nágrennalöndum, til að mynda Noregi, geti lögreglu lokið málum af þessu tagi með lögrelustjórasetk. Hann segir að þegar lína sé komin í refsingar vændiskaupamála, eftir að fyrstu málin hafi farið fyrir dóm, sé hægt að hugleiða að færa þær yfir í lögrelustjórasetk.

# Mekatróník tæknifræði

Skemmtilegt og hagnýtt háskólanám þar sem þú færð að þróa og smíða tæknilausnir framtíðarinnar

### MEKATRÓNÍK

Mekatróník tæknifræði er háskólanám og boðið er upp á námið í samstarfi við Háskóla Íslands, sem útskrifar nemendur skólans. Nám til mekatróník tæknifræðings hjá Keili tekur tæp þrjú ár og hægt er að klára B.Sc. gráðu á tveimur árum. Kennsla og verklegar æfingar fara fram í fyrsta flokks aðstöðu í nýuppgerðum kennslustofum Keilis á Ásbrú. Aðstaða til náms og rannsókna er með því sem best gerist hér á landi.

Námið er lánshæft hjá LÍN. Nánari upplýsingar á keilir.net

Umsóknarfrestur er til 7. júní 2010.



**Keilir**  
Miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs

Brotamaður áfram inni:

## Barði mann með skiptilykli

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem dæmdur var í síðasta mánuði í þriggja ára fangelsi fyrir að slá mann í höfuðið með skiptilykli, hefur verið dæmdur til að sitja í gæsluvarðhaldi til 24. júní. Hann rauf skilorð vegna eldri dóms þegar hann sló annan mann nokkrum sinnum í höfuðið með skiptilyklinum. Sá sem fyrir árásinni varð fékk þrjá stóra skurði á höfuðið.

Skal maðurinn sitja í gæsluvarðhaldi meðan frestur til að áfrýja dóminum til Hæstaréttar stendur.

Sérstakur saksóknari og Fjármálaeftirlitið fá ný mál tengd viðskiptum innherja til rannsóknar:

## Mál tengd Byr komin á borð saksóknara

**DÓMSMÁL** Sex mál sem tengjast stjórnendum Byrs sparissjóðs hafa verið send sérstökum saksóknara og til Fjármálaeftirlits.

Fyrirverandi stjórn Byrs vísaði málinu áfram skömmu fyrir yfirtöku ríkisins á sparissjóðnum í apríl, að sögn Ólafs Þórs Haukssonar, sérstaks saksóknara. Málin koma til viðbótar þeim málum sem tengjast Byr og þegar eru í skoðun hjá embættinu.

Eftir því sem næst verður komist tengjast málin, svo sem grunur um innherjaskvik í tengslum við viðskipti með stofnfjárlhuti Ragnars Z. Guðjónssonar, fyrirverandi sparissjóðsstjóra, Atla Arnar Jónssonar, fyrirverandi framkvæmdastjóra viðskiptabankasviðs, og Sighvats Sigfússonar, fyrir-

verandi framkvæmdastjóra fjármálasviðs.

Þá sagði RÚV í gær eitt málanna tengjast Jóni Björnssyni, eiginmanni Sigrúnar Bjarkar Jakobsdóttur, fyrirverandi bæjarstjóra á Akureyri. Hann er grunaður um að hafa selt hlut í Lífsvali, sem á hátt í fimmtíu jarðir víða um land, til Byrs á yfirverði. Jón Þorsteinn Jónsson, stjórnarformaður Byrs, var einn eigenda Lífsvals. Fleiri mál eru tengd Jóni Þorsteini, svo sem Exetermálið svokallaða, sem fólst í lánveitingu Byrs til kaupa á stofnfjárlhutum í Sparissjóðnum af MP Banka.

- jab

**SÉRSTAKUR SAKSÓKNAR** Ekki er útilokað að ákært verði í nokkrum málum sem tengjast Byr, að sögn Ólafs Þórs Haukssonar.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**GRANDATOGARAR** Örfirisey og Perney, eins og önnur Grandaskip, verða bundin við bryggju um helgina í tilefni sjómannaþingsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Um 50 skip á Hryggnum: Betri karfaveiði en síðustu ár

**SJÁVARÚTVEGUR** Aflabrögð hafa verið mjög góð á úthafskarfaveiðum á Reykjaneshrygg undanfarnar vikur. Skip HB Granda hafa veitt vel og má heita að full vinnsla hafi verið um borð í skipunum frá fyrsta degi vertíðarinnar, eins og fram kemur á heimasíðu fyrirtækisins.

Togarar HB Granda fóru fyrr til veiðanna en síðustu tvö ár vegna lakari kvótastöðu í karfa og þorski á heimamíðum en oftast áður.

Skipstjórar telja að það sé meira af karfa á Hryggnum í ár en undanfarin ár. Um 50 skip, innlend sem erlend, eru að veiðum á afmörkuðu svæði í nágrenni íslensku lögsögumarkanna. - shá

Viljayfirlýsing undirrituð:

## Fiskeldi byggt upp á Flúðum

**FISKELDI** Hrunamannahreppur, Íslensk matorka ehf. og Matís ohf. undirrituðu á fimmtudag viljayfirlýsingu um uppbyggingu á orkufrekum matvælaíðnaði á Flúðum, sem felur meðal annars í sér hlývatnseldi á hvítum matfiski.

Uppbyggingin verður unnin í samstarfi við Orkustofnun, sem verður leiðbeinandi og ráðgefandi. Hlývatnseldi byggir á nýtingu á volgu vatni og raforku. Í tilkynningu frá Íslenskri matorku segir að uppbygging í orkufrekum matvælaíðnaði falli vel að nýtingaráformum á orku- og jarðhita, öðrum matvælaíðnaði og matvælatengdri ferðamannaþjónustu í sveitarfélaginu.

Gert er ráð fyrir að á annan tug nýrra starfa skapist við sjálft hlývatnseldið, auk annarra afleiddra starfa. - bs

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Brotist inn í þrettán bústaði** Tilkynnt var um þrettán innbrot í sumarþústaði í nágrenni Borgarness í síðustu viku. Nokkrar skemmdir voru unnar en ekki miklu stolið. Í einum bústaðnum dvaldi eldri kona og flúðum þjófarnir þegar þeir urðu hennar varir. Aðrir bústaðir voru mannláusir.

# Sjóðir sem bera ávöxt

Enginn munur á kaup- og sölugengi fram til 1. júlí

### Fjölbreyttar sparnaðarleiðir

Landsbankinn býður úrval ríkisskuldabréfa-, skuldabréfa- og hlutabréfasjóða, þar sem stórir og litlir fjárfestar geta ávaxtað fé sitt. Síðastliðið ár skiluðu sjóðirnir betri ávöxtun en innlánsreikningar. Fé í sjóðum má alltaf innleysa.

### Sjóðir í áskrift

Sjóðir henta vel fyrir reglubundinn sparnað. Viðskiptavinir njóta þess að enginn munur er á kaup- og sölugengi í áskrift. Í hverjum mánuði hljóta tveir heppnir viðskiptavinir 20.000 kr. viðbót við eign sína. Dregið verður úr nöfnum þeirra sem hafa verið í áskrift að sjóðum í að minnsta kosti eitt ár.

Ávöxtun *	Ríkisskuldabréfasjóðir				Blandaðir skuldabréfasjóðir			Hlutabréfasjóðir		
	Reiðubréf ríkistrygð <sup>1</sup>	Sparibréf stutt <sup>1</sup>	Sparibréf meðallöng <sup>1</sup>	Sparibréf löng <sup>1</sup>	Markaðsbreyt Landsbankans - stutt <sup>1</sup>	Markaðsbreyt Landsbankans - meðallöng <sup>1</sup>	Markaðsbreyt Landsbankans - löng <sup>1</sup>	Úrvalsbréf Landsbankans <sup>2</sup>	Landsbanki Global Equity Fund <sup>1</sup>	Landsbanki Nordic 40 <sup>1,3</sup>
	7,09%*	9,56%*	13,24%*	15,05%*	15,07%*	15,35%*	16,88%*	33,29%*	17,16%*	30,01%*

Áhætta

FJÁRMÁLARÁÐGJÖF | landsbankinn.is | 410 4040



Rekstrarfélag sjóðanna er Landsvaki hf. og vörslufélag þeirra er NBI hf. (Landsbankinn). Sjóðirnir eru starfræktir í samræmi við l. nr. 30/2003 og löta eftirliti Fjármálaeftirlitsins. Áhætta fylgir ávallt fjárfestingu í sjóðum þar sem gengi þeirra getur bæði hækkað og lækkað. Ávöxtun í fortíð getur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur. Fjárfesting í fjárfestingarsjóði telst almennt áhættumeiri en fjárfesting í verðbréfasjóði. Nánari upplýsingar má finna í útbodslýsingu sjóða og útráttum úr þeim á landsbankinn.is og á landsvaki.is. Fjárfestum er bent á að kynna sér vel útbodslýsingar sjóða áður en fjárfest er í þeim.

\* Nafnávöxtun sl. 12 mánuði m.v. 28. maí 2010

1. Sjóðurinn er verðbréfasjóður.  
2. Sjóðurinn er fjárfestingarsjóður.  
3. Sjóðurinn er í evrum. Vegna gjaldeyrishatta er ekki mögulegt að fjárfesta í sjóðum sem skráðir eru í erlendri mynt nema um endurfjárfestingu sé að ræða.



## ALLTAF OPIÐ Í N1 STAÐARSKÁLA Í SUMAR



N1 Staðarskáli hefur nú bæst í hóp þeirra N1 stöðva sem eru opnar allan sólarhringinn.

Renndu við hvenær sem þér hentar til að fá þér bita, kaffi og með því eða fylla á tankinn.



OPIÐ ALLAN  
SÓLARHRINGINN

- Hringbraut
- Ártúnshöfða
- Lækjargötu, Hafnarfirði
- Háholti, Mosfellsbæ
- Selfossi
- Staðarskála

**Nesti**

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

Sóttvarnalæknir varar við streptokokkasýkingu í hrossum:

## Hestar hafa smitað menn

**HEILBRIGÐISMÁL** Þess eru dæmi erlendis að fólk hafi smitast af hestum af streptokokkasýkingu þeirri sem nú herjar á hross hér.

Þetta segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir, sem beinir því til hestafólks að hafa varann á vegna þessa.

„Fræðibækur segja að þetta smit sé ekki algengt milli hesta og manna. En það getur og hefur komið fyrir og í sumum tilvikum hefst meiri háttar sýking upp úr því,“ útskýrir Haraldur. Það er bakterían *Streptococcus equi* Zooepidemicus sem greinst hefur í

sumum þeirra hrossa sem sýkst hafa af hóstapestinni sem getur einnig valdið sýkingum í fólki. Þótt slíkar sýkingar séu fátíðar er fólk sem umgengst veika hesta samt hvatt til að gæta fyllsta hreinlætis, að sögn Haraldar. Mikilvægast er að fólk því sér vel um hendur eftir að hafa sinnt hrossunum og noti andlitsgrímur. Fá fólk sem umgengst oft hesta hita og háls-særindi ætti það að leita læknis. Hægt er að staðfesta sýkingu með hálsræktun. Læknir metur hvort ástæða sé til meðhöndlunar.

- jss



**HESTAPESTIN** Sóttvarnalæknir minnir þá, sem umgangast veik hross, á hreinlæti.

## Telur landlækni geta borgað rannsóknina

Heilbrigðisráðherra telur enga þörf á því að stjórnvöld hlapi undir bagga með landlækni við að fjármagna rannsóknir. Embættið hafi verið vel haldið fjárhagslega. Landlæknir segir embættið ekki styrkja rannsóknir að öllu jöfnu.

**HEILBRIGÐISMÁL** Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra hafnar því með öllu að landlæknisembættið hafi ekki getað gert rannsókn á mannlegum mistökum innan íslenskra sjúkrahúsa vegna kostnaðar. Embættið hafi verið mjög vel haldið fjárhagslega á undanförunum árum.

Fréttablaðið sagði frá því í gær að rannsókn væri hafin á vegum Landlæknisembættisins á tíðni „óvæntra skaða“ á Landspítalanum og Sjúkrahúsinu á Akureyri. Staðið hefur til að gera rannsókn sem þessa í nokkur ár en af því hefur ekki orðið vegna fjárskorts, að sögn Sigurðar Guðmundssonar, forseta Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands og fyrrverandi landlæknis, sem er ábyrgðarmaður rannsóknarinnar. Rannsóknin kostar um átta milljónir króna en þegar liggur fyrir styrkur frá heilbrigðisráðuneytinu og Félagi hjúkrunarfræðinga að upphæð 700 þúsund krónur.

„Mér finnst eðlilegt að farið sé í rannsókn sem er sambærileg við þær sem aðrar þjóðir hafa gert, telji menn þess þörf. En ég kaup ekki þau rök að það hafi ekki verið hægt að gera þessa rannsókn vegna fjárskorts,“ segir Álfheiður. „Þegar ég auglýsti eftir nýjum landlækni hér fyrir áramót þá kom fram að það stæði til að efla eftirlitshlutverk landlæknis. Það má skilja það bæði með tilliti til kreppunnar, en kannski líka að manni finnst ekki að þessu eftirliti hafi verið sinnt nægilega vel á undanförunum árum.“

Hún segir að landlæknisembættið hafi fengið ríflegar fjárveitingar



**FRÁ LANDSPÍTALANUM** Heimfærð tölfræði erlendra rannsókna bendir til að 200 manns deyi árlega vegna mannlægra mistaka á LSH. Myndin tengist ekki fréttinni beint.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**GEIR GUNNLAUGSSON**



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**

á undanförunum árum og embættið hafi haft jákvæðan höfuðstól upp á um þrjátíu milljónir króna árið 2008 og ef rannsóknir séu taldar nauðsynlegar hljóti þær að vera forgangsatríði þar innan dyra.

Geir Gunnlaugsson landlæknir

segir að ákveðinn afgangur hafi verið af rekstrarfé sem færst hafi á milli ára. Það hafi tekist með harðri fjármálastjórn. Geir segir að það hafi ekki verið nýtt í rannsóknina enda styrki embættið ekki rannsóknir að öllu jöfnu. Hann er ekki þeirrar skoðunar að ráðuneytið eigi að reida fram átta milljónir til að klára rannsóknina.

Hann segir það fullan ásetning sinn að rannsóknin verði framkvæmd og embættið leggi henni lið með mannafla og faglegu innleggi. Fáist ekki styrkirinn þýði það ekki að rannsóknin verði ekki unnin og til greina komi að embættið láti fé renna til verksins síðar, komi upp sú staða.

svavar@frettabladid.is

Til eru fyrirtæki í eigu bankanna sem geta farið beint á hlutabréfamarkað:

## Áhætta fylgir markaðsskráningu

**VIÐSKIPTI** Mikill ábyrgðarhlutur er að setja fyrirtæki í almenna sölu á hlutabréfamarkaði og bjóða þannig öðrum en fagfjárfestum að kaupa vegna áhættunnar sem fylgir slíkum kaupum, segir Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka.

Þóroddur Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar hefur lýst efasemdum um að byrja eigi á að selja fagfjárfestum, sem síðar skrái fyrirtækin á markað. Birna segir hins vegar langflest fyrirtæki sem fengið hafa fjárhagslega endurskipulagningu þurfa tíma til þess að laga reksturinn að skuldum sem enn sitja í þeim.

„Auk þess eru margir óvissuþættir í rekstrarumhverfi fyrirtækja í dag. Ég held því að í flestum tilvikum sé betra að selja slík félög í opnu ferli til fagfjárfesta sem framkvæmt hafa áreiðanleikakönnun áður en hann ræðst út í fjárfestinguna,“ segir hún. Þeir geti svo undirbúið fyrirtækin fyrir skráningu á hlutabréfamarkað. Ella þyrftu bankarnir að eiga fyrirtækin lengur til þess að gera þau hæf til sölu á almennum hlutabréfamarkaði.

Í dag segir Birna banka einmitt gagnrýnda fyrir að halda of lengi á slíkum eignarhlutum. „En auðvit-



**BIRNA EINARSDÓTTIR** Bankastjóri Íslandsbanka segir langflest fyrirtæki sem fengið hafa fjárhagslega endurskipulagningu þurfa tíma til þess að laga reksturinn að ógreiddum skuldum.

að eru til fyrirtæki í eigu bankanna sem geta farið beint á markað. Það er mikilvægt þar sem uppbygging hlutabréfamarkaðar er mikilvæg forsenda endurreisnarinnar,“ bætir hún við.

- óká



*...saman í*

**4**



*ár*

*...afmælishátíðin byrjar í dag!*

  
**blómaval**  
*1970 - 2010*



6 stk  
Stjúpur  
**599**  
stærri og flottari!



Frábær  
garðyrkjubók  
Vinnan  
í garðinum  
**999**



Stór  
Afmælis-  
blómvöndur  
**1990**



5 kg  
Mosaeyðir  
**2995**



Öll  
gróðurmold  
**25%**  
afsláttur



Úðabrúsi  
**399**



10 stk  
Fjólur  
**799**

...saman í  
**4**  **ár**

# AFMÆLISTILBOÐ Í BLÓMAVALI



Birkikvistur  
**799**



100 sm  
Sýpris  
**999**



67stk  
Stafafura  
**2990**



40stk  
Birki  
**1499**  
takmarkað magn

67stk  
Birki  
**2990**  
takmarkað magn



Öll frá  
**40%**  
afsláttur

  
**blómaval**  
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Dalvík - Akureyri  
Egilsstaðir - Selfoss - Reykjanesbær - Akranes

FRÉTTASKÝRING: Árás Ísraels hers á skipalest með hjálpargögn á leið til Gasa

# „Og hvað ætlið þið nú að gera?“

Ætti atvikið á mánudag að koma á óvart, þegar Ísraels her réðist á skip á leið með hjálpargögn til Gasa og drap að minnsta kosti níu manns um borð? Ekki endilega. Sigríður Víðis Jónsdóttir var í Palestínu.

Það kom mörgum á óvart hversu hreint Ísraels her gekk til verks á mánudag. Það er grimmdarlegt – vitandi að heimspressan fylgdist af ákefð með afdrifum skipsins sem hugðist rjúfa bann Ísraels við siglingum til Gasa.

Í skipinu voru meðal annars krabbameinslyf, leiktæki og mjólkurduft. Tíu tonn af hjálpargögnum. Ísraels her réðst um borð á meðan skipið var enn á alþjóðlegu hafsvæði. Restin var blóðug.

## Fögur orð?

Mönnum ber ekki saman um af hverju fjöldi manns endaði með að vera drepinn. Atvikið vakti almenna vandlætingu – en kemur ekki öllum á óvart.

„Fyrirgefðu, en þetta er sami her og drap 1.300 manns á þremur vikum í loftárásunum á Gasa 2008 – á svæði þar sem fólk var innilokað eins og í búri. Ég get ekki annað en verið hissa á að fólk skuli enn vera hissa á framkomu Ísraels hers,“ skrifaði heimamaður í Ramallah eftir atburðinn.

„Þetta er auðvitað hryllilega sorglegt. En um leið enn ein staðfestingin á því að menn víla ekki fyrir sér að fara út fyrir öll mörk. Og það er eins og menn átti sig ekki á því að við Palestínumenn erum hernumdir af þessum sama her.“

Ég svaraði manningum, kveikti á útvarpinu og hlustaði á fordæmingar sem streymdu inn frá þjóðarleiðtogum og aðalritara SP. Fannst skyndilega eins og ég gæti verið að hlusta á fordæmingu á loftárásunum á Gasa. Eða kannski múrnum sem Ísraels her hóf einn daginn að reisa? Þetta var kunnuglegt stef.

Allt í einu stóð ljóslifandi fyrir augunum á mér palestínska konan sem sat og reykti á kaffihúsinu í Ramallah á Vesturbakkanum í vor. „Menn fordæma Ísraels her og svo gerist ekki neitt, Bandaríkin halda áfram að dæla peningum til Ísraels og Evrópa lítur undan. Það er eins og menn spyrji aldrei í alvörðu: Og hvað ætlum við nú að gera?“

Hún tók stóran smök af sigrettni. „Minnstu síðan ekki á öll fögru orðin um að nú verði að stofna sjálfstætt ríki Palestínu! Og svo gerist ekki neitt og hernám Ísraels heldur bara áfram. Flestir

hérna eru orðnir þreyttir á öllum þessum orðum og vilja bara sjá efndir.“

## Palestínumenn bannaðir

Það er sama batteri og stóð að baki árásinni á mánudag sem stjórnar daglegu lífi Palestínumanna bæði á Gasa og á Vesturbakkanum. Á Gasa ræður það hver fer inn og hver út, íbúum þar er haldið í „risastóru fangelsi“ svo notuð séu orð utanríkisráðherra Íslands.

Á Vesturbakkanum eru vegatálmur um allt og fjöldinn allur af ísraelskum byggðum sem skera sundur land Palestínumanna og eru verndaðar af ísraelska hernum. Þar eru líka vegir sem byggðir hafa verið með hervaldi og einungis Ísraels mega nota. Bíddu, er þetta ekki palestínskt svæði?

Árásin á mánudag sprettur ekki úr tómi heldur er hún angí af stefnu Ísraelsstjórnar sem felur í sér að hvika hvergi þegar kemur að málafnum Palestínumanna. Það á við sama hvort mönnum þótti árásin út úr öllu korti eða réttlætunleg í nafni öryggis Ísraels. Þetta er stefna þar sem ekkert er gefið eftir og þar sem herinn leikur aðalhlutverkið.

## Þögn í miðri borg

Af efri hæð í auðu húsi á Vesturbakkanum blaktir ísraelskur fáni. Brottnir gluggar blasa við, lokaðir hlerar sem búið er að spreya á gyðingastjórnur. Hér bjó áður palestínski fjölskylda en ekki er að sjá að neinn búi þar í dag. Við húsið er þögn – í götunni óeðlilega hljótt. Þetta er aðalgatan í gömlu borginni í Hebron og hingað mega Palestínumenn ekki koma. Nokkur hundruð landtökumenn hafa lagt undir sig miðborgina og breytt henni í draugaborg. Ísraelskir fánar gína yfir auðum götum þar sem áður iðaði allt af lífi.

„Ekki halda að Ísraelsar séu almennt sáttir við hvað er í gangi þarna,“ hvíslar Ísraelsi að mér áður en ég held á staðinn. Ég kinka kolli, það er ekki eins og allir í Ísrael séu sammála harðlínustefnunni. „En samt viðgengst hún,“ hvísla ég á móti.

Markaðurinn í gömlu borginni er margra alda gamall en þar er tómlegt um að litast í dag. Eftir að



landtökumennirnir komu sér fyrir í hjarta borgarinnar – og Ísraelsstjórn ákvað að láta herinn verja þá – voru settar strangar takmarkanir á ferðir Palestínumanna um göturnar. Í kjölfarið lokaði meirihluti verslana í gömlu borginni – sumar fóru á hausinn, öðrum var lokað af ísraelska hernum.

## Störukeppni með hervaldi

Í Hebron mynda hópar ísraelskra hermanna undarlega andstæðu við draugaganginn á markaðinum. Það þarf líka yfirþyrmandi hervald til að ná að rífa hjartað úr sögufrægri borg. Allt til að 86 ísraelskar fjölskyldur hafi getað flutt þangað.

Í sólskini síðla dags gengur ísraelsk unglingsstúlka hnarreist fram hjá nokkrum palestínskum söluhöfðingjum. Tólf hermenn umkringja hana, vopnaðir M16 riffilum. „Taktu eftir því hvað þau eru öll ung...“ hvíslar einn Palestínumannanna. „Þetta eru bara krakkar. Þetta eru allt krakkar sem sjá um hernámið, rétt rúmlega 18 ára.“

Inni í verslun mannsins er ærandi hávaði. Tónlist frá Ísrael. „Dú verður að afsaka,“ segir hann og bendir á stóra hátalara hinum megin við götuna. Þeir snúa beint að versluninni. „Þeir komu þeim upp til að reyna að flæma okkur í burtu. Spila núna tónlist allan sólarhringinn,“ segir hann hálfraðvilltur.

## Gaddavir og grunnskóli

Við auða götu stendur grunnskóli fyrir palestínski börn. Nemendurnir



EBYÐILEGGING Börn á markaðinum í gömlu borginni í Hebron þar sem meirihluta verslana var lokað eftir að ísraelskir landtökumenn tóku miðborgina yfir.

MYND/SIGRÍÐUR VÍÐIS JÓNSDÓTTIR

## Hvað er Gasa?

Gasa er annað tveggja „hertekinna svæða“ Palestínumanna. Ísrael her-tók það árið 1967. Hitt svæðið er Vesturbakkinn svokallaði – vesturbakki Jórdanárinnar. Það er á þessum tveimur svæðum sem rætt er um að stofna sjálfstætt ríki Palestínu. Slíkt ríki er ekki til í dag.

fá náðarsamlegast leyfi hjá Ísraels her til að mæta í skólann – hann er á svæði sem Palestínumenn mega í dag ekki fara inn á. Hluti barnanna þarf á hverjum morgni að fara í gegnum málmeitarhlíð sem gætt er af ísraelskum hermönnum með alvæpni. Hin taka stóran krók og klöngrast svo í gegnum kirkjugarð. Mega ekki fara leiðina sem liggur beint í skólann.

„Börnin eru auðvitað bæði hrædd og kvíðin, auk þess sem mörg þeirra glíma við mikla reiði,“ segir skólástjórinn, Reem Al-Shar-eef. „Tvisvar sinnum hafa landtökumennirnir í hverfinu reynt að brenna skólann og þetta veldur skiljanlega miklu óöryggi. Það gilda líka ekki sömu lög fyrir nemendur mína og ísraelsku börnin í hverfinu. Hermennirnir þurfa ekki neina ástæðu til að handtaka palestínsku börnin.“

Hún tekur dæmi af 13 ára gamalli stúlkunni sem var færð í margra klukkutíma gæsluvarðhald fyrir að henga upp þvott á þaki á húsi sem liggur upp að húsi sem Ísraelsar tóku yfir. „Þeir vildu ekki að hún notaði þakið og því var herinn látinn fjarlægja hana og hún færð í varðhald. Það eru svona hlutir sem börnin hér standa frammi fyrir og auðvitað eru þau dauðskelkuð.“

## Innmúruð Betlehem

Í stað þess að nefna Hebron hefði ég auðvitað getað talað um daglegt líf palestínskra fjölskyldna sem veltur á dyntum ísraelskra hermanna. Ég hefði getað sagt frá Betlehem sem er umkringd átta metra háum steinmúr, aðþrengd og undarleg – veit fólk hvað búið er að gera við Betlehem? Ég hefði getað talað um ófrísku konuna sem ísraelskir hermenn – unglingar – neyddu til að fara út úr bíl sínum og inn í gegnumlýsingartæki, þvert gegn vilja hennar. Á herteknu svæði er bara

einn sem ræður. Og það er ekki á sem er hernuminn.

Þetta er ekki nýtt hernám – það hefur staðið í 43 ár. Hvers konar kynslóðir er verið að ala upp í Palestínu og Ísrael?

Í hlýlegu herbergi í Hebron sitja tólf ungar stúlkur í hring og teikna myndir, hjálpast að við að teikna draumahúsin sín. Ljúka í sameiningu við þök og glugga, garða og leiktæki. Þetta er vikuleg stund á vegum palestínska Rauða hálfmánsans, þar sem börnunum er veitt sál-ræn aðstoð. Verkefnið er styrkt af Rauða krossi Íslands.

„Það er nauðsynlegt að hjálpa börnunum að takast á við þær óvenjulegu aðstæður sem þau búa við,“ segir annar leiðbeinandi. Verkefnið er rekið á nokkrum öðrum stöðum á Vesturbakkanum og hefur gefið góða raun. Auk þess að vinna með kvíða, óöryggi, hræðslu og annað sem börnin burðast með er mikið lagt upp úr samvinnu og virðingu fyrir öðrum.

„Nú ætlum við að búa saman til tvö stór hverfi,“ segir starfsmaður palestínska Rauða hálfmánsans og biður stúlkurnar að líma húsin sín á karton, búa til götur og ákveða í sameiningu hvaða gildi skuli þar í hávegum höfð.

Eftir miklar spekulásjónir stökkva stúlkurnar brosandí á fætur. Í hverfunum þeirra á meðal annars að vera bannað að berjast. Þar á að ríkja samkennd og þar verður að hugsa vel um aðra og hjálpa þeim.

Í draumhverfinu gildir líka eitt sem kannski er mikilvægasta af öllu: Þar eru allir öruggir.

## Sigríður Víðis Jónsdóttir

sigridurvadis@yahoo.com



## Hvað var sagt eftir árásina á mánudag?

„Þetta hlýtur að leiða til tímamóta í samskiptum við Ísrael. Þetta er svo yfirgengilegt.“

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON  
FJÁRMÁLARÁÐHERRA

## Láttu drauminn rætast

Bóklegt einkaflugmannsnámskeið að hefjast

Flugskóli Íslands – einn af skólum Tækniskólans, heldur bóklegt námskeið til einkaflugmanns og hefst námskeiðið 7. júní næstkomandi. Kennir frá kl. 16:30 - 22:00 alla virka daga í 7 vikur.

Nánari upplýsingar má finna á [www.flugskoli.is](http://www.flugskoli.is)

Flugskóli Íslands  
Tækniskólinn

[www.flugskoli.is](http://www.flugskoli.is)

## Hvað var sagt í Gasa-stríðinu 2008?

„Frú forseti. Það er fullt tilefni til að taka þetta mál upp hér því að framferði Ísraels nú gengur gjörsamlega fram af manni.“

STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON  
ÞÁVERANDI ÞINGMAÐUR





# Aukum öryggi sjómanna

## Sjórinn er hættulegur vinnustaður

Um aldirnar hefur sjórinn verið helsta auðlind Íslendinga og samgönguæð. Mikill fjöldi íslenskra sjómanna hefur farist við störf sín á hafinu auk þeirra fjölmörgu sem hafa slasast.

Á síðustu áratugum hafa orðið miklar framfarir í slysavörnum og 2008 var fyrsta og eina árið í sögunni án dauðaslysa við Íslandsstrendur. Öflugar slysavarnir kosta ómælda vinnu og fjármagn – til að geta haldið áfram á sömu braut þurfa allir landsmenn að leggjast á eitt.

Stöndum þétt við bak okkar vösku sjómanna og eflum öryggi þeirra með því að kaupa merki sjómannadagsins 2010. Tökum öll vel á móti sölufólki á næstu dögum.




Félagar Slysavarnafélagsins Landsbjargar taka þátt í sölu merki sjómannadagsins en félagið rekur m.a. Slysavarnaskóla sjómanna um borð í skólaskipinu Sæbjörgu.



**Sýnum stuðning í merki!**

## Útgjöldin

&gt; Verð á einu vinarbrauði



# neytendur

hagur heimilanna

## ■ Neytendasamtökin vara enn við smálánastarfsemi

Neytendasamtökin segja á vefsíðu sinni frá nýjasta útspili sms-lánafyrirtækisins Kredia. Fyrirtækið sendir auglýsingu í lokuðu umslagi til 18 ára ungmenna með áletruninni Leyndó. Auglýsingin lýsir því hvers neyðarlegt það getur verið að vera auralaus ef maður hefur boðið einhverjum á stefnumót. Samtökin vara við starfsemi líkt og þau hafa gert áður. „Markaðssetningin er ágeng og virðist frekar beinast að veikum hópi neytenda sem auðvelt er að freista. Rannsóknarskýrslan er nýkomin út og í síðfræðikafla skýrslunnar er m.a. fjallað um ágenga markaðssetningu á lánunum. Það hversu skuldsett heimilin í raun voru þegar hrúnið varð gerir endurreisnina mun erfiðari en annars. Að lánafyrirtæki skuli markaðssetja rándýr skammtímalán svona grimmt, svona stutt eftir hrúnið er sláandi,“ segir í pistli samtakanna.

## ■ Magnmerkingar drykkja í ólagi á veitingastöðum

Mikil vanhöld eru á því að veitingastaðir tilgreini á matseðlum sínum hversu mikið magn drykkja viðskiptavinir fá fyrir uppsett verð. Neytendastofa gerði úttekt á þessu á 107 veitingastöðum á höfuðborgarsvæðinu. Skoðað var hvort matseðill með verðupplýsingum væri við innganginn og hvort magn væri tilgreint í upplýsingum um drykkjarvörur, til dæmis hvort gosglas sem kostaði 500 krónur innihéldi 33 sentilíttra eða 75 sentilíttra. Niðurstaðan var sú að í rúmlega átta af hverjum tíu tilfellum var verðskrá við innganginn. „Annað var uppi á teningnum þegar skoðað var hvort magn væri tilgreint í upplýsingum um drykki. Einungis 40 prósent veitingastaða voru með þetta atriði í fullkomnu lagi þó svo að fjölmargir veitingastaðir hafi verið með það að hluta til,“ segir í frétt Neytendastofu.

## NEYTANDINN Hallbera Guðný Gísladóttir, fótboltakona í Val:

# Tekur farsímana fantatökum

„Bestu kaupin eru klárlega leðurstígvél frá Vagabond sem ég keypti fyrir tveimur árum. Ég nota þau mjög mikið. Líklega er svona gott leður í þeim. Þau eru algjörliga peninganna virði,“ segir Hallbera Guðný Gísladóttir, sóknarmaður í meistaraflokki Vals. Hún neitar því að stígvélin séu í slíkum verðflokk að raðgreiðslur eða sparnað til nokkurra ára þurfi til að eignast þau.

Hallbera segir alla þá farsíma sem hún hafi átt í gegnum tíðina alverstu fjárfestinguna. Og hefur hún átt þá nokkra. „Þeir endast ekki mjög lengi hjá mér. Ég á það til að missa þá í gólfíð og þeir endast stutt, innan við ár,“ segir hún. „Ef ég næ árinu er ég mjög sátt.“

Hallbera tekur ekki undir að hún flokkist til farsímafanta sem kunní lítið með viðkvæma hluti að fara. „Þetta eru yfirleitt finir símar en í raun algjört drasl sem ekki er gert til að endast lengi,“ segir hún en flestir eyðileggjast farsímarnir þegar hún missir þá í gólfíð. Um fjórir mánuðir eru frá því að síðasti farsími Hallberu gaf upp öndina og fékk hún þann sem hún notar um þessar mundir að láni hjá bróður sínum. „Hann er eitthvað farinn að klicka hjá mér og bílar líklega fljótlega. En ég hef ákveðið að kaupa ekki nýjan í bráð.“



## HÚSRÁÐ

### NOTAR KAFFI Í KÖKUR

■ Lovísa Arnardóttir verkefnastjóri hjá Rauða krossinum.

„Einu sinni fór ég að skoða herbergi þegar ég bjó í London, og fór með súkkulaðiköku með mér. Mér var lofað herberginu ef ég lofaði að baka köku að minnsta kosti einu sinni í mánuði, og það gerði ég.“ Meðleigjendurnir báðu hana um uppskriftina, sem var frekar venjuleg. „Fyrir utan að ég notaði kaffi í stað smjörflíks bæði í kökuna og kremið. Þá hélst kakan saman, hún var ekki jafn fitandi og hún var bragðmeiri.“



# Verðmunur á sumarlegri blómakörfu 20 prósent

Með hækkandi sól og vori í lofti fara garðeigendur að hugsa til þess að fegra garða sína. Það hefur færst í vöxt síðustu ár að einærum sumarblómum sé komið fyrir í gördum landsmanna en sumarblóm setja oft mikinn svip á umhverfi sitt.

„Það vorar alltaf í sálinni á Íslendingum. Þegar veturinn hefur verið erfiður þá kemur vor í fólkið þegar andrúmsloftið fer að hlýna. Fólk lifnar við og vill fá fegurð og liti í kringum sig,“ segir Sigríður Helga Sigurðardóttir sem er eigandi Gróðrarstöðvarinnar Markar.

Garðeigendur hafa tekið vel við sér í vor þótt það finnst fyrir kreppunni í þessum geira eins og öðrum. „Sumarið hefur farið af stað með látum. Mér finnst sennilegt að fólk vilji gera fallegt í kringum sig nú fyrst það ferðast minna en áður. Góða veðrið spilar líka inn í,“ segir Steinunn Reynisdóttir, garðyrkjufæðingur hjá Garðheimum.

Fréttablaðið skoðaði verð fimm tegunda sumarblóma á fjórum sölustöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þeir sölustaðir sem haft var samband við voru Blómaval, Garðheimar, Gróðrarstöðin Mörk og Gróðrarstöðin Storð. Niðurstöður verðkönnunarinnar voru þær að ódýrasti sölustaðurinn af þessum fjórum var Gróðrarstöðin Storð þótt ekki mætti miklu muna. Mun-




SIGRÍÐUR HELGA SIGURÐARDÓTTIR Eigandi Gróðrarstöðvarinnar Markar umkringd sumarblómum.

urinn á dýrasta og ódýrasta sölustaðnum var 20 prósent. Verð á körfu sem inniheldur eina stjúp, einn sólboða, eitt tóbakshorn, eitt flauelsblóm og eina morgunfrú má sjá í meðfylgjandi töflu.

Fréttablaðið kannaði líka hvaða sumarblóm væru vinsælust þetta sumarið. Viðmælendur blaðsins voru sammála um að stjúp væri alltaf vinsælust. Hún væri harðger, þyldi íslenskar aðstæður vel og væri alltaf í blóma. Meðal annarra vinsælla sumarblóma þetta sumarið má nefna margarítu, morgunfrú, snæðrífu og brúðarauga.

magnusl@frettabladid.is

### Verð á sumarblómum



Samanlagt verð einnar einingar af fimm ólíkum tegundum blóma ef miðað er við hagstæðustu tilboð.

## Hættu að hanga!

Komdu að hjóla, synda eða ganga!

# Ganga.is

Þér er boðið á fjölskyldudag UMFÍ 5. júní kl. 13:00.

Dagurinn markar upphaf Hættu að hanga!

Komdu að hjóla, synda eða ganga!

### Dagskrá

- Ávörp • Söngatriði • Kristmundur vinningshafi Söngvakeppni framhaldskólanna • Íþrótaálfurinn og Solla stíra
- Ganga á Miðfelli.

Dagurinn verður haldinn á bænum Miðfelli í Hrunamannahreppi skammt frá Flúðum. Beygt er af Þjóðvegi nr. 1 á Skeiðavegamótum. Miðfelli er um 45 km frá Selfossi.

Nánari upplýsingar á [www.ganga.is](http://www.ganga.is)



Erum langódýrastir segir framkvæmdastjóri Tékklands, nýrrar skoðunarstöðvar:

# Ekki einfalt að opna bílaskoðun

NEYTENDUR „Við erum langódýrastir,“ segir Birgir Hákonarson, framkvæmdastjóri bifreiðaskoðunarfyrirtækisins Tékklands, sem opnaði sína fyrstu starfsstöð í nýliðnum mánuði. Tékkland er á þjónustustöð N1 við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði.

Birgir segir fyrirtækið bjóða tólf til fimmtán prósentum lægra verð en samkeppnisfyrirtækin. „Svo reynir á neytendur að styðja við bakið á þeim sem vinna að því að lækka verðið ef hinir fara að lækka sig,“ bætir hann við.

Tvö fyrirtæki hafa verið ráðandi á bifreiðaskoðunarmarkaði frá því að hún var einkavædd árið 1989.

„Við opnuðum 20. maí, en undirbúningur að því hófst upp úr áramótum, enda meira mál að opna bílaskoðunarstöð en bifreiðaverkstæði,“ segir Birgir. Miklar kröfur eru gerðar til starfsemi skoðunarstöðva af hálfu hins opinbera og ákveðnir staðlar sem þarf að uppfylla. Birgir segir því að mörgu að hyggja áður en opnað er.

Tékkland lætur hins vegar ekki staðar numið í Hafnarfirði, því um



BIRGIR HÁKONARSON Ný bifreiðaskoðunarstöð er við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

miðjan mánuðinn verður opnuð ný skoðunarstöð við Holtagarða í Reykjavík og svo önnur í Borgartúni í haust. „Svo er aldrei að vita nema maður fari að horfa til landsbyggðarinnar, ekki veitir af því að

ýta undir samkeppnina þar,“ bætir Birgir við.

Tékkland er í eigu Birgis og tveggja meðfjárfesta, en engin eignatengsl eru við N1 þótt stöðin leigi aðstöðu þar.

- óká

Ósykrað



Hollur barnamatgur fyrir 6 mánaða og eldri

[www.barnamatgur.is](http://www.barnamatgur.is)

Nestlé

Fjölbreytt og gott veganesti fyrir lífið



# FLUGSÝNING

## Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI LAUGARDAGINN 5. JÚNÍ

Flugsýning Flugmálafélags Íslands í samstarfi við Icelandair og ISAVIA, verður haldin á Reykjavíkurlugvelli á laugardaginn kemur, 5. júní, kl. 12-16 við Hótel Loftleiðir.

- | Flugvélar af öllum stærðum og gerðum
- | Flugsýning, kl. 13-15.
- | Fallhlífarstökk
- | Svifflug
- | Flugmóðelflug
- | Listflug, hópflug, lágflug
- | Þyrluflug, fisflug, paramótorflug
- | Sýningaratriði frá Landhelgisgæslunni
- | Keppni milli bíls og flugvélar
- | Farþegaþota frá Icelandair lendir og tekur á loft

**AÐGANGUR ER ÓKEYPIS**  
KOMIÐ OG UPPLIFIÐ ÍSLENSKA FLUGÆVINTÝRIÐ  
Á REYKJAVÍKURFLUGVELLI Á LAUGARDAG.

ICELANDAIR



ISAVIA



Flugmálafélag Íslands  
Stofnað 1936

Sumarið byrjar snemma.

## Tveir aðskildir menningarheimar

**F**ram undan er sjómanna dagurinn og víða um land má sjá merki þess að heimamenn í sjávarþorpum landsins ætli sér að gera vertíðarlokin og sjómanna daginn að héraðshátíðadögum sem vara ekki í einn stakan dag heldur teygja sig inn í vikuna og þá með veraldlegri hætti en hinar fornu kristnu hátíðir sem eru árvissar, pálmásunnudagur, dymbilvika, páskar, uppstigningardagur og hvítasunna. Í hátíðahöldum sem í hönd fara í Hafnarfirði, Grindavík og Vestmannaeyjum er boðið upp á margs konar menningarviðburði þar sem heimamenn sýna sitt og kalla til staka gesti sem annars starfa á höfuðborgarsvæðinu. Helgin kringum sjómanna daginn er opnun á viðamiklu og víðtæku menningarstarfi sem blómstrar fram yfir töðugjöld um allt land. Sumarhátíðirnar eru sívaxandi kraftur sem fer um allt þjóðlífið yfir björtustu mánuðina og kalla til heimamenn og gesti frá öllum landshlutum.

### SKOÐUN

**Páll Baldvin Baldvinsson**  
pbb@frettabladid.is



Um leið og hver maður hlýtur að fagna samkomuhaldi þar sem kynslóðir blanda geði og smærri byggðir sýna styrk sinn, metnað og ríkan menningarvilja vaknar sú spurning við lestur dagskrár sumarsins að í menningarlegu tilliti búi tvær þjóðir í landinu. Hin menntaða stétt borgarbúa sem hefur sína Listahátíð vor hvert, leik-húsin sín og tónleikahald hér við Faxaflóann – og svo allir hinir.

Lýðræðisleg krafa allra landsmanna hefur um langan aldur stoppað við atkvæðisrétt sem er misskipt milli landsvæða, oft með þeirri röksemd að lífsins gæðum sé svo misskipt milli landshluta að landið utan fjölbýlis Faxaflóans verði að hafa forgjöf. Kerfi þingkjörinna er í raun byggt upp þannig að lýðrættindum hér er misskipt. En á sama máta er lýðrættindum þeirra sem búa utan borgarsvæðisins við flóann brugðið: Sinfónían sækir ekki Snæfellsnes eða Vopna-fjörð heim að staðaldri, Þjóðleikhúsið starfar einungis fyrir þá sem geta sótt það heim á Hverfisgötu, Fáskrúðsfjörður og Hólmavík eru ekki fastir sýningarstaðir á komandi hausti, hvorki fyrir Gerplu né Íslandsklukkuna, Íslenski dansflokkurinn fer frekar til megin-landsins en í Miðgarð.

„Peningaástaður sör“. Ríkisútvarpsstjórinn hefur engan hug á að nota sína þekkingu og alkunnan smekk til að bera heim í stofu Eyjamanna myndrit af tónleikum ríkisstyrktra hópa fyrir utan Júrúvísiongrúppuna árlegu samkvæmt trúarsetningunni: Það er ekki eitthvað sem fólki vill. Opinberir starfsmenn komast upp með það ár og síð, áratug eftir áratug, að þverbrjóta lagalegar skyldur þeirra stofnana sem þeir veita forstöðu þegar fleygur er rekinn milli borgríkisins við Faxaflóann og hinna dreifðu byggða. Það er pólitísk stefna.

Ög því dundar restin af þjóðinni sem ekki er á hinum opinberu boðslistum sér við aðra menningu, sína menningu, menningu sjómanna dagsins af litlum efnun en góðum vilja og fær oft spott fyrir hjá fína þakkinu í Reykjavík. En allur þorri manna er aftur ekki of góður að skella sér í bíl þegar sumarið er komið og njóta samvasta við hina menninguna sem í landinu þrífst – þótt ekki séu gylltir á henni kantarnir.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

## GERUM SÓLPALLINN EINS OG NYJAN

Við sérhæfum okkur í slípun og olíuburði á sólpöllum, gerum gamla pallinn flottari en nýjan. Fjalimar verða rennisléttar og timbríð nær aftur sínum náttúrulega líti.



GÓLFÞJÓNUSTA ÍSLANDS

SÉRHÆFING Í VIÐHALDI GÓLFA

S: 897 2225

info@golfthjonustan.is | golfthjonustan.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Fúlir varnarsigar

Þrátt fyrir að Samfylkingin, Vinstri græn og Framsóknarflokkurinn hafi allir unnið frækna varnarsigra á laugardag, gott ef ekki bara sótt í sig veðrið, virðist grunnt á því góða innan flokkanna. Í Samfylkingu hefur Karl Th. Birgisson beint spjótum sínum að Degi B. Eggertssyni og sagt að hann þurfi að taka pokann sinn. Sigmundur Ernir Rúnarsson alþingismaður gengur lengra og telur farið að styttest í endalokin á pólitískum ferli Jóhönnu Sigurðardóttur.



#### Þorleifur kennir Sóleyju um

Í Vinstri grænum varpaði Þorleifur Gunnlaugsson fylubombu og kenndi Sóleyju Tómasdóttur fyrst og fremst um tapið í borginni og gerði því skóna að hún hefði svindlað í forvalinu. Þeim ásökunum hefur ekki verið tekið þegjandi og hljóðalaust; Halla Gunnarsdóttir tekur Þorleif til dæmis á beinið í pistli á Smugunni.



#### Allt Einari að kenna

Í Framsókn bauna fyrrverandi lykilmenn á borð við

Guðna Ágústsson á Einar Skúlason og Óskar Bergsson telur öruggt að flokkurinn hefði náð manni inn ef hann hefði verið í brúnni. Það er mikil kokhreysti miðað við að Óskar náði ekki kjöri sem borgarfulltrúi fyrir fjórum árum, heldur datt óvænt inn eftir að Björn Ingi Hrafnsson og Anna Kristinsdóttir höfðu kvatt flokkinn. Í Sjálfstæðisflokknum heyrst aftur á móti ekki múkk. Sem þarf svo sem ekki að þýða neitt; þar á bæ er deilunum einnatt haldið bak við tjöldin.

bergsteinn@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Bréf til borgarbúa

### Borgarmál



**Kolbrún Kjartansdóttir**  
varaoddviti  
H-lista

Þann 29. maí sl. gengu Reykvíkingar eins og aðrir landsmenn til kosninga. Vegna þess óroa sem ríkt hefur undanfarnin miss-eri tók stór hluti borgarbúa þá ákvörðun að kjósa flokk fólks sem skartaði frægum grínistum og tónlistarfólki framár öðru. Flokkurinn lagði fram mjög óskýra stefnuskrá og var málflytningur þeirra nánast óskiljanlegur á köflum. Í leiðinni gerðu þeir grín að stjórnmálamönnum sem er vel skiljanlegt, þar sem þeir hafa margir hverjir brugðist landsmönnum harkalega.

Fólkið í borginni leit á þetta sem einhvers konar byltingu þó svo að það vissi í rauninni ekki í hverju byltingin fælist. En hvað um það, þessi flokkur náði inn sex mönnum og fróðlegt verður að sjá hvernig þeim tekst að takast á við stóran vanda borgarbúa. Ég hins vegar leit svo á að betra væri að koma á réttlæti og heiðarleika innan borgarinnar og bauð mig því fram með H-listanum með Ólaf F. Magnússon í broddi fylkingar.

H-listinn lagði fram skýra og góða stefnuskrá að mér fannst og auglýsti stefnuskrá sína vel. Auk þess að stefnuskráin væri skýr, þá var á ferð maður sem býr yfir mikilli reynslu í borgarmálum og alltaf hefur hann fylgt sannfæringu sinni. En mikill er máttur fjölmíðla. Þeim hefur með einhliða og ábyrgðarlausum fréttaflytningi

í gegnum tíðina tekist að sannfæra fólk um að hér væri á ferð snargeðveikur maður; réttast væri að þagga niður í honum og það sem allra allra fyrst.

Niðurstaða kosninga varð sú að Ólafi var úthýst úr stjórn borgarinnar og finnst mér það sorglegt. Ég er stolt af sjálfri mér fyrir það að hafa boðið mig fram með hugsjón-

Ég hins vegar leit svo á að betra væri að koma á réttlæti og heiðarleika innan borgarinnar.

ir mínar, en stoltust er ég þó yfir að hafa boðið mig fram með manni sem hefur verið ataður sora og ítrekað borinn fánæglegum sökum og niðurlægður af „samstarfsfólki“ sínu í borgarstjórn.

Fyrir hönd H-listans þakka ég þeim sem þorðu að styðja okkur og fyrirgef þeim sem ekki þorðu, ég veit fyrir víst að það voru margir.

# Misskipting varðar miklu

Í DAG

**Porvaldur Gylfason**  
prófessor



Suður-Kórea og Taíland eru Smeðal þeirra þrettán landa, þar sem tekjur á mann hafa vaxið um sjö prósent á ári eða meira í aldarfjórðung eða lengur. Kórea, eins og landið er kallað í daglegu tali, hefur náð enn lengra en Taíland. Kaupmáttur þjóðartekna á mann í Kóreu er nú kominn upp fyrir kaupmátt á mann á Íslandi, eða 28.000 dalir í Kóreu á móti 25.000 dölum hér heima samkvæmt upplýsingum Alþjóða-bankans fyrir 2008. Bilið breiðkar.

## Meiri tekjur, minna púl

Tekjur á hverja vinnustund eru eftir sem áður meiri á Íslandi en í Kóreu, því að þar vinna menn mun lengri vinnuviku en hér heima. Í Kóreu vinna menn að jafnaði 2300 stundir á ári á móti 1800 stundum á Íslandi. Vinnuvikan þar austur frá er með öðrum orðum tíu stundum lengri á heildina lítið en hér heima. Árið 1950 unnu Íslendingar yfirleitt 2500 stundir á ári. Við höfum tekið út aukna velsæld í meiri tekjum og minni vinnu. Sama á einnig við um Kóreu, þar sem vinnustundum hefur fækkað úr 2700 árið 1980 niður í 2300 nú. Kóreumenn munu trúlega fíkra sig áfram næstu ár líkt og við í átt að minni vinnu samfara meiri tekjum. Í höfuðborginni Seúl búa tíu

milljónir manns, fimmtungur allra landsmanna. Höfuðborgin iðar af velsæld og fjöri og hefur á sér fagaðan, glaðlegan og menningarlegan heimsborgarblæ með fimm þúsund ára sögu í farangrinum. Landsbyggðin er hrjúfari. Landið er á stærð við Ísland. Jöfnuður í tekjuskiptingu er svipaður og í Frakklandi og Hollandi og mun jafnari en í Bandaríkjunum.

Niðurstaða nefndarinnar er ótvíræð: norður-kóreskt eldflaug sökkti skipinu. Norður-kóreskt skráningarnúmer fannst á broti í flakinu. Ríkisstjórnin í Norður-Kóreu þrætir, en enginn trúir henni frekar en heiðvirðri sérfræðinganevnd með valinkunna útlendinga innan borðs. Fólkið í Suður-Kóreu virðist taka málinu með jafnaðargeði. Það er ýmsu vant. Eldflaugum Norður-Kóreu

byr við nær algera einangrun frá umheiminum og veit því yfirleitt ekki hvernig Suður-Kórea lítur út eða heimurinn. Ríkisstjórnin nærast á ósannindum og ofbeldi. Réttar upplýsingar um lífið annars staðar myndu grafa undan henni líkt og gerðist í Austur-Evrópu. Sameining landanna á heilbrigðum forsendum myndi á endanum færa íbúum Norður-Kóreu svipuð lífskjör og í Suður-Kóreu líkt og gerzt hefur smám saman eftir sameiningu Þýskalands.

## Stirðnað bros

Taíland er önnur saga. Lífskjör fólksins í því löngum brosmilda landi hafa batnað hröðum skrefum, en þó ekki jafnhvatt og í Kóreu. Munurinn á tekjum á mann í löndunum tveim var tæplega þrefaldur 1980 og er nú nær fimmfaldur. Fyrir fáeinum vikum logaði Taíland í mannskæðum óeirðum. Átökin hverfast um togstreitu milli fólksins í sveitunum og íbúa höfuðborgarinnar Bangkok. Tekjuskíptingin er mun ójafnari í Taílandi en í Kóreu. Óánægja sveitanna með sinn hlut kraumaði lengi undir yfirborðinu, áður en upp úr sauð. Kórea á ekki við þennan vanda að stríða, þar eð tekjuskíptingin þar veldur engri umtalsverðri úlfúð meðal fólksins eða togstreitu og spillir þá ekki heldur friðnum. Við þetta bætist, að spillingin í Kóreu hefur farið minnkandi og er nú mun minni en í Taílandi samkvæmt Transparency International.

Sem minnir mig á, að Besti flokkurinn lofaði að hafa spillinguna í borgarstjórn Reykjavíkur uppi á borði. Ætli lofordið sé ekki örugglega afturvirk?



Vofa ofbeldis af hálfu Norður-Kóreu skyggir á daglegt líf í Suður-Kóreu. Ríkisstjórn Norður-Kóreu hefur með reglulegu millibili myrt suður-kóreska forustumenn og unnið önnur ofbeldisverk.

## Granninn í norðri

Vofa ofbeldis af hálfu Norður-Kóreu skyggir á daglegt líf í Suður-Kóreu. Ríkisstjórn Norður-Kóreu hefur með reglulegu millibili myrt suður-kóreska forustumenn og unnið önnur ofbeldisverk. Hún hefur látið grafa nokkur jarðgöng undir landamæri landanna til að undirbúa innrás, en Suður-Kóreumenn fundu göngin og bjóða ferðamönnum að skoða þau sér til skemmtunar. Nú síðast, það var í marz leið, sökk suður-kóreskt herskip í blíðskaparveðri með 46 manna áhöfn. Ríkisstjórn Suður-Kóreu skipaði rannsóknarnefnd með erlendum sérfræðingum til að kanna orsakir grandsins.

er miðað á Seúl, sem liggur aðeins um 40 kílómetra frá landamærunum. Fjögurra kílómetra breitt vopnalaust belti aðskilur löndin, sem bæði hafa mikinn viðbúnað við landamærin.

„Síðasta sundraða landið“ kalla Kóreumenn land sitt. Suður-Kóreumönnum hlýtur þó sumum að hrjósa hugur við að þurfa að taka 24 milljónir norðurkóreskra þurfalanga upp á sína arma, verði af sameiningu landanna. Á móti kemur þjóðarstoltið, hugsjónin um alla Kóreu undir einu þaki.

Fólkið fyrir norðan fer alls á mis. Það dregur fram lífið á matarsendingum í tonnatali að utan, einkum frá Kína. Efnahagur landsins er í niðurniðslu. Fólkið

# Hugmyndir

Samfélagsmál

**Einara Sigurbjörg**  
Einarsdóttir  
læknaritari

Ég hef verið að biða eftir því í Elangan tíma að einhver fari að tala um laun í þjóðfélaginu.

Það bólar ekkert á því enn þá þannig að ég byrja sjálf hér og nú.

Á þeim krepputíma sem við lifum við nú til dags eigum við alveg hikaust að gera þá kröfu að enginn hálaunamaður hafi hærri laun en tvöföld verkamannalaun. Enginn ráðherra, forstjóri, borgarstjóri, bankastjóri, alþingismaður o.s.frv.

Hvað eru svo tvöföld verkamannalaun í dag? Er hægt að tala um 250.000 eða 300.000? Segjum sem svo að tvöföld verkamannalaun séu 500.000 til 600.000 kr. á mánuði.

Í dag lifum við í því árferði þar sem við verðum greinilega að byrja á því að hugsa upp á nýtt ýmis mál. Hvað þýðir þetta í raun?

Til dæmis eftirfarandi:

1. Er eðlilegt að ungt fólk hér í þessu landi sem er að byrja að ala upp næstu kynslóð geti ekki með eðlilegu móti komið sér upp þaki yfir höfuðið eða séð börnum sínum farborða?

2. Er það sjálfsagt að matargjafir fyrir fátækt fólk í Reykjavík séu í höndunum á sjálfbodaliðum?

3. Hvenær kom upp sú hugmynd á Íslandi að hálaunafólk þurfi vel yfir milljón (helst tvær) á mánuði í laun? Af hverju og til hvers? Erum við ekki öll Íslendingar með sama bakgrunn og viljum við ekki næstu kynslóð Íslendinga, börnum okkar og barnabörnum það besta? Er það ekki einmitt það sem við viljum að sameini okkur sem Íslendinga?

## GLEÐILEGAN FIMMTUDAG

Gleðin hefur tekið völd í Smáralind - njóttu dagsins!

- Heppnar konur fá rós
- Fritt í minigolf fyrir fjölskylduna
- Smáfólkið fær fritt í hoppukastala
- Allir sem kaupa gjafakort fá óvæntan glaðning
- Nöfn þeirra sem kaupa gjafakort fara í RISApott
- Allir sem mæta í stuttbuxum fá ís í brauði frá Kjörís í Ísbúð Smáralindar

Opið til kl. 21 - sjáumst!

# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

## VERÐLÆKKUN Á GRÆNMETI OG ÁVÖXTUM



**398**  
KR.KG

**398**  
KR.KG

**298**  
KR.KG

NÝ HOLLENSK PAPRIKA RAUÐ & GUL 398 KR/KG. / GRÆN 298 KR/KG.

**459**  
KR. 960G

TILBÚÐ Á GRILLIÐ  
PARF AÐEINS AÐ HITA

**HOLTA ELDAÐIR KJÚKLINGAVÆNGIR 960g**  
BBQ OG BUFFALÓVÆNGIR - PARF AÐEINS AÐ HITA

**198**  
KR. FL

HEINZ TÓMATSÓSA 567G

**UNGNAUTAHAMBORGARI Í BRAUÐI 150 KR.**

**599**  
KR. PK

FJÓRIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 80G 4 STK MEÐ BRAUÐI  
MERKT VERÐ 798 KR/KG. **25% afsláttur**

**OS GOUDA OSTUR MILDUR 26%**  
Nú með 25% afslætti

**972**  
KR.KG

Merkt verð 1296 kr.kg.

**ÞETTA TILBOÐ ER AÐ KLÁRAST**

**UNGNAUTAHAMBORGARAR TÍU STÓRIR 120G HLUNKAR**

VINSÆLUSTU  
HAMBORGARARNIR Í BÓNUS

**1359**  
KR. PK

**FJÖGUR BÓNUS RISASTÓR HAMBORGARABRAUÐ**

**139**  
KR. PK

CA 28 KR/STK.

**599**  
KR.KG

BÓNUS VÍNARPYLSUR  
MERKT VERÐ: 798 KR/KG. **25% afsláttur**

**129**  
KR. STK

MYLLU HEIMILISBRAUÐ 385 GR  
(HÁLFT BRAUÐ)

**598**  
KR. PK

**598**  
KR. PK

**598**  
KR. PK

GÓU PRENNAN

**98**  
KR. 500 ML

**98**  
KR. 500 ML

**HM AFRICA 2010 FÓTBOLTAMYNDIR 198 KR. PAKKINN**

**498**  
KR. PK

C.H ÖKKLASOKKAR 3 PÖR  
HVÍTIR OG SVARTIR.

**299**  
KR. STK

C.H SOKKAR EITT PAR  
HELLO KITTY-SPIDERMAN.

**BONUS BÝÐUR BETUR**

Hér færðu veltutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklúbbur

# BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS



## VERÐLÆKKUN Á GRÆNMETI OG ÁVÖXTUM



**259**  
KR.BOXIÐ

NÝTT ÍTALSKT FERSKT SALAT 100G



**259**  
KR.BOXIÐ



**198**  
KR.KG

HOLLENSKT ICEBERG



**1598**  
KR.KG

ÍSLANDSLAMB GRILL LAMBALÆRISSNEIÐAR



**1998**  
KR.KG

ÍSLANDSLAMB GRILL MIÐ-LÆRISSNEIÐAR



**1259**  
KR. KG

DANSKAR GRÍSALUNDIR FROSNAR

### BURRKRYDDAÐ VINSÆLT Á GRILLIÐ



**1198**  
KR.KG

BÓNUS BURRKRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR



**1198**  
KR.KG

BÓNUS BURRKRYDDAÐUR GRÍSAHNAKKI



K.S FROSIÐ  
LAMBALÆRI

**998**  
KR.KG

K.S FROSNAR: LAMBA  
SIRLOIN-SNEIÐAR



K.S FROSIÐ:  
LAMBAFILLET



**998**  
KR.KG



**2698**  
KR.KG

HOLTA KJÚKLINGABRINGUR  
PIRI PIRI MEÐ KRYDDPOKA

KJÖRFUGL: FERSKAR  
KJÚKLINGABRINGUR



**1598**  
KR.KG

MERKT VERÐ 1598 KR.KG 20% AFSLÁTTUR



**1598**  
KR.KG

MERKT VERÐ 1998 KR.KG 20% AFSLÁTTUR



**1554**  
KR.KG

KF GRILL BLANDAÐAR  
LAMBALÆRISSNEIÐAR  
Nú með 30% afslætti  
MERKT VERÐ 2220 KR/KG.

## BONUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitutengda  
VILDARPUNKTA  
VISA Vildarklöbbur

# Til að treysta stjórnvöldum - fimm grunnreglur

## Ný stjórnarskrá

Jón Þór Ólafsson  
stjórnmálafræðingur



Hvað þarf stjórnarskrá að segja til að við getum treyst fámennum hópi fólks fyrir stjórnvaldinu: löggjafar-, framkvæmdar- og dómsvaldi? Til að komast nær svári spurðu hvort þú treystir öðrum en þínum stjórnmalaflokki (ef þú fylgir einhverjum) til að fara með stjórnvaldið án þess að fimm eftirfarandi grunnreglur séu festar í stjórnarskránni.

1. Valdheimildin skal vera skýrt afmörkuð svo ljóst sé hvort valdhafar fara um fram hana. Ættu stjórnvöld að hafa vald til að gefa nýtingarétt á náttúruauðlindum þjóðarinnar eða að leigja þær út til margra kynslóða? Hafa tveir menn vald til að lýsa yfir stríði í nafni Íslands?

2. Valdinu skal dreifa svo að spilling eigi erfiðara uppdráttar og sé auðveldari að uppræta. Ætti sami hópurinn að hafa löggjafar- og framkvæmdarvald, ásamt því að skipa dómsvaldið og stilla upp í stjórnsýslunni? Ætti þjóðin að hafa vald til að setja mál í þjóðaratkvæðagreiðslu?

3. Valdbeitingin skal vera gegnsæ svo því verði ekki leynt þegar valdhafar fara umfram valdheim-

ildir sínar. Er leynd yfir aðgerðum stjórnvalda einhvern tíman mikilvægari fyrir þjóðina en gegnsæi til að fylgjast með misbeitingu stjórnvaldsins? Ef svo er þá mun spilling eiga sér þar skjól.

4. Valdumboðið skal vera afturkallanlegt svo stöðva megi sem fyrst þá sem misfara með valdheimildir sínar. Því skyldi þjóðin ekki hafa rétt á að afturkalla valdumboð sitt með þjóðaratkvæðagreiðslu þegar stjórnvöld misfara með valdið sem hún fól þeim?

5. Valdmisnotkun skal vera refsiverð svo valdhafar sjái síður hag sinn í að misfara með vald þjóðarinnar. Ef ákærvaldið er skipað af framkvæmdarvaldinu er ólíklegt að það bíti húsbóndann. Því skyldi þjóðin ekki kjósa saksóknara sem gæti m.a. ákært fyrrverandi ráðherra og þingmenn fyrir misbeitingu valdsins?

### Hverjum skal treysta?

Hverjum er treystandi til að semja og samþykkja stjórnarskrá sem best takmarkar og upprætir misbeitingu á valdi þjóðarinnar? Tillaga ríkisstjórnarinnar er að fámennst stjórnlagabing (skipað fólki sem flest þarf fé og flokksvélar til að ná kosningu) ráðleggi stjórnvöldum hvernig reglur stjórnvöldum skulu setja sjálfum sér. Tillaga Ragn-

ars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, í Silfri Egils 22. mars 2009, er að fjölmennt úrtak allra Íslendinga skipi stjórnlagabing sem semur nýja stjórnarskrá og setur í þjóðaratkvæðagreiðslu. Ég bið lesendur að festa sig ekki í flokkslínunum. Spyrjið ykkur heldur hvoru stjórnlagabinginu treystið þið betur til að setja öllum framtíðar stjórnvöldum traustari leikreglur. Ef þið treystið frekar löggjafandi stjórnlagabing þjóðarinnar en ráðgefandi stjórnlagabing flokka og fjármagnseigenda, þrýstið þá á fólkið í flokkunum. Spyrjið spurninga. Ábyrgð grasrótar og áhrifafólks stjórnarflokka er hér mest.

### Stjórnarskrá til að byggja á

Stjórnkerfið er einn hornsteina samfélagsins. Aðeins traust stjórnarskrá getur til lengri tíma takmarkað og upprætt spillingu stjórnkerfisins. Við getum ekki treyst á að gott fólk veljist í valdastöður. Ef við kjósum að byggja aftur upp samfélag með slæma stjórnarskrá er öruggt að spilling í stjórnkerfinu mun rífa það niður á ný. Til að byggja til framtíðar þurfum við fyrst að spyrja: „Hvað þarf ný stjórnarskrá að segja til að takmarka og uppræta misbeitingu stjórnvaldsins?“ og „Hverjum er best treystandi til að semja og samþykkja slíka stjórnarskrá?“

# Lýðskrumandi PC-héarar

## Stjórnmál

Jakob Bjarnar Grétarsson  
blaðamaður



Þínlegt er að fylgjast með mönnum ráða í úrslit sveitarstjórnarkosninganna. Þar flýgur hver sem hann er fiðraður með eigin hagsmuni að leiðarljósi eftir flokkspólítísku landslaginu. En skilaboðin eru kvitt og klár. Þau eru til stjórnarflokka tveggja, svohljóðandi: Hættið að vera þessir pc-héarar\* og farið að taka til hendinni. Annars verður ykkur refsað grimmilega í næstu þingkosningum.

Okkur bráðvantar sem aldrei fyrr röska menn við völd sem eru ekki lýðskrumandi pc-héarar. Menn sem hlusta á rök frekar en háværa og freka, heimska og hrædda forræðishyggjusinna. Og gera eitthvað. Plægja akur fyrir verðmætastöpun. Af hverju er til dæmis ekki löngu búíð að opna spilavíti fótboltaþíbura sem bæði getur reynst gjaldeyris- og atvinnuskapandi? Og hefur það sér til ágætis að ýta spilamennsku sem hér grasserar upp á yfirborðið. Hvað heldur fólk að gerist? Að landsmenn umturnist við slíkt í fröðufellandi fíkla sem spila rassinn úr buxunum? Afsakið, hér er bara allt vaðandi í spilavítum, einhentu ræningjum á hverju götuhorni, lottó og lengjum og hvað þetta heitir allt. Þetta er spilavíti! Bara svo eitt dæmi sé nefnt. En, nei. Menn þora engu í einhverjum ötta við óvinsældir háværra bannista og því er fylgið að gufa upp. Nú er ekki rétti tíminn til að stjálka sem köttur

um heitan graut. Á þessum tímum er sennilega betra að taka ranga ákvörðun en enga.

Að einhver hafi á röngu að standa þýðir ekki að hinn hafi rétt fyrir sér í einu og öllu. Vinstri grænir dattu beint í þessa gryfju rökfræðivillunnar og Samfylkingin lætur það yfir sig ganga. Það að frjálslyggjan (sem var í raun ólígarkismi) hafi riðið hér öllu á slig þýðir ekki að argasta vinstra-afturhald sé rétta leiðin. Í stað þess að banna auglýsingar á pilsner eigum við einmitt að stíga í hina áttina og aflétta fráleitu banni við bjórauglýsingum. Ögmundur! Það er þess vegna sem kjósendur eru farnir að gefa auga arkitektum og aðalverktökum hrunsins – Sjálfstæðisflokknum.

Farið er að slá í söng Steingríms Joð um að fylgistap hafi verið óhjálpslegt vegna hinna erfiðu aðgerða sem stjórnin þarf að standa í. Allir vita að þetta er erfið staða! Fólk er að mótmæla aðgerðarleysinu en ekki aðgerðum sem engar eru. Stjórnarliðið fer í gallinn flatan niðurskurð í stað þess að skilgreina hlutverk ríkisins og slá skjaldborg um hjúkku, kennara og löggur. Í þessari röð. Og skera fitulögin í ofbólgnum ríkisrekstrinum frá. Hvað höfum við til dæmis við Jafnréttisstofu á Akureyri að gera þegar verið er að róa lífróður til lands? Fírringin gagnvart ríkisrekstrinum er reyndar slík að mann setur hljóðan. Lilja Mósesdóttir segir að ekkert þýði að segja upp (óþörfum) ríkisstarfsmönnum því þá fjölgi bara atvinnulausum!

\*PC vísar til þess sem á ensku heitir Politically Correct sem hefur á íslensku verið kallað pólitískur rétttrúnaður.

Ég vil ávallt geta gengið að góðri *þjónustu* í bankanum mínum

Hafðu samband  
sími 444 7000 • arionbanki.is



# Áhrif ESB-aðildar í Póllandi

**Evrópumál**

**Gunnar H. Ársælsson**

MA í stjórnmálafræði og stjórnarmaður í Evrópusamtökunum



Pólland, sótti um aðild að ESB árið 1994 og fékk aðild 2004, ásamt fleiri löndum Austur-Evrópu. Landið er fimmta stærsta ríki ESB, með um 39 milljónir íbúa.

Undanfarið hefur Grikkland fengið mikla umfjöllun í fjölmiðlum. Í umræðunni hefur því mun minna borið á þeim ríkjum ESB, þar sem vel hefur gengið. Pólland er einmitt eitt þessara ríkja. En hvernig hafa áhrif aðildar komið út fyrir Pólland? Í skýrslu sem gefin var út í fyrra eru áhrif aðildar á landið tekin saman.

Hagvöxtur (vöxtur þjóðarframleiðslu frá ári til árs), jókst verulega í Póllandi eftir aðild, sökum aukinnar eftirspurnar og fjárfestinga. Árið 2007 var 6,6% hagvöxtur í Póllandi, en að meðaltali var rúmlega fimm prósentu hagvöxtur á árunum 2003-2008. Á sama tímabili jókst framleiðni einnig umtalsvert, eða um 10% á sérstökum kvarða sem mælir slíkt.

Framlög ESB úr ýmsum sjóðum sambandsins eru mikilvægur þáttur í þróun efnahagsmála í Póllandi og á tímabilinu 2004-2008 fengu Pólverjar 14 milljarða evra frá ýmsum sjóðum/áætlunum ESB, umfram það sem þeir greiddu til sambandsins. Á tímabilinu 2007-2013 munu Pólverjar fá um 70 milljarða evra, sem m.a. á að nota til uppbyggingar á sviði samgöngu og umhverfismála, sem

og almennrar atvinnuuppbyggingar.

Erlendar fjárfestingar hafa aukist verulega eftir aðild. Árið 2007 námu þær tæpum 17 milljörðum evra. Verslun og viðskipti hafa einnig aukist, eða um tæp 20% að magni til á ári frá aðild.

Pólland er mikil landbúnaðarþjóð, en mikil andstaða kom frá bændum gegn aðild, rétt eins og hér á landi. Pólskir bændur voru meðal tekjulægstu stétta í öllum fyrrverandi kommúnistaríkjum Evrópu fyrir aðild.

Frá aðild hefur hins vegar mikið breyst, til hins betra. Framleiðni í pólskum landbúnaði var árið 2007 um 47% hærrí en árið 2000 og

tekjur. Því eru pólskir bændur færri en fyrir aðild, en mun tekjuhærrí. Á næstu árum mun stuðningur við pólskan landbúnað aukast enn frekar.

**Tekið til í sjávarútvegi**

Hvað varðar fiskveiðar, þá þurftu Pólverjar að taka til á þeim bænum, skip hafa verið úrelt með áætlunum sem ESB hefur styrkt og veiðigetan þar með minnkuð. Búist er við að floti Pólverja minnki enn frekar fram til 2013.

Frá aðild hefur hins vegar verðmæti fiskútflutnings aukist um 40%, en frá 2004-2007 jókst verðmæti fiskútflutnings úr 442 milljónum dollara í 923 USD árið 2007.



Erlendar fjárfestingar hafa aukist verulega eftir aðild. Árið 2007 námu þær tæpum 17 milljörðum Evra.

útflutningur á pólskum landbúnaðarvörum jókst um 250% á árunum 2003-2007. Innflutningur jókst á sama tímabili um 125%. Í frétt frá Warsaw Business Journal frá 10. maí sl. kemur fram að tekjur pólskra bænda hafi frá árinu 2000 aukist um 107%!

Í grein frá AFP frá 2009 kemur fram að afstaða pólskra bænda hafi orðið mun jákvæðari. Margir þverskallist þó við og fjárfesti ekki, en enn fleiri hafi notað stuðning frá ESB til að nútímavæða pólskan landbúnað. Eldri bændur hafa selt land (verð hækkaði) og því hafa pólsk býli stækkað. Pólskum bændum hefur fækkað, en þeir sem eftir eru, reka stærri bú og hafa meiri

Innflutningur á fiski hefur einnig aukist, aðallega til fullvinnslu. Þetta hefur leitt til stórfelldrar þróunar á framleiðslutækni pólsks fiskiðnaðar, sem hafði tvöfalt meiri tekjur árið 2008 en árið 2003.

Gríðarlegt atvinnuleysi var í Póllandi í byrjun aldarinnar, eða allt að 20%. Það tók að lækka eftir innngöngu landsins í ESB, en hefur nú aftur aukist vegna fjármálakreppunnar. Nú um stundir er atvinnuleysi í Póllandi um 10%. Búist er við að það lækki þegar líður á árið. Spáð er um 2,7% hagvexti í Póllandi í ár og 3,3% á næsta ári. Því gæti farið svo að atvinnuleysi minnki enn frekar í Póllandi á næsta ári. Fram kemur í skýrslunni að með

aðild að ESB hafi í raun lokið ferli sem gert hefur fyrrverandi kommúnistaríkið Pólland að frjálsu markaðshagkerfi, sem nú sé reiðubúið að takast á við vaxandi samkeppni á alþjóðamörkuðum.

Af þessu má draga þá ályktun að með aðild hafi Póllandi farnast mun betur en að standa fyrir utan ESB; „Með aðild hefur munurinn á Póllandi og öðrum leiðandi löndum álfunnar minnkað verulega,“ segir í skýrslunni. Í áður nefndri grein AFP telur pólskur embættismaður að Pólland hafi þróunarlega séð tekið „risastökk“ með aðstoð frá ESB og það sé líka mjög að þakka yfirvöldum á sveitarstjórnarstiginu, sem hafi nýtt sér aðild á mjög skilvirkan hátt.

**Samstaða um að nýta aðildina**

Hér hafa aðeins verið nefnd nokkur atriði úr skýrslunni sem ber heitið „Five years of Poland in the European Union“. Mun fleiri þættir eru teknir fyrir í henni sem hafa haft mikla þýðingu fyrir Pólland, t.d. rannsóknar, og þróunarstarf, mennta og neytendamál. Þá eru hér ónefndir þættir eins og aukin pólitísk áhrif Pólverja í gegnum aðild og bætt og gjörbreytt staða þeirra á alþjóðavettvangi og innan Evrópu.

Greinileg samstaða er meðal Pólverja um að nýta sér aðildina til fulls, í þágu framfara fyrir pólsku þjóðina. Enda er mikill meirihluti Pólverja þeirrar skoðunar að landið eigi heima í ESB. Um þá gildir ef til vill vel orðatiltækið, „sá veldur, sem á heldur“.

Höfundur er M.A. í stjórnmálafræði og situr í stjórn Evrópusamtakanna.

**AF NETINU**

**Ýmsir og sumir**

Porleifur [Gunnlaugsson] telur sig vera með réttlætið sín megin og um leið bæði siðferðið og heiðarleikann. En það er ekki heiðarlegt að ræða málin við fjölmiðlafólk og ekki félaga sína. Það er ekki heiðarlegt að axla ekki ábyrgð á því að hafa farið fram með röngum ásökunum gegn félögum sínum. Og það er ekki heiðarlegt að skjóta fyrst og spyrja svo, eða í þessu tilfalli, skjóta í allar áttir og spyrja aldrei.

Porleifur getur ekki skákað í skjóli klotins þingflokks í þessu samhengi og hann getur ekki dregið fólk í dilka eftir eigin hentisemi. Hópurinn sem studdi Sóleyju Tómasdóttur í forvali VG hefur ekkert með þingflokksklofning að gera. Sá hópur fór að öllu eftir reglum kjörstjórnar. Það veit Porleifur og það þurfa allir félagar í VG að vita.

smugan.is

**Halla Gunnarsdóttir**

**Bara Ólaf Ragnar?**

Leikskáldið Jón Atli Jónasson hefur ákveðið að taka ekki við tilnefningum til Grimuverðlauna meðan Ólafur Ragnar er verndari verðlaunanna. Einhvern veginn þykir mér þetta nokkuð stutt skref. Er ekki ástæða til að staldra við ýmislegt annað og fleira í sambandi við hrúnið? Var ekki stór hluti leikhúsfólks einnig klappstýrur Sjálfstæðisflokks, auðmanna og útrásarvíkinga? Hvað eigum við að gera við þau? Banna að tilnefna þau? Banna að þau séu kynnar? Banna þeim að mæta á hátíðina? Það eru margir möguleikar í stöðunni og um miklu fleira fólk að velja en Ólaf Ragnar einn.

<http://blog.eyjan.is/maria/>

**Maria Kristjánsdóttir**



Við mælum *gæði* þjónustu okkar reglulega

Við viljum bjóða þér góða þjónustu alla daga og í því skyni höfum við sett upp reglulegar mælingar á þjónustu. Þjónustumæling leiðir í ljós þekkingu á þörfum viðskiptavina okkar, þekkingu á vörum bankans og viðmóti. Við tökum mið af því sem viðskiptavinir segja okkur og þannig getum við haldið áfram að gera betur.

Við ætlum að gera betur

Arion banki

# Að skilja manneskjur

Mannréttindi og ein hjúskaparlög

Toshiki Toma  
prestur innflytjenda



Mannréttindi og mál sem tengjast þeim eru fyrst og fremst rædd á lögfræðilegum vettvangi. En mannréttindi snúast ekki aðeins um ákvæði í lögum, heldur eru þau nátengd skilningi fólks á manneskjunnunni almennt. Forsenda þeirrar ákvörðunar, hvort að færa skuli ákveðin réttindi í lög, byggir á hvers konar skilningi fólk hefur á manneskjunnunni sem slíkri. Ef við viljum setja lög um mannréttindi þá þurfum við að fræða samfélagið og breyta því hvernig við hugsum um manneskjunnunni sem slíkri. Þau eru skrifuð í ákveðnum samtíma í mannkynssögunni sem byggði þá á sínum skilningi. Kjarni málsins er að það ákvæði sem varðar „ein hjúskaparlög“ er sá grunnskilningur á hjónabandi (milli karls og konu), sem þekktist á þeim tíma en er að breytast verulega núna. Því er ekki hægt að nota ákvæði í þeim sem hluta af rökstuðningi sínum um málið. Slíku mætti líkja við mann sem ekki getur farið yfir götu til þess gera við bilað umferðarljós, þar sem það rauða ljósa blikkar í sífellu vegna bilunar!

Mannréttindi verða ekki sett einu sinni – og fyrir alla tíma. Þau halda áfram að þróast eftir því sem skilningur okkar á manneskjunnunni, hvert öðru, heldur áfram að dýpka og við lærum betur hvert um annað, það er líkt og ólíkt. Þannig hreyfist mannréttindabaráttan – vonandi oftast áfram – en okkur ber í raun öllum skylda að hlúa að henni og efla.

eru notuð er eftirfarandi setning í Mannréttindasáttamála Evrópu en þar stendur: „Karlar og konur á hjúskaparaldri hafa rétt á að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu í samræmi við landslög um þessi réttindi.“ (12. gr.)

Mannréttindasáttamálinn skilgreinir sem sagt hjónaband sem stofnun milli karls og konu. Það blasir við að ef það þarf að nota rök af þessu tagi þá skortir í raun almennileg rök. Eins og ég benti á er það fyrst og fremst skilningur fólks á því hvað felst í því að vera manneskja og þá mannréttindum hennar en það er ekki alltaf tryggt í lögum og jafnvel ekki Mannréttindasáttmálum. Mannréttindayfirlýsingin eða sáttamálinn eru ekki „óbreytanleg heilög ritning“. Þau eru skrifuð í ákveðnum samtíma í mannkynssögunni sem byggði þá á sínum skilningi. Kjarni málsins er að það ákvæði sem varðar „ein hjúskaparlög“ er sá grunnskilningur á hjónabandi (milli karls og konu), sem þekktist á þeim tíma en er að breytast verulega núna. Því er ekki hægt að nota ákvæði í þeim sem hluta af rökstuðningi sínum um málið. Slíku mætti líkja við mann sem ekki getur farið yfir götu til þess gera við bilað umferðarljós, þar sem það rauða ljósa blikkar í sífellu vegna bilunar!


Mannréttindi verða ekki sett einu sinni – og fyrir alla tíma. Þau halda áfram að þróast eftir því sem skilningur okkar á manneskjunnunni, hvert öðru, heldur áfram að dýpka og við lærum betur hvert um annað, það er líkt og ólíkt. Þannig hreyfist mannréttindabaráttan – vonandi oftast áfram – en okkur ber í raun öllum skylda að hlúa að henni og efla.

# Ósýnilegi flokkurinn

Sveitastjórnarkosningar

Simon Birgisson

leikstjóri og blaðamaður



Það var erfitt að ganga á kjörstað á laugardaginn hér í Hafnarfirði. Í Reykjavík komst nýtt afl til valda. Í Hafnarfirði hafa aldrei fleiri skilað auðu og kosningabátt-taka var í lágmarki. Því miður fyrir okkur, kjósendur í Hafnarfirði, var enginn besti flokkur eða næstbesti flokkur eða listi fólksins til að greiða atkvæði. Aðeins fjórflokkurinn. Og það er alltaf erfitt að greiða vonbrigðum atkvæði sitt.

Fyrir átta árum, þegar Samfylkingin tók við stjórn bæjarins, var ég fullur bjartsýni. Ég var ungur og trúði því að Samfylkingin myndi breyta bænum til góðs. Hafnarfjörður er sérstakur bær og það er sérstakt hvað ungt fólk hefur sterkar tilfinningar til bæjarins. Ég man að eitt stærsta kosningaloforðið var að bjarga Hafnarfirðingum frá áætlanum Sjálfstæðisanna um uppbyggingu Norðurbakkans. Það var talað í háði um hús sem áttu að rísa á landfyllingu og lúxusíbúðir.

Björgunaraðgerðin blasir nú við á Norðurbakkanum og því miður hlæja nú fleiri en Hafnarfirðingar að því gullna tækifæri sem rann okkur úr greipum. Norðurbakkinn er uppnefndur Berlínarmúrinn – þessi ömurlega blokkarbyggð er eins og risastór veggur sem byrgir sýn og hinumegin við veginn eru gömlu húsin – minnisvarði um fallega byggð.

Norðurbakkinn er versta björgunaraðgerð sögunnar og Samfylkingunni að kenna.

Önnur skipulagshörnungur eru Vellirnir. Hverfið er af flestum talið eitt það ljótasta á Íslandi. Og örugglega þó víðar væri að leita. Þetta hraun gettó er líka minnisvarði – minnisvarði um verktakapólitík þar sem heilbrigð skynsemi lét undan kröfunni um peninga.

Vellirnir eru Samfylkingunni að kenna.

Fyrir átta árum fannst mér sem ungum manni að Hafnarfjörður ætti

Samfylkingarinnar á sínum tíma.

Höfum við grætt eitthvað á þessari vitleysu? Nei, bærinn er skuldsettari en þegar Samfylkingin tók við. Í stað eldmóðs er ungt fólk í bænum fullt af vonbrigðum. Og nema við rifum þakið af nýju vallarlagunni er líklegt að Hafnarfirðingar þurfi að sætta sig við að synda innandyra næstu árin.

Þess vegna var erfitt að greiða atkvæði á laugardaginn. Það var enginn valkostur við vitleysuna. Sem betur fer var ég ekki einn um að skila mínu atkvæði auðu.



Sem betur fer var ég ekki einn um að skila mínu atkvæði auðu. Um 1.600 manns ákváðu að greiða engum fjórflokkanna atkvæði sitt.

Virkegla möguleika á því að verða fallett og lífligt bæjarfélag. Við hefðum getað breytt Norðurbakkanum í fallett svæði, þar sem útikaffihús, búðir, jafnvel leikhús og íbúðir mynduðu tengingu við Strandgötu þar sem nú þegar er elsta kvikmyndahús landsins. Við hefðum getað breytt bænum til góðs.

En í staðinn tóku verktakarnir völdin – við byggðum innisundlaug og neyddumst til að loka útilauginni í Suðurbænum tvo sólríkustu mánuði ársins – Vallahverfið og Norðurbakkinn risu án þess að neinn virtist hugsa um þá stefnu sem bærinn var að taka. Og af einhverjum ástæðum stendur gamla Dvergshúsið enn þrátt fyrir að áætlanir um niðurrif hafi verið ofarlega á loforðalista

Um 1.600 manns ákváðu að greiða engum fjórflokkanna atkvæði sitt. Það er ósýnilegi flokkurinn sem samkvæmt þessum tölum á einn mann inni í bæjarstjórn. Miðað við kosningabátttökuna má Samfylkingin prísá sig sæla að þetta nýja framboð var ósýnilegt á laugardaginn. En það þýðir ekki að þeir sem nú munu fara með stjórn bæjarins megi gleyma úrslitunum á laugardaginn.

Sá meirihluti sem nú mun taka til starfa nýtur ekki trausts bæjarbúa. Hann var verstí valkosturinn í vöndri stöðu. Og ég ætla rétt að vona að á næstu fjórum árum muni hinir kosnu fulltrúar standa sig í stykkinu – því annars er líklegt að ósýnilegi flokkurinn stígi fram í dagsljósið.

Við viljum sjá *lausnir* sem koma okkur til góða

Hafðu samband  
sími 444 7000 • arionbanki.is

# Aðlaðandi ævistarf

**Leikskólakennsla**

**Marta Dögg Sigurðardóttir**  
formaður Félags leikskólakennara

**Ingibjörg Kristleifsdóttir**  
formaður Félags stjórnenda leikskóla

ef hann kys það. Með aukinni menntun leikskólakennara mun leikskólastarf á Íslandi eflast og kjörin styrkjast. Ekki aðeins í krónum heldur starfsumhverfi í heild.

Markmið leikskólastarfs er að veita börnum bestu hugsanlegu uppeldisskilyrði og menntun. Hvert og eitt barn á að fá viðfangsefni við sitt hæfi í örvandi og öruggu umhverfi þannig að hæfileikarnir blómstri og barnið njóti þess sem lífið hefur að bjóða. Það gerist í samspili með samferðafólki þar sem einstaklingurinn nýtur sín innan hóps og hópurinn auðgar einstaklinginn.

Samkvæmt hugmyndafræði leikskólans er barnið virk og skapandi manneskja, litið er á leikinn sem helstu náms- og þroskaleið og mikil áhersla er lögð á skapandi starf. Gleði, áhugi, virkni, samskipti og vinátta einkenna leikskólastarf og hver dagur býður upp á nýjar áskoranir og ný og spennandi viðfangsefni.

Vaxandi fjöldi starfsmanna í leikskólum hefur lokið námi í leikskólakennarafræðum en betur má ef duga skal. Samkvæmt lögum um leikskóla eiga að lágmarki 2/3 þeirra sem starfa að uppeldi og menntun leikskólakennara að hafa leyfisbréf sem leikskólakennari. Einungis rúmur þriðjungur starfsmanna uppfyllir þau skilyrði núna.

Leikskólakennarar búa við mikið starfsöryggi og tryggt er að þeir sem útskrifast næstu áratuginu eru öruggir um atvinnu.

Dagana 5. og 6. júní rennur út umsóknarfrestur um nám í háskólum. Hugsaðu málið.

Kæri lesandi sem ert tilbúinn til þess að velja þér ævistarf.

Undirritaðar eru í forsvari fyrir Félag leikskólakennara og Félag stjórnenda leikskóla og langar til þess að deila með þér nokkrum atriðum sem kunna að hjálpa þér við val á ævistarfi.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið á Íslandi og þar stíga börn sín fyrstu skref á menntabrautinni. Í leikskólum gefst því einstakt tækifæri til að hafa áhrif á framtíðina.

Leikskólakennsla er aðlaðandi ævistarf, gefandi og skemmtileg. Kannanir sýna að starfsánægja leikskólakennara er mikil og þeir upplifa árangur verka sinna á hverjum degi.

Leikskólakennari gengur inn í lærdómssamfélag með samstarfsfólki sínu og nemendum. Hann byggir starf sitt á fræðum sem eru lögð til grundvallar hjá menntavísindasviði HÍ og kennaradeild HA og heldur áfram að vera rannsakandi í starfi eftir að formlegu námi lýkur. Símenntun er í boði alla starfsævina og er þátttaka í henni metin til launa.

Leikskólakennari hefur góða möguleika á framgangi í starfi

# Öld reikningskila

**Glæpir gegn mannkyninu**

**Ban Ki-moon**  
framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna

Fyrir tólf árum stofnuðu veraldarleiðtogar Alþjóða glæpadómstóllinn á fundi í Róm. Þetta er eitt stærsta skref sem stigið hefur verið í þágu friðar, réttlætis og mannréttinda frá stofnun Sameinuðu þjóðanna. 31. maí koma þjóðir heims saman enn á ný, að þessu sinni í Kampala í Úganda, til að fara yfir Rómarsamkomulagið formlega í fyrsta skipti. Þetta er ekki aðeins tækifæri til að líta yfir farinn veg, heldur einnig til að líta til framtíðar. Það sem enn meira er um vert, þá er þetta tækifæri til að efla sameiginlega viðleitni okkar til að tryggja að glæpir gegn mannkyninu séu ekki framdír refsingarlaust.

Í starfi mínu sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hef ég séð af eigin raun hversu skilvirkur Alþjóða glæpadómstóllinn getur verið og hversu mikið hefur áunnist. Fyrir áratug trúðu fáir því að dómstóllinn yrði verkfær og myndi rannsaka og dæma í málum sem vörðuðu þjóðarmorð, stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu víða um heim. Þetta markar söguleg tímamót. Það er líðin tíð að menn komist refsilaust upp með slík ódæði. Þess í stað sjáum við hægt og sígandi renna upp nýja tíma sem kenna mætti við reikningskil. Upphafid má rekja til sérstakra dómstóla sem komið var á fót í Rúanda og fyrrverandi lýðveldum Júgóslavíu.

Í dag er Alþjóða glæpadómstóllinn hryggjarstykkið í sífellt umfangsmeyra alþjóðlegu kerfi þar sem alþjóðlegir dómstólar, blandaðir dómstólar og innlend saksókn skipta með sér verkum.

Hingað til hefur Alþjóða glæpadómstóllinn rannsakað fimm mál. Tvenn réttarhöld standa yfir og hin þriðju í röðinni hefjast í júlí. Þeir sem töldu að dómstóllinn yrði „pappírstígrisdýr“ höfðu rangt fyrir sér. Þvert á móti teygir dómstóllinn arma sína sífellt lengra. Þeir sem fremja glæpi gegn mannkyninu, hafa nú eitthvað að óttast.

Engu að síður er Alþjóða glæpadómstóllinn síðasti varnaglinn og grípur aðeins í taumana þegar innlendir dómstólar hafast ekki að eða eru ófærir um það. Í mars varð Bangladess hundrað og ellefta ríkið sem gerist aðili að Rómarsamkomulaginu en þrjátíu og sjö til viðbótar hafa undirritað það en ekki staðfest. Mörg af stærstu og valdamestu ríkjum heims hafa hins vegar ekki slegist í hópinn.

Án alþjóðlegs stuðnings mun Alþjóða glæpadómstóllinn ekki hafa tilætluð áhrif; hvorki hafa fælingarmátt né reynast sá farvegur alþjóðlegs réttlætis sem til er ætlast. Sem framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hvet ég allar þjóðir heims til að gerast aðilar að dómstólum.

Alþjóða glæpadómstóllinn hefur ekki yfir lögregluliði að ráða. Hann getur ekki handtekið fólk. Sakborningar í þremur af fimm málum sem eru fyrir dómstólum, ganga lausir og geta um frjálst höfuð strokið. Ekki aðeins glæpadómstóllinn heldur alþjóðlega dómskerfið í heild

sinni liður fyrir slíkt og það er að sama skapi vatn á myllu mannréttindabryjóta.

Endurskoðunarráðstefnan í Kampala mun fara yfir leiðir til að efla dómstóllinn. Þar á meðal er til-laga um að starf hans taki einnig til „árásarglæpa“, auk aðgerða til að auka vilja og getu innlendra dómstóla til að rannsaka og sækja til saka í stríðsglæpamálum.

Hugsanlega verður mest umræða um jafnvægið á milli friðar og réttlætis. Satt að segja finnst mér ekki að við þurfum að velja þar á milli. Óbreyttir borgarar eru allt of oft helstu fórnarlömb átaka. Konur, börn og gamalmenni eru fórnarlömb herja sem nauðga, aflima, myrða og tortíma bæjum, þorpum, uppskeru, búfenaði og vatnsbólum – allt í nafni hernaðarlistar. Því skelfilegri sem glæpurinn er því skæðara vopn er hann.

Fórnarlömb vilja skilanlega binda enda á slíkt, jafnvel þó það kosti að ofsækjendur þeirra sleppi við makleg málagjöld. Slíkur friður er hins vegar ávöxtur ofbeldis; án reisnar, réttlætis og vonar um betri framtíð. Sá tími er liðinn að við stillum upp friði andspænis réttlæti. Annað þrífst ekki án hins.

Við okkur blasir sú áskorun að ná báðum þessum markmiðum. Alþjóða glæpadómstóllinn gegnir lykilhlutverki. Ég mun gera allt sem í mínu valdi stendur á ráðstefnunni í Kampala til að efla baráttuna gegn refsileysi og ryðja nýjum tímum reikningskila braut. Glæpir gegn mannkyninu er nefnilega réttnefni því þeir eru glæpir gegn okkur öllum. Við megum aldrei gleyma.

**Kynntu þér *lausnirnar* fyrir 1. júlí**

Við höfum lagt mikla vinnu og metnað í að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar með íbúðalán. Þegar þetta er skrifað hafa yfir tvö þúsund viðskiptavina Arion banka nýtt sér lausnir bankans til höfuðstólslækkunar. Þar af er ungt fjölskyldufólk með sína fyrstu íbúð í miklum meirihluta. Við hvetjum fólk til að koma til okkar fyrir 1. júlí og kynna sér þær lausnir sem eru í boði.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

### Skarphéðinn Jónsson

frá Kringlu, Dalabyggð,

sem lést að dvalarheimilinu Seljahlíð, Reykjavík, þriðjudaginn 25. maí, verður jarðsöngurinn frá Kvinnabrekkukirkju, Dalabyggð, laugardaginn 5. júní klukkan 14.

Guðrún Skarphéðinsdóttir Kjartan Sigurðsson  
Sigríður Skarphéðinsdóttir Jól Þorbjarnarson  
Jón Skarphéðinsson  
Margrét Skarphéðinsdóttir Thor Eggertsson  
Svanhildur Skarphéðinsdóttir Magnús Sigurðsson  
Jónas Rútsson Kristín Viðardóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

### Páll Pálsson

búsettur í Brisbane, Ástralíu, áður Þingeyri við Dýrafjörð,

lést laugardaginn 29. maí. Minningarathöfn fer fram í Fossvogskapellu föstudaginn 18. júní kl. 13.00.

Ruth L. Pálsson  
Páll Pálsson yngri  
Þórður Guðni Pálsson Anna Guðrún Stefánsdóttir  
Hafþór Ingi Pálsson Sigríður Bjarnadóttir  
Herðís Pála Pálsdóttir Jón Ágúst Sigurðsson  
Aníka Rós Pálsdóttir  
Karl Jóhann Pálsson Katrín Brynja Valdimarsdóttir  
Helen Thura Pálsson  
Matthew Simon Pálsson  
og barnabörn.



Ástkær faðir minn, tengdafaðir, afi, sonur okkar, bróðir og frændi,

### Lárus Kristinn Viðarsson

Fróðengi 6,

lést aðfaranótt þriðjudagsins 1. júní á Landspítalanum. Útför verður auglýst síðar.

Ingibjörg Jenný Lárusdóttir Guðbjörn Óli Eyjólfsson  
Eyjólfur Lárus Guðbjörnsson  
Hulda Jenný Marteinsdóttir Viðar Guðmundsson  
Sólveig Viðarsdóttir Carl Tulinius  
Guðmundur Skúli Viðarsson Ingunn Bernátusdóttir  
Helga Matthildur Viðarsdóttir  
og fjölskyldur.



Ástkær eigenmaður minn, faðir, stjúpa-faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

### Þórhallur Halldórsson

sem lést á heimili sínu á hvítasunnudag 23. maí, verður jarðsöngurinn frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 3. júní kl. 15.00.

Erla Durr  
Helgi Þórhallsson Ingibjörg Pálsdóttir  
Rósa Þórhallsdóttir Ólafur Torfason  
Halldór Þórhallsson Stefánía Þóra Flosadóttir  
Guðmundur Þ. Þórhallsson Guðrún Hannesdóttir  
Magnús H. Guðjónsson Ása V. Einarsdóttir  
Páll R. Guðjónsson Sigurlaug Á Sigvaldadóttir  
Kristinn Guðjónsson Marianne E. Klinke  
barnabörn og barnabarnabörn.



Systir mín og frænka okkar,

### Erla Elíasdóttir

fyrirum aðstoðarháskólaritari,

lést í Sóltúni mánudaginn 31. maí. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 7. júní kl. 15.

Ágúst Halldór Eliasson  
Anna Steinunn Ágústsdóttir  
Einar Ingi Ágústsson  
Elías Halldór Ágústsson  
Eva Ágústsdóttir Stewart  
Sveinn Andri Sveinsson



Ástkær faðir, fösturfaðir, tengdafaðir, afi og langafi,

### Sveinn Stefánsson,

fyrirverandi lögregluþjónn, áður til heimilis á Hagamel 29,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir aðfaranótt þriðjudagsins 25. maí sl. Jarðsöngurinn verður frá Grafarvogskirkju föstudaginn 4. júní kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,  
Sigrún Sveinsdóttir



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Liss Mudie Ólafsson

áður til heimilis að Suðurtúni 1, Keflavík,

andaðist á Hjúkrunarheimilinu Hlévangi í Keflavík þann 27. maí s.l. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju, föstudaginn 4. júní kl. 13.00.

Ólafur Einarsson Guðbjörg Halldórsdóttir  
Marianna Einarsdóttir Þorsteinn Marteinson  
Guðrún Einarsdóttir Einar Páll Svavarsson  
barnabörn og langömmubörn.




Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

### Fjóla Símonardóttir

Hrafnistu Hafnarfirði, áður til heimilis að Strandgötu 83 Hafnarfirði,

verður jarðsöngurinn frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 4. júní kl. 13.00.

Helga Símonardóttir Sigríður Símonardóttir  
Sverrir Símonarson Sigríður Friðriksdóttir  
Sveinbjörg Símonardóttir  
og systkinabörn.



Okkar yndislega eiginkona, móðir, dóttir, tengdadóttir, systir og mágkona,

### Elínborg Harðardóttir

Efstasundi 65, 104 Reykjavík,

lést á Landspítalanum mánudaginn 31. maí síðastliðinn. Útför auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda,

Unnar Garðarsson og börn.

LEIKARINN TONY CURTIS ER 85 ÁRA

„Mig langar að vita hversu mörg ár ég fæ að lifa. Ég fæ þau tæpast tuttugu í viðbót og varla fimmtán. En hversu mörg? Við því fást víst engin svör, en ég ætla að uppgötva sjálfan mig upp á nýtt þegar ég verð 85 ára sem mann sem getur hvað sem er og allt sem hann langar til.“

Tony Curtis er bandarískur leikari sem hefur einkum leikið í gamanmyndum eins og *Some like it hot*, en einnig dramatískari hlutverki eins og í *The Defiant Ones*, sem hann fékk tilnefningu til Óskarsverðlauna fyrir.



## tímamót

timamot@frettabladid.is



EINFARI Stefán Máni segist una sér best með sjálfum sér en njóta sín einnig vel í góðra vina hópi. Hann fer reglulega heim í Ólafsvík til að hitta foreldra sína og bróður, en ætlar að verja afmælisdeginum í faðmi og fjöri barna sinna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

STEFÁN MÁNI: FERTUGUR Í DAG

## EKKI ABBAST UPP Á MIG

„Mér finnst talan 40 alveg hrikalega ljót, þung og ferköntuð, en að eldast finnst mér gaman. Mér leiðast þó voðalega svona tímamót, vil ekki láta abbast upp á mig og verð feginn þegar dagurinn er liðinn,“ segir afmælisbarnið Stefán Máni Sigþórs-son rithöfundur sem stendur á fertugu í dag.

Máni er fæddur og uppalinn í Ólafsvík þar sem hann bjó til 26 ára aldurs er hann flutti í höfuðstaðinn til að sinna ritstörfum. „Fram að því hafði ég unnið í fiski og lifað einn dag í einu án þess að velta hlutunum míkið fyrir mér. En svo þegar frystihúsið fór á hausinn og ég hafði ekkert að gera fóru sögurnar að koma til mín. Þannig held ég að sé best fyrir skáldaferil að hefjast,“ segir Máni sem leggur ekki í vana sinn að halda íburðarmiklar afmælisveislu.

„Besta afmælisgjöfin var hjól sem ég fékk orðinn sjö ára og man hvað ég var glaður að geta loks farið að skoða heiminn, en allar götur síðan hef ég farið flestra minna ferða á reiðhjól,“ segir Máni sem lagði upp í sína fyrstu ferð að heiman aðeins þriggja ára gamall, en var stoppaður á fyrsta áfanga- stað; í húsi afa og ömmu.

„Sem barn var ég auðvitað stórskrýttinn, eins og í dag; einfari, sjálfum mér nógur og sjálfstæður. Mér leiddist að vera barn með takmarkað frelsi þar sem fullorðið fólk réði yfir manni og skipti sér af. Ég vildi ráða mér sjálfur og gat það vel ef látinn í friði. Því líður mér betur að vera orðinn fullorðinn þar sem enginn getur sagt mér fyrir verkum,“ segir Máni sem ætlar að eyða afmælisdeginum með börnunum sínum, fjögurra og átta ára. „Við ætlum í keilu og gera allt sem okkur langar til, en þeirra félagsskapur finnst mér skemmtilegastur og að gera það sem þeim þykir gaman.“

thordis@frettabladid.is



Ástkær eigenmaður minn, pabbi okkar, tengdapabbi, afi og langafi,

### Guðleifur Sigurjónsson

fyrirverandi garðyrkjustjóri í Keflavík,

sem lést á heimili sínu föstudaginn 28. maí, verður jarðsöngurinn frá Hveragerðiskirkju laugardaginn 5. júní kl. 11.00.

Ástríður Hjartardóttir  
Hjörtur Kristjánsson  
Sigurjón Guðleifsson  
Ásta Guðleifsdóttir  
Ragnar Guðleifsson  
Sigrúður Guðleifsson  
Margrét Guðleifsdóttir  
Erna Guðlaugsdóttir  
Cecilie Lyberth  
Magnús Jensson  
Hjördís Harðardóttir  
Hörður Gunnarsson  
barnabörn og barnabarnabörn.

# SUMMAR TILBOÐ

4BLS  
BÆKLINGUR

## STÚTFULLAR VERSLANIR AF NÝJUM TILBOÐUM

### NY TILBOÐ

2 VERSLANIR STÚTFULLAR  
AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM Á  
TÖLVUM OG TÖLVUBÚNAÐI

MÚS OG  
LYKLABORÐ  
FYLGI

**REVO**  
FRÁBÆR BORDTÖLVA MED  
512MB NVIDIA ION SKJAST.  
WINDOWS XP, OFL. OFL.  
**49.900**

**GLÆSILEGAR  
VERSLANIR**  
Í REYKJAVÍK OG  
Á AKUREYRI

**4GB**  
4GB COBY MP620  
MP3 SPILARI  
**9.990**

**8GB**  
8GB COBY MP620  
MP3 SPILARI  
**14.900**

HVERGI  
BETRA  
VERÐ

**24"**  
24" FULL HD 1080P  
BENQ LCD SKJAR  
**39.900**

**1TB**  
1TB SAMSUNG SATA2  
HARDDISKUR 32MB  
**14.900**

**2TB**  
2TB SEAGATE SATA2  
HARDDISKUR 32MB  
**26.900**

**1.5TB**  
1.5TB SEAGATE SATA2  
HARDDISKUR 32MB  
**19.900**





## GIGABYTE UPPFÆRSLUTURN 2

- Athlon II X2 240 Dual Core 2.8GHz
- 2GB DDR2 800MHz OCZ minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 512MB ATI Radeon HD3000 skjást.
- 5.1 HD Dolby Digital hljóðkort
- HDMI, DVI, VGA og Gigabit netkort
- Vandaður 500W hljóðlátur turn

**59.900**

ÖFLUGUR UPPFÆRSLUTURN

GLÆSILEG  
**DX11**  
LEIKJATÖLVA



## GIGABYTE X2 LEIKJATÖLVA

- GIGABYTE hljóðlátur IT 500W turn
- Phenom II Dual Core 550 3.1GHz 7MB
- 4GB DUAL DDR2 800MHz minni
- 500GB SATA2 16MB NCQ diskur
- 20x DVD SuperMulti skrifari
- 1GB ATI HD5450 DX11 skjákort
- 7.1 HD Home Theater hljóðstýring
- Windows 7 Home Premium 64 BIT

**119.900**

HLAÐIN ALLRI NÝJUSTU TÆKNI

PRÁÐLAUST  
**NET**  
EKKERT MÁL AÐ BÆTA VIÐ  
PRÁÐLAUSU NETI FYRIR  
KR. 4.990



**HDMI 1080P**



**ASUS**

## 20" SKJÁR OG BORÐTÖLVA

Stórglæsileg borðtölva frá Asus sem er innbyggð í glæsilegan 20" HD PLUS skjá með þráðlausu lykklaborði og mús.

- Intel Atom N330 Dual Core örgjörvi
- 2GB DDR2 800MHz vinnsluminni
- 320GB SATA2 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 20" HD Plus 16:9 1600x900 skjár
- 256MB Nvidia ION HD skjástýring
- 300Mbps Draft-N þráðlaust net
- 1.0MP innbyggð vefmyndavél
- Windows 7 Home Premium

**129.900**

GLÆSILEG ASUS BORÐTÖLVA

**NY KYNSLOÐ**  
HLAÐIN TÆKNINÝ JUNGUM  
OG ENN GLÆSILEGRI Í  
BURSTUÐU ÁLHÚSI



## 1TB HDMI EDITION • 1080i

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Spilar kvikmyndir í meiri gæðum
- Spilar og geymir alla tónlist
- Ljósmynda SlideShow með tónlist
- Spilar beint af öðrum USB flökkurum
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, RCA, RGB, USB ofl. tengi

**34.900**

750GB AÐEINS KR. 29.900



## PRÁÐLAUST LABTEC

Nýjasta þráðlausa settið frá Labtec með glæsilegu þráðlausu lykklaborði og mús

**6.990**

W-1200 PRÁÐLAUST SETT

FÁANLEG  
SVÖRT, RAUÐ  
EDA HVÍT



## M7700 PRÁÐLAUS

- 2.4GHz þráðlaus 10 metra tækni
- Nano sendir geymist í músinni
- High-precision Laser 1600dpi tækni
- Stíllanleg 800 - 1600dpi upplausn
- 5 hnappar og 4ra átta skrunhjól
- Rafhlaða endist í 6+ mánuði

**4.990**

BLUETOOTH ÚTGÁFA KR. 6.990



## MARGMIÐLUNAR SPILARI

- Tengist beint í sjónvarp/græjur
- Spilar kvikmyndir, tónlist, ljósmyndir
- Spilar beint af minnis kortum
- Spilar beint af USB minnislyklum
- Spilar beint af USB flökkurum
- 720P upscaling fyrir meiri gæði

**9.990**

HÁGÆÐA ZOLITH SPILARI



## LEIKJA HEYRNARTÓL

Glæsileg GameCom 367 lokað leikjaheyrnartól frá Plantronics með einstökum hljómgæðum og innbyggðum innfellanlegum MIC. Þægileg og öflug heyrnartól.

**7.990**

MÖGNUM LEIKJAHEYRNARTÓL



## LOGITECH 2.1 KERFI

Glæsilegt 2.1 hljóðkerfi frá Logitech með 2 hátölurum og góðu bassaboxi

**6.990**

LOGITECH 2.1 HLJÓÐKERFI



**TÖLVU**

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900

**NÝ KLIPPING** getur frískað upp á útlitið svona í byrjun sumars. Ef hárið er líflaust eftir veturinn er líka gott að taka vítamín eins og hárkúr og jafnvel splæsa á sig einhverjum góðum hárvörum.



# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

## Skór & töskur í miklu úrvali

www.gabor.is

Sérverslun með

**Gabor**

**XENA**

FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060  
Opíð mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



Eirberg

Ný stuðningshlíf með ökklabandi sem gefur aukinn stuðning

Verð: kr. 7.950,-



BAUERFEIND

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Rósalind Gunnarsdóttir, Erla Björg, Bylgja Dís Gunnarsdóttir, Hörn, Antonía Hevesi og Jóhanna Héðinsdóttir klæða sig upp á fyrir tónleika um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Pilsíð sveiflast í takt

Söngkonunum Hörn Hrafnadóttur og Erlu Björgu Káradóttur finnst gaman að klæðast síðkjólum á tónleikum og segja ákveðna stemningu fylgja þeim. Ótækt sé að vera í buxum við söng á Vínarvölsum.

„Mér finnst rosalega gaman að klæða mig upp á. Ég fæ svo sjaldan tækifæri til þess,“ segir Hörn Hrafnadóttir messósópran. „Það er mjög gaman að vera með tónleika þar sem við fáum virkilega tækifæri til þess að vera rosalega fínar. Nú erum við með verk sem eru í Vínaranda og maður syngur ekki vínarvalsa í gallabuxum. Það er engin sveifla í því. Við förum í síðkjóla sem passa við verkin.“

Hörn syngur ásamt Óp-hópnum á tónleikum í Hafnarborg á morgun og í Vestmannaeyjum á sunnudaginn. Með hópnum syngur einnig sópransöngkonan Erla Björg Káradóttir sem er gengin 35 vikur. „Ég

fór í Flash og það um stóran kjól fyrir óléttu konu. Þetta var stærsti kjóllinn í búðinni en hann er mjög fallegur. Ég var mjög glöð yfir að hún ætti svona stóran kjól.“

Hörn og Erla eru sammála um það að kjólarnir skapi ákveðna stemningu á tónleikum. „Ég syng bara öðruvísi um leið og ég er komin í kjólinn. Ég fer í smá hlutverk þegar ég er komin í flottan kjól,“ segir Erla og Hörn bætir við: „Í sumum lögnum förum við aðeins að dilla okkur í takt við tónlistina og þá er gaman að láta pilsíð sveiflast í takt.“

Þær Erla og Hörn segjast eiga nokkra sparikjóra til skiptanna

og finnst gaman að hafa þá í mismunandi litum. Erla keypti sér bleikan síðkjól í byrjun ársins. „Hann er eiginlega alveg eins og sá sem Rósalind er í. Það er svolítið fyndið því við erum að syngja dúett saman og erum systur þar. Við ætlum að vera báðar í bleiku,“ útskýrir Erla brosandí.

Söngkonurnar hafa fundið kjólana á Íslandi og í útlöndum. „Ég var að læra úti í Salzburg í Austurríki og ég keypti flesta kjólana þar,“ segir Erla en gestir Carnegie Hall í New York hafa meðal annarra fengið að sjá bláa kjólinn hennar Harnar.

martaf@frettabladid.is

FRÁBÆRT ÚRVAL AF KJÓLUM OG LÉTTUM SUMARFATNAÐI.



*hjá Hrafnhildi*

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

# SUMAR ÚTSALA

Gerð gæða- og verðsamanburð

6 mánaða vaxtalaugar greiðslur

Svefn & heilsa



www.svefn.is

NÝTT



BOAS

Leður hægindastóli 3 sæta 149.900  
Svefnstóli 149.900

20-50%  
AFSLÁTTUR

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgafnar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

NÝTT



BOAS

Leður hægindastóll 79.900  
Nokkrir litir

Lyftu hægindastóll 129.900

GERUM TILBOÐ FYRIR HÓTEL OG GISTIHEIMILI

Íslenskir PU leðurbotnar og gaflar. Íslensk framleiðsla.



Gerð gæða- og verðsamanburð



## Spratt upp úr samstarfi við skartgripahönnuð

Þrjár vinkonur með ólíkan bakgrunn ákváðu fyrir stuttu að stofna vefverslun með eigin skartgripahönnun. Þríeykið hefur nú hannað sjö skartgripalínur fyrir alla aldurshópa.

„Þetta eru í rauninni hugmyndir að því sem okkur finnst flott,“ segir Hulda Rós Hákonardóttir sem opnar skartgripaverslunina Made by 3 á vefnum ásamt tveimur vinkonum sínum á næstu dögum. „Afurðirnar eru búnar til úr vönduðu og ekta hráefni þó að við séum líka með ódýrara hráefni,“ segir Hulda en skartgripirnir eru gerðir úr Swarovski-kristöllum, blóðsteinum og glersteinum. Einnig eru keðjur af öllum stærðum og gerðum áberandi í hönnuninni.

Innt eftir því hvaðan hugmyndin að stofnun Made by 3 hafi komið segir Hulda: „Teresa Tryggvadóttir sem býr úti í Svíþjóð er vöruhönnuður og gerði lokaverkefni sitt í samvinnu við sænskan skartgripahönnuð sem síðar réði hana í vinnu. Þar lærði hún réttu handtökin. Hún er nú að klára mastersgráðu í verkfræði. Þær Telma systir hennar fóru að útfæra og gera eitthvað saman,“ segir Hulda og bætir við að sjálf hafi hún fljótlega bæst við hópinn. „Þannig varð þetta nú bara til.“

Hulda segir að þær séu ólíkar og leggi því til mismunandi hugmyndir að hönnun og útfærslu



Telma Tryggvadóttir og Hulda Rós Hákonardóttir ákváðu í samstarfi við Teresu systur Telmu að opna skartgripabúð á Netinu með eigin hönnun. FRÉTTABLAÐID/VALLI

skartgripanna. Hulda og Telma eru heimavinnandi. „Við erum eiginlega báðar komnar með leiða á því,“ útskýrir Hulda sem stundaði verslunarrekstur um árabil. „Telma hefur líka unnið í verslunarrekstri og er viðskipta- og bókhaldshugsuðurinn hjá okkur.“

Þríeykið hefur hannað sjö mismunandi skartgripalínur. „Ein línur er meira fín. Hinar gætu

gengið bæði hversdags og fínt. Við reynum að hanna hluti sem ganga við öll tækifæri. Við reynum að láta einhverja hluti passa saman á milli línanna og svo sjáum við í rauninni hvað fellur í kramið og hvað ekki,“ upplýsir Hulda sem segir skartgripina hugsaða fyrir alla aldurshópa. „Línurnar eiga að ná til allra. Við erum með skartgripi handa yngri stelpum og svo

erum við alveg með það sem ömmurnar vilja líka.“

Hulda segir að í framhaldinu ætli þær að fá inn í vefverslunina sænsk skartgripamerki meðal annars frá Ásitas. Heimasiðan [www.madeby3.is](http://www.madeby3.is) verður fljótlega opnuð. martaf@frettabladid.is



Vinkonurnar leggja til mismunandi hugmyndir að hönnun og útfærslu skartgripanna.

Þríeykið hefur hannað sjö mismunandi skartgripalínur.

MYNDIR/ÚR EINKASAFNI

Teresa Tryggvadóttir lærði réttu handtökin í skartgripahönnun hjá skartgripahönnuði sem hún lærði hjá í Svíþjóð.

Keðjur í öllum stærðum og gerðum eru áberandi í hönnuninni.

Hönnunin er hugsuð fyrir konur á öllum aldri.



## Full búð af nýjum vörum

### Ótrúleg verð!



Jakki  
til í svörtu og hvítu.  
**5.990 kr.**  
Stærðir: One Size  
hlírabolur **1.990 kr.**  
til í öllum litum.



Kjól  
Stærðir: One Size  
**6.990 kr.**



Golla  
til í svörtu. ljósbleiku,  
turkís og dröppuðu  
**3.590 kr.**  
Stærðir: One Size



Buxur  
til í svörtu  
**4.990 kr.**  
Stærðir: One Size

Opið frá 11–21 í Smáralind, fimmtudag.





Jakki með bláu fóðri yfir rauða skyrtu og pils yfir buxur.

Yamamoto brýtur tískureglurnar án þess að hika og stefnir saman bláum buxum og svörtum jakka, og ófugt.

# Yamamoto í Tókýó

Japanski tískuhönnuðurinn Yohji Yamamoto sýndi í fyrsta sinn í níttján ár hönnun sína í heimaborg sinni Tókýó nú á dögunum. Yamamoto sýndi herrafatalínu undir heitinu The men.

Sýning Yamamoto í Tókýó var þéttsetin og komust færri að en vildu en Yamamoto er dádur í Japan. Hann átti sinn þátt í að japönsk tískuhönnun komst á heimskortið snemma á nýfunda áratugnum, þegar hann flutti til Parísar ásamt fleirum japönskum hönnuðum en hann hefur ekki sýnt í Japan síðan þá.

Yamamoto er þekktastur fyrir frjállega sniðin jakkaföt og afslappað útlit og að brjóta tískureglur án þess að hika. Hann er þó sagður gera það á þann hátt að útkoman verður klæðileg.

heida@rettabladid.is



Yamamoto hikar ekki við að klæða módelin í pils utan yfir jakkafatabuxurnar.

Afslappað útlit er eitt af einkennum hönnuðarinnar.



Á sýningunni mátti sjá laus og frjállega sniðin jakkaföt en fyrir það er Yamamoto einna þekktastur.



Safnstjóri Byggðasafnsins á Dalvík segir kjólinn einstakan en hann var í eigu gamallar konu í sveitinni.

MYND/ÍRIS ÓLÖF SIGURJÓNSDÓTTIR

## Einstakur kjóll á Hvoli

Í Byggðasafninu Hvoli á Dalvík stendur nú yfir sýning á íslenskum kjól frá 19. öld.

„Ég álit að þessi kjóll hafi verið saumaður á milli 1865 og 1880,“ segir Íris Ólöf Sigurjónsdóttir, safnstjóri Byggðasafnsins Hvols.

Kjólinn hefur Íris forvarið sjálf en hún er ein þriggja textílforvarða á landinu. Hún segir kjólinn einstakan en hann var í eigu konu í sveitinni sem fór fram á að hann yrði varðveittur. „Kjóllinn er handsaumaður, sennilega af prestsfrú eða prestsdóttur sem kunnir fyrir sér í saumaskap. Hann hefur eitt sinn verið finnt og vinnukonan sem fékk hann gefins notaði hann sem altarisgöngukjól. Kjóllinn er einstakur og ég veit ekki til þess að önnur söfn á Íslandi eigi svona kjól,“ segir Íris.

Byggðasafnið er opið alla daga í sumar frá klukkan 11 til 18 en auk kjólsins er margvísleg muna á safninu sem gaman er að skoða. Hægt er að fræðast um safnið á heimasíðu Dalvíkurbæjar, www.dalvik.is

-rat



FYRIR ÚTSKRIFTINA



MC PLANET®

Opið mán.fim 12-18, fös. 12-16, lau. lokað

Sími 694 7911 Eikjuvogur 29, 104 Rvk.

Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...



## Fögnum sumri

20% afsláttur af öllum sængurfatnaði fram á laugardag. Yfir 40 gerðir af rúmfatnaði fyrir börn og fullorðna.

Lín DESIGN

Lín Design, gamla sjónvarphúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

**MIKIÐ ÚRVAL AF FATAEFNUM**  
ULLAREFNI, JERSEY, JOGGING, FLAUEL, SAMKVÆMISEFNI

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504



Kjöll með frjálsslegu A-sniði.

## Ýmis konar ólík efni

**Kjól dagur verður í versluninni Hanna design við Klapparstíg á morgun, föstudag.**

Kynning verður á nýjum sumar kjólum sem nota má við mörg tækifæri í versluninni Hanna design á morgun. Kjólarnir eru í léttum dúr með spennandi undirtón og ýmist í klassískum stíl, ermalausir og útvíðir frá mitti, eða í frjálsslegu A-sniði með stuttum eða millisiðum ermum. Flestir eru samsettir úr bómull og silki með ullarmynstri þæfðu í bómullina enda er hugmyndin að þeim upprunnin frá prófunum í samsetningu á ólíkum efnum.

- gun



Háhælaðir skór úr karfaleðri frá Donnu Karan.

Næla úr smiðju Helgu Mogensen úr silfri, laxaleðri og skötuleðri.

## Falleg hönnun úr hafinu sjálfu

**Gripir úr roði og fiskleðri eftir íslenska og erlenda hönnuði eru til sýnis í Hönnunarsafni Íslands sem nýlega opnaði að Garðatorgi 1 í Garðabæ.**

Úr hafi til hönnunar heitir sýningin sem var opnuð í Hönnunarsafni Íslands í síðustu viku, en munirnir sem þar eru sýndir koma úr ýmsum áttum. Þar gefur að líta skó, stóla, töskur, útvistarfatnað, skálar, kjóla, bækur og skartgrip.

Íslenskir hönnuðir og listhandverksfólk hefur lengi notast við roð og fiskleður en erlendir hönnuðir hafa einnig spreytt sig á efninu. Á sýningunni verða munir eftir heimsfræga hönnuði á borð við Karl Lagerfeld og Christian Dior. Gripurinn sem þykir koma einna mest á óvart er til að mynda eftir Lagerfeld en það er gítartaska úr bleiku karfaroði fyrir sex flöskur af Dom Pérignon Rosé árgangskampavíni.

Meðal íslenskra hönnuða sem eiga muni á sýningunni má nefna Eggert feldskera, Arndísi Jóhannsdóttur í Kirsuberjatrénu, fatahönnuðinn Steinunni Sigurðadóttur og textilhönnuðinn Önnu Gunnarsdóttur á Akureyri.

Elstu hlutirnir á sýningunni eru roðskór úr hlýra og steinbítroði sem minna á að roðið var ekki aðeins borðað fyrir á tíð heldur einnig þurrkað og sniðið í skó. Steinbítroð mátti nota til bókbands og á sýningunni má einnig sjá húsgögn með þessu slitsterka áklæði.

Sýningarstjóri er Harpa Þórsdóttir forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands en hönnun sýningarinnar er í höndum SruLi Recht Studio. Safnið er opið gestum alla daga nema mánudaga frá klukkan 12 til 17.

solveig@frettabladid.is



Stígvél úr laxaleðri eftir Maríu K. Magnús.



Taska úr smiðju Steinunnar.

Stígvél frá Kobenhagen fur úr laxaleðri en doppurnar eru úr minkaskinni.

Buxur frá Farmers Market.

Kvenhattur úr laxaleðri frá Jacques Le Corre í Frakklandi.

Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki

**TAX FREE**

Fimmtudag til laugardags  
Stærsta töskuverslun landsins.



**15%**  
afsláttur



Skólavörðustíg 7, 101 Reykjavík. Sími 551-5814, th.is

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



### Made in USA

Goðsögnin um tísku-borgina París lifir enn ágætu lífi þrátt fyrir harða samkeppni fjölda borga víða um veröld. Í dag er að finna öfluga tískustarfsemi til dæmis í Milánó á Ítalíu, í Lundúnum eða jafnvel Ríó. En hvort sem mönnum líkar betur eða verr eru bandarískir hönnuðir öflugir þó þeir hafi ekki alltaf þótt merkilegir í Frakklandi. Í seinni tíð taka þeir til sín sífellt stærra pláss í tískuheiminum og í dag leyfir sér enginn að tala með lítillsvirðingu um Oscar de la Renta, Calvin Klein, Tommy Hilfiger eða Ralph Lauren. Margir vildu hins vegar glaðir skila eins miklum hagnaði og fyrirtæki þessara hönnuða. Velgengni þeirra hefur líklega þagg- að niður í gagnrýnisróddum en á þessum síðustu og verstu kreppu- tímum hefur þeim gengið nokkuð vel að halda sinni stöðu og sumir halda jafnvel áfram að vaxa.

Tommy Hilfiger byrjaði að hanna sportfatnað í anda þeirra sem stunda skútusiglingar sem smám saman færðist yfir í svo- kallaðan „sport-chic“-stíl og náði gríðarlegum árangri á níunda og tíunda áratug síðustu aldar. Svo miklum að fyrirtækið seldist fyrir 1,6 milljarða dollara fyrir nokkrum árum. Annar sem sjálfsagt hefur einhvern tíma verið fyrirmynd Tommy Hilfiger, Ralph Lauren, opnaði nýtt glæsilegt tískuhús í París á dög- unum. Hið nýja Parísarútibú er að finna í hinu fræga listamanna-

hverfi, á Saint Germain des Près- búlarðinum og má með sanni kalla flaggskip hinna um það bil þrjú hundruð búða Ralphs Lauren í heiminum. Í þessari margra hæða verslun er tískulínum Laur- en safnað saman undir eitt þak og meira að segja hægt að borða á Ralph Lauren-veitingastað- um í tískuhúsinu. En 1998 opn- aði hann fyrstur bandarískra hönnuða veitingastað. Draumur Ralphs Lauren, skrifaður 1957 í skólabækur í Bronx í New York um að hann ætlaði að verða millj- ónamæringur, hefur því orðið að veruleika en hann var fátækur sonur gyðinga frá Hvíta-Rúss- landi. Lauren naut vinsælda frá upphafi en fyrsta tískulína hans kom á markað 1967 og samantóð af breiðum bindum sem þóttu mikil nýjung en fljótlega fylgdi hinn frægi pólóbólur. Skemmti- leg tilviljun en Calvin Klein sem einnig hefur haft áhrif á tískuna bjó í næstu götu og gekk í sama skóla og Lauren. Klein er önnur goðsögn í bandarísku tískunni og líklegt að flestir karlmenn sem fylgjast með tískunni gangi í Cal- vin Klein nærbuxum svo dæmi sé tekið af hönnun hans.

Líkega er þó Oscar de la Renta sá bandaríski hönnuður sem hvað mestrar virðingar nýtur í tísku- heiminum hvað varðar hæfileika. Hann þykir meira glamúr. En spurning er hvort það sé mikil- vægara að vera þekktur fyrir fagaða hönnun og listræna sköp- un eða tísku sem selst.

bergb75@free.fr



Tíska er siður, venja, breytileg eftir breyti- legum smekk, ríkj- andi um skemmri eða lengri tíma, einkum í klæðaburði og snyrt- ingu, ýmiss konar þróun á formum, línum, efni og litum sem almenningur tekur upp á arma sína.

visindavefur.is

## VATTJAKKAR SUMARTILBOÐ

20% AFSLÁTTUR

Skoðið sýnishornin á laxdal.is (YFIRHAFNIR)



Laugavegi 63 • s: 551 4422

fridaskart.is

„Bólupang“



fríða

SKARTGRÍPAHÖNNUÐUR & GULLSMÍÐUR

Strandgötu 43 | Hafnarfirði

## Gefðu vatn

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar www.help.is

## VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

## Villidýr í Brasilíu

Efnislitlar flíkur og sundföt eru áberandi í hinni heitu borg Rio de Janeiro.

Tískuvika stendur yfir í Rio de Janeiro í Brasilíu. Tísk- an tekur vitaskuld mið af loftslaginu og því ekki að undra að efnislitlar flíkur séu í hávegum hafðar á tískupöllum.

Brasilía er heimaland kjötkveðjuhátíða þar sem bikini og annar sundfatnaður hefur sinn fasta sess. Því var ljóst að slíkur fatnaður fengi einnig athygli á tískuvikunni.

Meðal hönnuða á tískuvikunni var Triya sem sýndi sundföt og hafði greinilega hugann við villi- dýr á borð við púmu, tígrisdýr og hlébarða við hönnun sína eins og sjá má.

-sg

Tígurinn kemur vel út á sundbol.

Tígrisdýrið er tignarlegt dýr.

Hlébarða- mynstrið klikkar ekki.

Grænar glyrnur púmannar- stöðu á gestu tískuviku.

## KAREN MILLEN



KAREN MILLEN býður í tilefni af frumsýningu

SEX AND THE CITY 2

20% afslátt af öllum vörum\* 3.-6. júní

\*gildir ekki með öðrum tilboðum

KRINGLAN s. 533-1740 | SMÁRALIND s. 534-1740

**White-Westinghouse**  
amerísk gæða heimilistæki



**12 kg**  
Þvottavél  
og þurrkari

- Tekur 12 Kg · Hljóðlát
- Stórt op > auðvelt að hlaða
- Sparneytin

**RAFVÖRUR**  
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

**Súper sumar smellur!**

Handsnyrting með lökkun  
Fótsnyrting með lökkun  
Litun og plökkun,  
Allt þetta á aðeins 10.900 kr

Gildir alla virka daga í júní og júlí 2010

**DONG FANG SALON**  
SWITZERLAND  
DONG FANG SALON  
DONG FANG SALON  
DONG FANG SALON

**TRIND**  
Ávallt No 1



Nákvæmar íslenskar leiðbeiningar á [www.Trind.com](http://www.Trind.com)  
Útsölastaðir: Apótek og snyrtivöruverslanir

**Veldu gæði og gott verð - Njóttu sumarsins**



Útsölastaðir: Apótekin, Fjarðarkaup, verslanir

**LAGERSALA**  
**50-90% afsláttur**

TÍSKUFATNAÐUR ÚR VERSLUNINNI ILSE JACOBSEN  
- KOMIÐ OG GERIÐ FRÁBÆR KAUP Á NÝRRI SUMAR-  
LÍNU - VÖNDUÐ VARA Á STÓRLÆKKUÐU VERÐI

TOPPAR - KJÓLAR - SKOKKAR - BOLIR - PILS - BUXUR - JAKKAR  
- KÁPUR - SKÓR - STÍGVÉL - SKART O.F.L.

LANGHOLTSVEGUR 126, 104 REYKJAVÍK, s. 618 4150.

Opið:  
Fimmtudaginn 3. júní kl.12-18  
Föstudaginn 4. júní kl.12-18  
Laugardaginn 5. júní kl.12-18  
Sunnudaginn 6. júní kl.12-17

Missið ekki af þessu einstaka tilboði !

**ALLT**



Skokkur 3.790 kr.  
Bolur 2.490 kr.  
Name it.

Skýrta 2.990 kr.  
Bolur 2.990 kr.  
Name it.

Stuttbuxur 3.490 kr.  
Name it.

Skokkur 3.990 kr.  
Bolur 2.490 kr.  
Name it.

## Líf og fjör í fataskápnnum

Litrík og lífleg barnaföt eru alltaf skemmtileg og eiga sérstaklega vel við í sólinni. Í sumarfríinu ætti því endilega að leyfa litlum púka-sköttum að skarta öllum regnbogans litum.

Ekkert er skemmtilegra en að vera í frí og leika sér í sólinni þegar maður er lítill. Líflegir litir gleðja augað og hamingjusöm börn að leik í glaðlegum sumarfötum koma líka öllum stórum í kringum sig í gott skap.

Falleg barnaföt fást víða og hægt að finna flíkur í öllum regnbogans litum til að pakka niður í ferðatöskuna fyrir sumarferðirnar, hvort sem þær eru stuttar eða langar. [emilia@frettabladid.is](mailto:emilia@frettabladid.is)



Buxur 5.490 kr.  
Rumputuski.

Prjónasokkar, tilvaldir í útilegum 3.600 kr.  
Rumputuski.

Sólhattur 3.690 kr.  
Rumputuski.

Samfella 4.590 kr.  
Rumputuski.

Auglýsingasími

**512 5401**



Allt sem þú þarft...

**ALLT**

Jóna María Hafsteinsdóttir  
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir  
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir  
thordish@365.is - sími 512 5447

**ÚT AÐ BORÐA**  
Föstudaga

# skólar og námskeið

FIMMTUDAGUR 3. JÚNÍ 2010



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**HÓTEL OG  
MATVÆLA  
SKÓLINN**

Í HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLANUM ERU  
FJÓRAR SAMNINGSBUNDNAR IÐNGREINAR

**Gott nám með  
mikla möguleika**

Viltu vera bakari, framreiðslumaður, kjötiðnaðarmaður  
eða matreiðslumaður?  
Nám í skóla og nám á vinnustað.

Nemendum stendur til boða að byrja á að fara í eins árs  
grunnám eða hefja námið beint á starfsnámsstað.

**OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR!**

**www.mk.is**

Upplýsingar á [www.mk.is](http://www.mk.is) og á  
skrifstofu skólans í síma 594 4000



**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI**

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN

FERÐAMÁLASKÓLINN

LEIÐSÖGUSKÓLINN



● **SKÓLABÚÐIR Í SVEITINI** Skólabúðir hafa verið starfræktar í Kiðagili í Bárðardal frá árinu 2003. Tekið er á móti hópum grunnskólabarna og boðið upp á margvíslega pakka, sérsníðna að hópnum eftir aldri og þörfum. Hóparnir gista í Kiðagili og fá að kynna lífi og störfum í sveitinni. Meðal þess sem boðið er upp á í skólabúðunum er vinna með handverk og hverfandi starfhætti en þar fá nemendur meðal annars að kynna ullarþæfingu og jurtalitun. Einnig fara hóparnir í heimsókn á bóndabæi og kynna hefðbundnum sveitastörfum, kynna heimarafstöðvum og stuttmyndagerð svo eitthvað sé nefnt.

Nánar má kynna sér dagskrá skólabúðanna á heimasíðunni [www.kidagil.is](http://www.kidagil.is)



Farið er með krakkana í heimsókn á bóndabæi í Bárðardal. MYND/KIDAGILIS



Anna Kristín Guðnadóttir er nýtskrifuð með sveinspróf í bifreiðasmíði. Hún segir að í starfið þurfi þolinmæði og nákvæmni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Erlendur fyrirlesari í sumarháskólanum

Hrafnsyri, Háskóla- og Vestfjarða og Fræðslumiðstöð Vestfjarða bjóða upp á helgarnámskeið í strand- og menningarferðamennsku á Hrafnsyri helgina 11 til 13. júní.

„Ég mun fjalla um menningarferðamennsku. Hrafnsyri og safn Jóns Sigurðssonar verður tekið sem dæmi um menningarferðamennsku,“ segir Valdimar Jón Halldórsson staðarhaldari á Hrafnsyri og fyrirlesari á laugardeginum. „Síðan verða menn kynntir fyrir þróun félagsfræðilegra rannsókna í ferðamennsku undanfarna áratugi og helstu áherslum fræðimanna á þessu

sviði í dag. Að endingu verður fjallað um hvernig ferðamennskan tengist sífellt meira sjálfsmýnd fólks.“

Eftir að fyrirlesturum lýkur á laugardeginum verður farið í bát til Bíldudals þar sem Skrímslasafnið verður skoðað.

Á sunnudaginn mun Marc L. Miller prófessor frá Washington-háskóla fjalla um strandferðamennsku. „Og þau tækifæri sem strandsvæði bjóða ferðafólki, bæði hvað varðar náttúru og menningu.“

Námskeiðið er kennt bæði á íslensku og ensku en það gefur 2 ECT háskólaeiningar.

-mmf



Námskeiðið er haldið á Hrafnsyri helgina 11. til 13. júní.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Áhuginn kviknaði í æsku

**Anna Kristín Guðnadóttir þreytti sveinspróf í bifreiðasmíði fyrir nokkrum dögum en hún hefur verið nemandi í greininni við Borgarholtsskóla síðustu þrjú ár og rúmlega það.**

„Jú, ég er fyrsta konan til að útskrifast úr bifreiðasmíði úr Borgarholtsskóla og líklega í fyrsta skipti sem kona útskrifast hérlendis yfirhöfuð úr faginu. Að minnsta kosti að því er við best vitum og Hagstofan hafði ekki upplýsingar um neinar aðrar konur úr faginu,“ segir Anna Kristín. Hún starfar, og hefur starfað samhliða náminu, sem bifreiðasmíður hjá Toyota Kletthálsi.

„Þegar ég kláraði stúdentsprófið var ég mikið að spá í framhaldsnám og fékk þá hugmynd í hausinn að það gæti verið sniðugt að læra einhverja iðngrein, þar sem ég þyrfti bæði að nota hendurnar og hausinn. Bílaáhugi hefur alltaf blundað í mér en ég hafði aldrei gert neitt

við þann áhuga þegar ég ákvað að skella mér í námið.“ Kristín Anna segist rekja áhugann til föður síns sem starfaði sem löggiltur bifreiðasali þegar hún var barn og hún var því oft að snattast með honum í kringum bifreiðar.

„Námið sjálf var mjög skemmtilegt. Verklegi hluti námsins hefur líklega verið meira en helmingur. Áfangarnir voru teknir fyrir, einn í einu, og að nokkrum vikum loknum voru lokapróf strax í greinunum. Þannig var maður ekki í tíu fögum í einu yfir önnina og fyrirkomulagið er mjög þægilegt.“ Meginmarkmið námsins er að gera útskrifuðum bifreiðasmíðum kleift að gegna störfum við uppbyggingu og viðgerðir burðarvirkja og yfirbygginga allra helstu gerða ökutækja og eftirvagna. Náminu lýkur með sveinsprófi sem veitir rétt til starfa í iðngreininni og gildir einnig sem inngöngumiði í nám til iðnmeistaraprófs.

„Við lærum að log- og rafsjóða, bílaréttingar og smíðar og í náminu

smíðuðum við nemendurnir meðal annars afturbretti á rútu, ótal sílóa á bíla og sveinsstykkið var legubekkur á hjólum sem notaður er til að renna undir bíla fyrir viðgerðir. Bekknum er svo líka hægt að breyta í stól. Bekkurinn gildi þrjátíu prósent af sveinsprófinu og svo þurftum við einnig að rétta hurð, mæla bíl í réttingarabekk, ljósa-stilla, sjóða brotinn stuðara og ýmislegt.“

Í frítíma dundar Anna Kristín sér við að gera upp Volkswagen Golf, árgerð 1985, blæjuútgáfu. „Ég fann bílinn tjónaðan og það eru aðeins til fjórar svona týpur á landinu. Það má segja að allur aukatími fari í að huga að honum og hann er rétt í þessu að verða tilbúinn. Annars er ég allan daginn í draumastarfinu, maður er frjálss og getur lagt allan sinn metnað í að gera hlutina vel. Nei, þetta er sjaldnast líkamlega erfitt. En maður þarf að vera mjög þolinmóður, smámunarsamur og hafa smá fullkomunaráráttu.“

-jma

## Frestur að renna út

Umsóknarfrestur um háskólanám á haustönn er alveg að renna út víðast hvar ef hann er ekki þegar liðinn.

Þótt nemendur séu nýsloppnir út í sumarið verða þeir að huga að áframhaldandi námi ef það er á dagskrá í haust því tímatakmarkanir eru á umsóknunum.

Deir sem hyggja á nám í framhaldsskólum landsins í haust hafa væntanlega þegar sótt um en hafa frest til 11. júní til að breyta

þeim umsóknunum. Iðnskólinn í Hafnarfirði hefur lokað fyrir umsóknir, samkvæmt sinni heimasíðu en Tækniskólinn ([tskoli.is](http://tskoli.is)) tekur enn við umsóknunum í dreifnam (áður kvöld- og fjarnám) og Meistaraskólanum.

Í Háskóla Íslands ([hi.is](http://hi.is)) og Háskólanum á Akureyri ([unak.is](http://unak.is)) er umsóknarfrestur um grunnnám til 5. júní, í Keili ([keilir.net](http://keilir.net)) til 7. júní og Bifröst ([bifrost.is](http://bifrost.is)) til 15. júní. Listaháskólinn, Háskólinn á Hólum, og Háskólinn í Reykjavík hafa þegar lokað fyrir umsóknir.

-gun



Fræðslufundirnir verða haldnir um helgar í sumar og hefjast þeir klukkan eitt.

### ● FUNDAÐ Í GRÍMSNESI

Í Sesseljúhúsi að Sólheimum í Grímsnesi verða haldnir fræðslufundir í allt sumar. Sérfræðingar á ýmsum sviðum sem tengjast umhverfismálum munu fræða almenning. Sérfræðingarnir munu flytja stutt erindi en svo verður farið út og jurtir, fuglar og landslag skoðað. Fyrsti fræðslufundurinn er á laugar-dag klukkan eitt en þá mun Benedikta Jónsdóttir fjalla um það hvernig sniðganga megi kemisk efni í umhverfinu. Nánari upplýsingar um fræðslufundina má finna á [www.sesseljuhus.is](http://www.sesseljuhus.is)

„Fylltu á tankinn í sumar“

Fræðslunámskeið með Sirrý í Heilsuborg í kvöld 3. júní, kl. 19.30.



Fyrirlestur, vinnustofa, léttar veitingar, frír vikupassi og happdrættisvinningar! Síðast var uppselt. Aðeins 40 manns komast að í þetta skipti. Verð aðeins kr. 2.500.-

Skráðu þig núna í síma 560 1010 eða á [heilsuborg@heilsuborg.is](mailto:heilsuborg@heilsuborg.is)



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010  
[www.heilsuborg.is](http://www.heilsuborg.is)

Sirrý er félags- og fjölmiðlafræðingur og hefur áralanga og farsæla reynslu af námskeiðahaldi í samskiptafærni





# Ágæti verðandi framhaldsskólanemi!

Nú er komið að því að velja framhaldsskóla. Ef þú ert góður nemandi þarft þú að spyrja þig nokkurra spurninga:

1. *Vil ég fara í lítinn persónulegan skóla með líflegu félagslífi?*
2. *Vil ég fara í skóla með bekkjarkerfi þar sem auðvelt er að mynda vinatengsl?*
3. *Vil ég fara í skóla sem hefur það að aðalmarkmiði að búa nemendur undir nám í háskóla?*
4. *Vil ég fara í skóla þar sem ég vinn „heimavinnuna“ í skólanum?*
5. *Vil ég frekar útskrifast sem stúdent laugardaginn 7. júlí 2012 en laugardaginn 24. maí 2014?*

**Svarir þú þessum spurningum játandi  
átt þú erindi í Menntaskólann Hraðbraut!**

# Stefnir á sirkusnám

Jóakim Meyvant Kvaran stundar nám við listnámsbraut Borgarholtsskóla. Eftir útskrift um jólin, eða næsta vor, allt eftir því hvernig gengur, stefnir hugurinn þó í allt aðrar áttir. „Þá ætla ég í sirkusnám,“ upplýsir Jóakim sem hefur þó nokkra reynslu í þeim geira. Hefur tekið þátt í uppsetningum Sirkuss Íslands í tvö ár og nú nýverið í sýningunni Sirkus Sóley.

Upphafið að sirkusá huganum má rekja til afdrifaríks göngutúrs sem Jóakim fór með félag sínum 2007. „Þá rákumst við á einhjóli til sölu og ákváðum að kaupa. Upp frá því lærðum við alltaf meira og meira,“ segir Jóakim. Þegar þeir rákust síðan á Lee Nelson eða trúðinn Wally þar sem hann var að sýna listir á Lækjargötu voru örlogin ráðin. Þeir fóru að æfa með Lee við Sirkus Ísland og áhuginn vaknaði fyrir alvöru.

Jóakim hefur ekki fastsett hvar hann ætli í nám en þykir líklegt

að sirkusskóli í Svíþjóð eða jafnvel Belgíu verði fyrir valinu.

En hvað er lært í slíkum skóla? „Þessu svipar svolítið til fimleika en í sirkusnámi lærir maður mikið um akrobátík,“ útskýrir Jóakim. „Fyrsta árið í mörgum sirkusskólum snýst um að læra undirstöðu allra greina en út frá því ákveður maður hvað maður vill læra, hvort sem það er að ganga á reipi eða læra að vera með trúðslæti,“ segir Jóakim sem sjálfur heillast svolítið af trúðabrautinni þó hann haldi möguleikunum opnum.

Hann er inntur eftir framtíðarmöguleikum eftir sirkusnám. „Mikill hluti af náminu snýst um leiklist og því er hugsanlegt að fá vinnu við eitthvað slíkt. Einnig erum við að reyna að stækka sirkushópinn hér heima og vonandi opnast einhverjir atvinnumöguleikar þar,“ segir Jóakim sem hlakkar mikið til að takast á við þetta nýja verkefni.



Dóra Sigurðardóttir segir að með því að bæta eins árs námi við diplómanámið í erlendum háskóla geti nemandinn öðlast BA-honors gráðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

## Nýta ónýtta möguleika

**Tveggja ára diplómanám í teikningu og textíl var kynnt nýlega. Námið er samstarfsverkefni Myndlistaskólans í Reykjavík og Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans.**

Myndlistaskólinn og Tækniskólinn hafa frá 2007 verið í samstarfi um diplómanám í mótun þar sem unnið er með leir og tengd efni. Tvisvar sinnum hafa verið útskrifaðir nemendur úr mótunarnáminu. „Þessar nýju brautir eru byggðar upp með sama hætti og mótunarnámið,“ segir Dóra Sigurðardóttir skólastjóri Hönnunar- og handverksskóla Tækniskólans. Við uppbyggingu námsins var meðal annars unnið með tölvuleikjafyrirtækinu CCP, fatahönnuðinum Steinunni Sigurðardóttur og háskólum á Norðurlöndunum og í Bretlandi.

„Textílnámið byggir á þeim möguleikum sem eru eiginlega ónýttir hér heima,“ segir Dóra og nefnir sem dæmi textíl sem áklæði, textíl í arkitektúr og opnum rýmum. „En líka heimilistextíla, vefnað, þrykk

og tau af ýmsu tagi.“ Dóra segir að meginmarkmið textílnámsins sé að útskrifaðir nemendur geti unnið við framleiðslu í tengslum við smá og stór framleiðslufyrirtæki, við hönnun efna og mynstra og hönnun vöru fyrir vaxandi ferðamannaíðnað og til útflutnings. „Það hefur orðið hlé í textíliðnaði sem við með þessu námi viljum ýta undir að ljúki. Að þessum arfi verði haldið við með fókusi á framtíðarmöguleikana.“

Dóra segir að í teikningunni sé lögð áhersla á að opna mögu-

leika í tengslum við teikninguna sem slíka. „Þá erum við að tala um teiknimyndir, teiknimyndaseríur og tölvuleiki en líka hreyfimyndir,“ upplýsir Dóra og bætir við að í byrjun sé einungis notast við blýant og blað. „Þaðan fer maður inn í tölvutæknina. Tölvun er tæki til viðbótar við blýantinn.“

Í teiknináminu verður þróaður vettvangur þar sem persónuleg sköpun og framleiðsla nemandar verður tengd við stór og smá fyrirtæki. „Það vantar færa teiknara hérna hjá okkur bæði inn í þau fyrirtæki sem til eru en líka í nýsköpun.“

Aðspurð segir Dóra námið nýttast á margvíslegan hátt. „Við leggjum áherslu á það að í náminu sé þjálfun og leiðbeining fyrir nemendur til þess að stofna fyrirtæki og starfa sjálfstætt en við horfum líka á þau fyrirtæki sem eru fyrir. Við horfum ekki á Ísland sem einangrað fyrirtæki heldur sem hluta af heild. Hluti af alheimspörpunu og fyrir vel þjálfað fólk á sviði hönnunar, lista og handverks þá er allur heimurinn undir.“

Umsóknarfrestur er til 9. júní.

-mmf



Jóakim leikur listir sínar sem hann vill þróa áfram í framtíðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

● **FÆRNI Í FERÐAÞJÓNUSTU** Mímír símenntun útskrifaði á dögunum fyrsta hópinn í Færni í ferðaþjónustu. Nemendur eru þátttakendur í verkefni Vinnuálagstofnunar Ungt fólk til athafna og er tilgangur námsins að búa þátttakendur sem best undir störf í ört vaxandi atvinnugrein.



**MK**  
MENNTASKÓLINN  
Í KÓPAVOGI

Í MK ERU FJÓRAR STÚDENTSBRAUTIR  
FÉLAGSFRÆÐI- MÁLA- NÁTTÚRUFRÆÐI- OG  
VIÐSKIPTA- OG HAGFRÆÐIBRAUT

**Hvert skal stefna  
í lífinu?**

FÉLAGSFRÆÐIBRAUT  
Sálfræði, félagsfræði, saga.

MÁLABRAUT  
Tungumál, ferðagreinar,  
almenn braut.

NÁTTÚRUFRÆÐIBRAUT  
Raungreinar, stærðfræði,  
tölvur.

VIÐSKIPTA- OG  
HAGFRÆÐIBRAUT  
Bókfærsla, stjórnun, fjármál.

EINNIG Í BODI ALMENNAR  
NÁMSBRAUTIR.

**KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ  
Á WWW.MK.IS**

[www.mk.is](http://www.mk.is)

Upplýsingar á [www.mk.is](http://www.mk.is) og á  
skrifstofu skólans í síma 594 4000



MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN

FERÐAMÁLASKÓLINN

LEIÐSÖGUSKÓLINN





# Tískan rædd á Blönduósi

Háskólasetrið á Blönduósi stendur fyrir ráðstefnu í Félagsheimilinu í bænum á laugardaginn undir yfirskriftinni Tíska, fatahönnun, fyrirtæki og fræði.

Háskólasetrið var stofnað í fyrra en þar eru tvær rannsóknarstöður sem þær Birna Kristjánsdóttir og Ester Helgadóttir skipa. Birna í textílfræðum og Ester í hafíss- og strandmenningu. Samhliða sinna þær kennslu við Háskólann á Hólum.

Fyrirlestraröðin sem haldin verður á laugardaginn er áhugaverð en erindin verða fjögur, tvö þeirra fræðileg og tvö sem beina sjónum fremur að hönnuðinum sjálfum og starfi hans.

Birna mun fjalla um textíl og tísku en Karl Aspelund, kennari við University of Rhode Island og höfundur bóka The Design Process og Fashioning Society, mun halda erindi undir yfirskriftinni Siggí séné, Chanel og Iggy Pop: Hátískuöldin og átökin um vestræna þjóðfélagsmynd. Koma Karls til landsins var í raun ástæða fyrir tíma-

Gunnar Hilmarsson hjá Andersen og Lauth mun fjalla um uppbyggingu vörumerkisins.



Bergþóra Guðnadóttir hjá Farmers Market heldur erindi undir yfirskriftinni „Hráefni og hugmyndir úr bakgarðinum heima“.

setningu ráðstefnunnar en hann mun hafa aðsetur á Blönduósi meðan hann klárar síðustu viðtöl fyrir doktorsritgerð sína. Hér á landi mun hann skoða sérstaklega íslenska þjóðbúninginn.

Gunnar Hilmarsson hönnuður og annar eigandi Andersen og Lauth heldur erindi um fyrirtæki sitt og hönnun. Heiti erindisins er Uppbygging vörumerkis / reynslusaga frá 101 Reykjavík.

Bergþóra Guðnadóttir hönnuður og annar eigandi Farmers Market mun einnig greina frá sinni reynslu í erindi sínu: Hráefni og hugmyndir úr bakgarðinum heima.

Ráðstefnan hefst klukkan 13.30. Allir eru velkomnir, ekki þarf að skrá sig og aðgangur er ókeypis.

- 59

# Mikilvæg öllum heiminum

Síðastliðinn föstudag var blásið til stofnhátíðar Vitvélastofnunar Íslands en hún hefur verið í undirbúningi síðustu fimm ár.

Vitvélastofnun Íslands er ætlað að brúa bilið milli atvinnuvegs og háskóla á sviði rannsókna á gervigreind, hermun og vélmennafræði en þetta eru ört vaxandi svið innan hugbúnaðargeirans. Bakhjarlar Vitvélastofnunar eru Rannís, CCP og Tölvunarfræðideild Háskólans í Reykjavík en Dr. Kristinn R. Þórisson, stofnandi Vitvélastofnunar tók þátt í að koma Gervigreindarsetri HR á laggirnar á sínum tíma.

„Ég sé fyrir mér að þessar tvær stofnanir muni vinna náið saman í framtíðinni enda stunda þær rannsóknir á svipuðu sviði. Vitvélastofnun er hins vegar sjálfseignarstofnun og byggð á þýskri og bandarískri fyrirmynd,“ útskýrir Kristinn. Vitvélastofnun mun ekki verða ríkisstyrkt til framtíðar heldur byggð á rannsóknarstyrkjum innlendra og erlendra samkeppnissjóða og auk þess á áskrift fyrirtækja. Það fyrirkomulag hefur ekki verið reynt áður í heiminum að sögn Kristins.

„Fyrirtæki munu geta keypt sér áskrift til þriggja ára í senn og fá í staðinn aðgang að öllum verkefnum innan stofnunarinnar, óháð því hver stjórnar eða á hvaða forsendum þau eru keypt, auk leyfis til að nýta hvaða rannsóknarniðurstöður sem er í sína vöru. Vitvélastofnun tekur við hugmyndum bæði frá atvinnuvegunum í sambandi við vörur og markaði en líka brjálæðislega góðum en kannski ótímabærum hugmyndum og færir þær yfir í það form sem nýtist atvinnuvegunum sem fyrst.“

Tvö verkefni eru þegar í undirbúningi hjá Vitvélastofnun og eitt samstarfsverkefni í startholunum. Einnig segir Kristinn mörg verkefni geta hafist á næstu tveimur árum, meðal annars frá CCP og HR. Eitt verkefni sem hófst í



Dr. Kristinn R. Þórisson, forstöðumaður Vitvélastofnunar Íslands, ætlar stofnuninni stóra hluti.


Gervigreindarsetri HR árið 2005 er nú komið yfir til Vitvélastofnunar en það gengur út á að bæta samræðuhæfni véla.

„Það er mjög spennandi verkefni sem kallast Gervigreind útvarpsmaður,“ segir Kristinn. „Nú þegar geta vélar breytt töluðu máli í texta en þær skilja ekki innihald samræðna. Við ætlum að gera vélar samræðuhæfar og höfum náð töluverðum árangri. Þetta var til dæmis fyrsta verkefnið í heiminum sem tókst að búa til gervirödd sem gat lagað sig að einstökum mennskum viðmælendum og lært inn á takt og talmynstur.“

Kristinn segir þessa tækni nú þegar vera í þróun í tölvuleik hjá CCP og gæti tæknin einnig ratað til Eve on line. Það sé því ljóst að Vitvélastofnun muni spila lykilhlutverk í tækniframförum í hugbúnaðarheiminum.

„Dr. Antonio Chella, vísindamaður og stjórnandi vélmennaseturs Háskólans í Palermo á Ítalíu var gestur á opunarhátíðinni á föstudaginn og hann sagði í ræðu að Vitvélastofnun væri ekki bara mikilvæg fyrir Ísland og Evrópu heldur fyrir allan heiminn.“

Nánar má kynna sér Vitvélastofnun Íslands á [www.iiim.is](http://www.iiim.is). - rat



## Lesið í náttúruna

UMHVERFISDEILD – Þrjár brautir: Náttúru- og umhverfisfræði, skógfræði/landgræðsla og umhverfisskipulag (BS).

Brautir umhverfisdeildar bjóða fjölbreytt nám á sviði náttúru- og umhverfisvísinda, umhverfisskipulags, skógfræði og endurheimt landgæða. Innan umhverfisdeildar er mikil þekking á sviði náttúru- og umhverfisvísinda, skipulags- og landslagsarkitektúrs.

Lbhi hefur sérstöðu á mörgum sviðum rannsókna í umhverfis- og skipulagsmálum, m.a. er tengist náttúrunýtingu og náttúruvernd, vistkerfum Íslands, gróðurhúsalofttegundum, jarðvegi, skógfræði og landgræðslu og sjálfbærri nýtingu landkosta.

Kynntu þér námið heimasíðu skólans: [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)



## Ávextir íslenskra auðlinda

AUÐLINDAÐEILD – Tvær brautir: Búvísindi og hestafræði (BS).

Auðlindaþeild hefur að meginmarkmiði að viðhalda og þróa íslenskar erfðaauðlindir í búfé og nýttjurtum og byggja upp sjálfbær framleiðsluferli sem tryggja gæði og rekjanleika afurðanna frá framleiðanda til neytanda.

Kennslu- og rannsóknarviðfangsefni eru meðferð, ræktun og nýting gróðurs og lands, búfjár og ferskvatnsdyra til framleiðslu matvæla og annarrar atvinnu- og verðmætasköpunar.

Kynntu þér námið heimasíðu skólans: [www.lbhi.is](http://www.lbhi.is)





### Frá Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra

## Innritun fyrir næsta skólaár stendur yfir og lýkur 11. júní.

Boðið er upp á annars vegar nám til stúdentsprófs á Félagsfræðabraut, Málbraut, Náttúrufræðibraut og Viðskipta- og Hagfræðibraut og hins vegar nám í húsasmíði, málmíðnum, vélstjórn og rafiðnum. Þá er boðið upp á nám í hestamennsku til fimm knapamerkja og fyrri hluta iðnmeistaránáms með fjarfundasniði.

Fjölbreytt fjarnám í boði, m.a. í sérgreinum sjúkraliðabrautar þ.á.m. HJÚ 103.

Hagkvæm og heimilisleg heimavist í boði.

Nánari upplýsingar í síma 455-8000 og á [www.fnv.is](http://www.fnv.is).



Ásbjörg var með 9,59 í meðaleinkunn og þar með hæst útskriftarnema MR. Hún hefur þó einnig alltaf haft tíma fyrir áhugamál og félagslíf.

FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Er ekki alltaf ofan í bókunum

Ásbjörg Einarsdóttir útskrifaðist sem dúx úr MR með meðaleinkunnina 9,59 á dögnum. Hún ætlar í heimsreiðu í vetur og hefur ekki hugmynd um hvað framtíðin ber í skauti sér.

„Ég hef alla tíð átt fremur auðvelt með að sameina það að fá háar einkunnir og lifa samt eðlilegu lífi. Ég hef aldrei verið ein af þeim sem eru með nefið ofan í bókunum allan sólarhringinn,“ segir Ásbjörg Einarsdóttir, nýbakaður dúx úr MR. Ásbjörg útskrifaðist sem stúdent úr menntaskólanum sögufræga með meðaleinkunnina 9,59 sem verður að teljast verulega góður árangur.

Hún er alin upp í Vesturbænum og segist vera meðalharður KR-ingur, enda lætur hún einstaka sinnum sjá sig á leikjum liðsins. Meiri áhuga hefur Ásbjörg á dansi, en hún hefur æft hann frá sex ára aldri, aðallega djassballett en þó hefðbundinn ballett með í hjáverkum. Þrátt fyrir þetta langa nám segir hún þó dansinn áhugamál sem hún hyggur ekki á að gera að framtíðarstarfi. „Ég hef í rauninni ekki hugmynd um hvað ég tek mér fyrir hendur í framtíðinni,“ segir hún og hlær.

„Mér gekk vel í flestum fögum í skóla og meðal annars liggja sálfræði og verkfræði vel fyrir mér. Ég heillaðist af læknisfræðinni í vor og var um tíma harðákveðin í að verða læknir, en nú hefur örliðið dregið úr þeim áhuga vegna þess hversu námið er svakalega langt. Ég er þó nokkuð viss um að ég læri frönsku í háskóla, hvort sem það verður samhliða öðru námi eður ei,“ segir Ásbjörg.

Dúxinn tók virkan þátt í félagslífi MR meðan á náminu stóð og gegndi meðal annars stöðu ritara nemendafélagsins, auk þess sem hún sat í stjórn skólaláðsins og átti sæti í skólaráði í vetur. Í sumar starfar hún á Hressó, eins og hún gerði síðasta sumar, og kann því vel. „Ég hef ákveðið að skrá mig ekki strax í háskóla því ég ætla að vinna fram að áramótum til að safna pening fyrir heimsreiðu í janúar. Við ákváðum það fimm vinkonur úr Hagaskóla strax í níunda eða tíunda bekk að fara í svona reisu og ætlu nú að láta verða af því. Stefnan er sett á Suður-Ameríku og Asíu, en þó höfum við hugsað okkur að velja „örugg“ lönd í Suður-Ameríku svo mamma fari ekki á taugum,“ segir Ásbjörg að lokum og skellir upp úr.

-kg



## Hotel and Tourism Management Studies Iceland/Switzerland



**Innritun stendur yfir**  
**Hótel og Veitingaskóli Íslands**  
**Menntaskólanum í Kópavogi**  
Merkja umsókn B/t. Baldur Sæmundsson

**Fyrsta ár: Joint Certificate programme**  
Hospitality and Culinary School of Iceland

**Annað & þriðja ár: Bachelor of International Business**  
University Centre "César Ritz" in Switzerland

Skólinn hefst á eftirfarandi dags.

Fyrsta ár: 24. ágúst 2010 - Ísland

Annað & þriðja ár: Júlí 2011 - Sviss

**Nánari upplýsingar eru veittar hjá:**

Árni Valur Sólonsson, Sími: 896-2204 eða  
Baldur Sæmundsson, Sími: 594-4000



*César Ritz*  
COLLEGES SWITZERLAND

Excellence in International Hotel and Tourism Management Education

Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki



● **HAFNABOLTANÁMSKEIÐ Í SUMAR** Hafna- og mjúkboltafélag Reykjavíkur stendur fyrir hafnaboltanámskeiðum í Laugardalnum í sumar. Nánar tiltekið á Tröllatúni, sem er grassvæðið milli Suðurlandsbrautar og Engjavegs. Nemendur læra leikreglurnar á sama tíma og þeir spila saman. Námskeiðið er opið fyrir þá sem eru á aldrinum 6 til 15 ára en það er haldið virka daga frá 9 til 12 og 13 til 16.

# Nám fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu

Ný námsleið fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu hefst í Háskóla Íslands í haust.

„Þetta er í fyrsta sinn sem Háskólinn er með sérskipulagt nám fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu,“ segir Ásta Möller, forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála. „Þetta er diplóma í opinberri stjórnsýslu fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu.“

Námið er samstarfsverkefni stjórn málafræðideildar Háskóla Íslands, viðskiptafræðideildar, hagfræðideildar og heilbrigðisvísindasviðs. Ásta segir að hugmyndin sé sú að nemendur læri grunn í stjórnsýslurétti og opinberri stjórnsýslu og grunnatriði varðandi rekstur. „Stjórnendur í heilbrigðisþjónustu eru yfirleitt fagfólk í heilbrigðisvísindum og hafa

tekið að sér ný hlutverk sem stjórnendur. Í þeirra grunnmenntun er oft ekki mikið stjórnunarnám.“

Námið er 30 einingar og samanstendur af fimm námskeiðum. Þrjú eru skyldunámskeið en þar af er bundið val á milli tveggja námskeiða, opinberra stjórnsýslu og stjórnsýsluréttar fyrir stjórnendur og starfsmenn opinberra stofnana. Hin skyldunámskeiðin eru inngangur að rekstri og Akadémía fyrir framtíðarstjórnendur í heilbrigðisþjónustu.

Ásta segir að námið sé hugsað fyrir allar heilbrigðisstéttir. „Það þarf BA-gráðu fyrst til að fara inn í þetta. Námið er auðvitað opið fyrir aðra stjórnendur til dæmis viðskiptafræðinga sem vilja fá meiri innsýn í rekstur heilbrigðisstofnana.“

-mmf



Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands býður í haust, í samvinnu við aðra deildir, diplómanám fyrir stjórnendur í heilbrigðisþjónustu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Fullbókað í Háskóla unga fólksins

Gríðarleg ásókn er í Háskóla unga fólksins í sumar en um fimmtán hundruð grunnskólanemendur eru skráðir til leiks samanborið við um þrjú hundruð síðustu ár. Skólinn varð fullbókaður á örfáum dögum.

Háskóli unga fólksins verður með breyttu sniði í ár. „Núna buðum við grunnskólunum að koma með hópa,“ segir Guðrún Bachmann, kynningarstjóri Háskóla Íslands. „Þetta eru tveir dagar þar sem verður eitthvað um að vera í flestum byggingum á háskólasvæðinu. Hóparnir fara á milli og upplifa, skoða, spyrja og kynna sér hvað hér er um að vera.“

Guðrún segir að svipað efni verði í Háskóla unga fólksins og undan-

farin ár en hann verði hins vegar ekki settur upp í kennslustundaformi og því er möguleiki á að bjóða fleiri velkomna. Innt eftir ástæðum þessa segir Guðrún: „Við sáum fram á að skólastarfið hjá okkur væri farið að skarast við skólastarfið í grunnskólum. Dagana sem við erum von að vera með Háskóla unga fólksins var enn þá formleg kennsla í grunnskólunum. Við ákváðum því að opna allt upp á gátt og bjóða grunnskólunum hingað.“

Guðrún segir að nú þegar sé mikill áhugi á Háskóla unga fólksins á næsta ári. „Þeir sem eru áhugasamir geta sent póst á ung@hi.is þar sem þeir skilja eftir upplýsingar og þá reynum við að láta vita um leið og hægt er að byrja að skrá sig.“

-mmf



Björt framtíð Guðrún segir að á næsta ári verði Háskóli unga fólksins starfræktur í öllum landsfjórðungum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Með hækandi sól og komandi sumri er upplagt að stunda meiri hreyfingu. Mörg okkar þjást af einhverskonar liðverkjum sem vilja oft draga úr okkur getuna til að geta hreyft okkur sem skildi.

NutriLenk er náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskefningu og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóskefningu. NutriLenk hefur hjálpað þúsundum Íslendinga að endurheimta betri liðheilsu í gegnum árin.

NÁTTÚRLEGT FYRIR LIÐINA

NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, stærri Hagkaupsverslunum, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum



# Skóli fyrir þig?

## Handverks- og hússtjórnarskólinn Hallormsstað

Langar þig að stunda skemmtilegt nám:

- í heimavistaraskóla?
- í góðum félagsskap?
- í fögru umhverfi?

Innritun stendur yfir til 15. júní 2010

Uppl. [www.hushall.is](http://www.hushall.is) eða í síma 471 1761



Hólar í Hjaltadal.

## Þrjú með BS í hestafræðum

Fyrstu nemendur sem stunda að hafa nám í hestafræðum til BS gráðu á vegum Háskólans á Hólum og Landbúnaðarháskóla Íslands munu útskrifast á morgun. Þeir eru þrír og hafa að undanförunni unnið að viðamiklum og fjölbreyttum lokaverkefnum.

Brynjar Skúlason vann verkefni um vöxt og þroska íslenska hestsins, byggt á íslenskum rannsóknnum og nýlegum skrokkmálum borið saman við rannsóknir á erlendum hestakynjum. Einar Reynisson kannaði hvort gleidd höfuðjárns hefði áhrif á heildarþrýsting undir hnakknum og lagði mat á áhrif gangtegunda á þrýstingsdreifingu hnaksins og Sigríður Bjarnadóttir mat hvíldarhjártslátt íslenska hestsins og tók stöðumat á álagi keppnishesta í fimm greinum Meistaradeildar KS árið 2010.

Almennri brautskráningu Háskólans á Hólum hefur verið frestað til 3. september vegna hestaveikinnar.

-gun



Sumarnámskeið í Myndlistaskólan-

### ● KOFAR, SKÝLI, BÝLI

Plánetur, eldfjöll og ormagöng heitir eitt af sumarnámskeiðum Myndlistaskólans í Reykjavík fyrir börn á aldrinum níu til tólf ára. Annað nefnist Kofar, skýli, býli og skjól og fleiri eru í boði.

Skráning stendur yfir á námskeiðin sem eru vikulöng og standa annars vegar frá 9 til 12 og hins vegar frá klukkan 13 til 16. Kennst er í húsnæði skólans við Hringbraut 121 og í útibúi að Korpúlfsstöðum. Kennarar eru allir starfandi listamenn með mikla kennslureynslu. Á sumarnámskeiðunum er unnið með margvísleg efni og notaðar fjölbreyttar aðferðir. Að minnsta kosti einn dag á hverju námskeiði er farin vettvangsferð og unnið úti. Börnin þurfa að koma með nesti, klædd eftir veðri og vera í fötum sem mega óhreinkast. Upplýsingar eru á myndlistaskólinn.is.

## Vinahót og dugnaður

Foreldraverðlaun Heimilis og skóla voru afhent í 15. sinn 1. júní, við athöfn í Þjóðmenningarhúsinu. Það gerði Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningararmálaráðherra. Handhafar Foreldraverðlaunanna 2010 eru Vinafjölskyldur í Vesturbæjarskóla, verkefni Margrétar Gylfadóttur, Sesselju Ólafsdóttur og Mariu Helenu Sarabía.

Auk Foreldraverðlaunanna sjálfra voru veitt ein hvatning-

arverðlaun og tvenn dugnaðarforkaverðlaun. Hvatningarverðlaunin hlaut Foreldrafélag Hvassaleitisskóla fyrir verkefnið Vinir í Hvassó.

Dugnaðarforkaverðlaun 2010 voru veitt til Borghildar Jósúadóttur fyrir ötult foreldrastarf í framhaldsskólum og til Önnu Margrétar Sigurðardóttur fyrir framúrskarandi störf í þágu foreldrasamstarfs í Fjarðabyggð.

-gun



Brynhildur Pétursdóttir, formaður dómnefndar, Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra, handhafar Foreldraverðlaunanna 2010, þær María Helena Sarabía, Margrét Gylfadóttir og Sesselja Ólafsdóttir og Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla.

SPORT 2

SOUTH AFRICA 2010 FIFA WORLD CUP

HM 2010

# HÁSPENNA Í HÁSKERPU

HIGH DEFINITION

ÞÚ SÉRÐ HM 2010 Í HÁSKERPU Á STÖÐ 2 SPORT HD. VIÐ SÝNUM ALLA LEIKI Í HD. NJÓTTU HM Í ALLT AÐ FJÓRUM SINNUM MEIRI MYNDGÆÐUM OG LIFÐU ÞIG INN Í LEIKINN. DÝPRI LITIR, AUKIN SKERPA OG MEIRI SPENNA.

LEIKIR SEM SÝNDIR ERU HJÁ RÚV ERU ENDURSÝNDIR Á ÖLLUM OKKAR HLIÐAR-RÁSUM, ALLAN SÓLARHRINGINN.

**HD**  
· ALLT AÐ FJÓRUM SINNUM MEIRI MYNDGÆÐI  
· DÝPRI LITIR · AUKIN SKERPA

ÞÚ KEMST EKKI NÆR!

ALLIR LEIKIR Í HD

# ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000** [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

## BÍLAR & FARATÆKI



SKODA FELICIA COMBI. Árgærd 1998, ekinn 134 þ.km, BENSÍN, 5 girar. Verð núna 299.000. Rnr.203063



TOYOTA RAV4 LANGUR 4WD. Árgærd 2005, ekinn 114 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.390.000. Rnr.182569

**Bílasalan Planíð**  
Breiðhöfða, Reykjavík  
Sími: 517 0000  
[www.planid.is](http://www.planid.is)



CHEVROLET CAMARO Z28. Árgærd 1995, ekinn 109 þ.mílur, sjálfskiptur, flottur á bíladaga öfl. skemmtilegt Raunhæft tilboð óskast! #300412 - Billinn er á staðnum, opið í kvöld fimmtudag til kl. 21:00, kíkju í kaffi og sjáðu flotta bíla og ferðavagna!

**Bílalind**  
Funahöfði 1, 110 Reykjavík  
Sími: 5808900  
Hlökkum til að sjá þig :)  
[www.bilalind.is](http://www.bilalind.is)



## HÖFÐABÍLAR



CHEVROLET CAMARO Z28 CONVERTIBLE 35th anniversary Árg 2002 v8 346 LS1 BENSÍN, 300hp, bsk 6 girar 3.73 hlutföll SLP þúst Hurst shifter ZR-1 króm felgur, Ný dekk. Verð 2.790þ Rnr.128276 „Er á staðnum“



SUN LITE 865 PALLHÝSI Camper „Eins og Nýr að innan“ Gott stgr. verð Rnr.151641

**Höfðabílar**  
Fossháls 27, 110 Reykjavík  
Sími: 577 4747  
[www.hofdabilar.is](http://www.hofdabilar.is)

## HÖFÐAHÖLLIN

Allt að **50%** afsláttur af sölulaunum  
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX Árgærd 2008. Ekinn 43 þ.km Verð kr. 8.890.000.

**Höfðahöllin**  
Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.  
Sími: 567 4840  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)



M.BENZ SLK 200 KOMPRESSOR 01/2007, ekinn 59 þ.km, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. #281766 - Billinn er í salnum, opið í kvöld fimmtudag til kl. 21:00, kíkju í kaffi og sjáðu flotta bíla og ferðavagna!

**Bílalind**  
Funahöfði 1, 110 Reykjavík  
Sími: 5808900  
Hlökkum til að sjá þig :)  
[www.bilalind.is](http://www.bilalind.is)

## HÖFÐAHÖLLIN

Allt að **50%** afsláttur af sölulaunum  
Skráðu bílinn frítt hjá okkur!



VW GOLF COMFORTLINE 8V Árgærd 2003. Ekinn 98 þ.km Verð kr. 980.000.

**Höfðahöllin**  
Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.  
Sími: 567 4840  
[www.hofdahollin.is](http://www.hofdahollin.is)



LEXUS IS200, raðnr 112521, nýskr 11/2003, Ek 98 þ.km, sjálfsk, Er á nýjum dekkjum - skoðar skipti á mótorgjól eða fjórhjól. Asett verð 1.780.000. Áhvil 590.000, afborg c.a kr.33.000. A.T.H er á staðnum.

**Toyota Selfossi**  
Fossháls 14, 800 Selfoss  
Sími: 480 8000  
<http://www.toyotasefossi.is>

## LITLA bílasalan



Ford Transit húsbíll 9/2006, dísel, ek 17 þkm, svefnpl f 4, eldavél, markisa, sólarsetla og fl, verð 6.700 þús.

**Litla bílasalan**  
Eirhöfða 11, 110 Rvk.  
Sími: 587 7777  
[www.litla.is](http://www.litla.is)

## 100 bílar.is

Vantar á skrá  
Hjólhýsi  
Felli hýsi  
Tjaldvagna  
100bilar.is

Vegna góðrar sölu vantar okkur á skrá Pallhýsi, Hjólhýsi, Felli hýsi og Tjaldvagna, Skráið ferðavagninn frítt hjá okkur, Sendið okkur skráningar á 100bilar@100bilar.is eða í síma 5179999, 100bilar.is,

**100 bílar ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)

## Bílar til sölu



Sparibíll 260þ.  
Fiat Punto árg'01, 1.2 l. 16v, 80hó. Ek.73þ. Sk'11.Fæst á 260þ. S. 857 1601.



VW polo ,98 1,4cc. EK. 130km, ssk. S. 616 2597.



Ford Econoline E-150 Cargo.4600cc slagrými árg'08, ek.16þ mílur. Bensín,3. dyra,ssk. Uppl í S. 893 3191



Frábær lausn fyrir sumarið ! Magtower topp tjald á bilinn. Passar á flesta bíla. Verð frá kr. 290.000.- Takmarkað magn. Upplýsingar í síma 5787860 eða í Rofabæ 9.



Til sölu Jeeo Rubicon árg'07, ek 25þ. V6 3.8 ,ssk. 38" dekk, breyttur af GK viðgerðum.Uppl í S. 892 7079



Hyundia elantra, bensín 1.6, automatic. árg'98. Ek.180þ. Sk'11. V. 250þ. S. 616 7118

Alfa Romeo 156 árg'99. Þarfnast smá lagfæringar. Verð 165 þús. S: 862 9591

## 0-250 þús.



DAEWOO MATIZ 800 árg 2000 ek.115 þús,beinskíptur 52 hestöfl og eyðir nánast eingu!, 5 dyra,topplúga,skoðaður 2011, verð 235 þús. stgr! s.841 8955.

97' Ford escort keyrður 156 þús Skoðaður 2011 Nýtt hljómerki og goð dekk. Selst á 140þus 6167406

## 250-499 þús.



Hyundai Sonata ,01 ek. 126 þ., vetrardekk, góður bíll. S. 340 þ. S. 845 2918.

## 1-2 milljónir



MB E320 C 124 árg. ,94. Toppbíll, ekinn 135þ. Verð 1.500þ. Öll skipti skoðuð. S. 898 2189.

## 2 milljónir +



**TOYOTA HIGHLANDER**  
Sparameytinn Lúxus  
270hp - 7,5L/100km!  
Tilboðsbíll 3ja milljón kr. afsláttur  
ISLANDIUS  
Góðir og girnilegir hamborgarar · Gott í matinn - gott á grillið

Nýja grillblaðið er stúfult af góðum uppskriftum og hugmyndum. Hægt er að skoða blaðið inni á vefnum: [www.gottimatinn.is](http://www.gottimatinn.is)

Í matargerðarlinunni **GOTT Í MATINN** teftum við framgóðum grunnhráefnum sem tilheyra mörgum ólíkum áherslum í matargerð.

Í sumarblaðinu í ár leggjum við áherslu á grillmat sem hægt er að töfra fram við margvísleg tækifæri, ýmist sem nesti inni á hálandinu, í sumarbústaðnum, á skjólgóðum svölum eða í gróskumiklum garði á mildum sumardegum. Uppskriftirnar í nýja grillblaðinu eru í flestum tilvikum fljótlegar og einfaldar og síðast en ekki síst einstaklega góðar. **Verði ykkur að góðu.**

## MEÐAL EFNIS Í GRILLBLAÐINU:

- Góðir og girnilegir hamborgarar við öll hugsanleg tækifæri
- Einfaldar og fljótlegar uppskriftir fyrir fólk á ferðinni
- Sósur og meðlæti
- Gott í matinn - gott á grillið
- Með grillveislu í farangrinum
- Kryddsmjör með grillsteikinni



[www.gottimatinn.is](http://www.gottimatinn.is)

# Tveggja takka tæknin

**BAKÞANKAR**  
Ragnheiðar  
Tryggva-  
dóttur

Þvílík bylting sem það hlýtur að hafa verið þegar fyrstu hreyfimyndirnar runnu fyrir augum áhorfenda snemma á tuttugustu öld. Döfallnir hafa þeir starað á smækkaðar manneskjur sem trítluðu fram og aftur, svart/hvítar og hljóðlausar og hugsað með sér: „Allt er nú til!“

**SVO** voru sjónvarpstæki fundin upp. Þau urðu að almenningsseign og fjölskyldan safnaðist saman fyrir framan sjónvarpið á síðkvöldum. Þó að tækin hafi þótt hálfgerðar töfravélar voru þau einföld að gerð, það þurfti bara tvo takka, kveikja- og hækka/lækka takkann. Litirnir komu líka með árunum og fleiri takkar til að skipta um stöð. Þó að þeirra hafi ekki verið þörf hér á landi lengi framan af.

**SVO** kom að því að ekki þurfti lengur að standa upp til að kveikja eða hækka í sjónvarpstækinu, tæknin hafði getið af sér fjarstýringuna. Undrataeki sem breytti okkur áhorfendum umsvifalaust í sófakartöflur þegar ekki þurfti lengur að standa upp úr hægindunum heldur hægt að láta mata sig fyrirhafnarlaust á afþreyingunni. Þvílík þægindi.

**OG TÆKNIN** hélt áfram að vinda upp á sig, sjónvörpin stækkuðu,

urðu flöt og takkarnir ósýnilegir snertifletir. Dagskráin tók að streyma gegnum órávaddir internetsins og alls kyns myndlyklar og módem urðu fastir fylgihlutir.

**EFTIR** því sem tækninni hefur fleygt fram hefur þó orðið flóknara að horfa á sjónvarpið að mér finnst og þægindaprófin fallið um sjálfa sig. Stöðvarnar eru orðnar óteljandi margar og valda valkvíða þar sem auðvitað er margt sem gaman væri að horfa á í gangi á sama tíma. Nú er heldur ekki nóg að ýta bara á einn takka og horfa. Nettengingin heima hjá mér á það til að detta út, myndlykillinn frýs oft og iðulega og fjarstýringarnar, sem eru orðnar fleiri en ein, týnast allar margsinns á einni kvöldstund.

**FJARSTÝRINGIN** hefur líka löngu tapað hlutverki sínu að stjórna úr fjarlægð, því þegar ég á annað borð finn þær þarf að hamast á tökkunum alveg upp við sjónvarpið til ná mynd á tækið. Ekkert gerist svo oft en ekki neyðist ég til að kippa lykklum úr sambandi og bíða meðan „myndlykill ræsir sig“ en það getur tekið drjúga stund.


**ÞÁTTURINN** sem ég ætlaði að horfa á er þá langt kominn eða jafnvel búinn þegar loksins kemur mynd á sjónvarpskrattann. Má ég þá heldur biðja um tveggja takka tæknina aftur, þar sem ég er hvort eð er löngu staðin upp úr sófanum.



## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Vesturport

# RÓMEÓ OG JÚLÍA

Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports

**Takmarkaður sýningafjöldi**  
**Miðasala er hafin!**

Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is



**Borgarleikhúsið**



Verð nú **890** **70% AFSLÁTTUR**

20 cm steikarpanna með Akzo Nobel viðloðunarfríri húð. Má nota á spanhelluborð. Verð áður kr. 2.990



Verð nú **1.990** **50% AFSLÁTTUR**

Sósupottur með Akzo Nobel viðloðunarfríri húð. Má nota á spanhelluborð. Verð áður kr. 3.990



Verð nú **2.490** **50% AFSLÁTTUR**

Hraðsuðukanna 1,7 lítra snúrlaus. Verð áður kr. 4.990



Verð nú **1.990** **50% AFSLÁTTUR**

Brauðrist hvít Verð áður kr. 3.990



Verð nú **1.990** **42% AFSLÁTTUR**

Tófrasproti Verð áður kr. 3.490



Verð nú **7.990** **40% AFSLÁTTUR**

Heilsugrill með hallandi ríffluðum grillfleti Verð áður kr. 12.990



Verð nú **5.990** **34% AFSLÁTTUR**

Vöflujárn sem bakar hnauspykkar belgískar vöflur. Verð áður kr. 8.990



Verð nú **1.990** **50% AFSLÁTTUR**

Eldhúsvog digital með skál Verð áður kr. 3.990



Verð nú **2.990** **50% AFSLÁTTUR**

Hárnákvæm baðvog, örþunn með stórum LCD skjá. Sandblásið gler. Verð áður kr. 5.990



Verð nú **64.900** **PÚ SPARAR 30.000**

exquisit

WA-5310

- Einföld og vönduð þvottavél með notendavænu stjórnborði.
- ✓ 1000 sn. vinduhræði
- ✓ Tekur allt að 5 kg af tauti
- ✓ Skjár sem sýnir tímallengd
- ✓ Handþottakerfi og ullakerfi
- ✓ A/A einkunn fyrir orkunýtni og þvottahæfni
- ✓ Stórt hurðarop
- ✓ Verð áður kr 94.900

AEG

LN-69260

- Vinsælasta vélin frá AEG.
- 1200 snúninga hraðþvottavél með stafrænu stjórnborði og skjá
- ✓ Tekur allt að 6 kg af tauti
- ✓ Hraðval 30-55% tíma-sparnaður á algengum kerfum
- ✓ Sérstakt blettakerfi
- ✓ Stórt hurðarop
- ✓ Handþvottakerfi og ullakerfi
- ✓ A/A einkunn
- ✓ Verð áður kr 134.900



Verð nú **99.900** **PÚ SPARAR 35.000**



AEG

F-40379

- Hljóðlát uppþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni sem skynjar óhræinindi í vatni og aðlagar tíma, vatnþörf og hitastig eftir aðstæðum
- ✓ Aðeins 49 dB(A)
- ✓ 5 þvottakerfi þ.a.m. hraðkerfi, þvottakerfi og sparnaðarkerfi
- ✓ 3xA einkunn f. orku/þvott/þurrk.
- ✓ Mjög vönduð innrétting
- ✓ Án toppplötu
- ✓ Aqua Control vatnslekavörn
- ✓ Verð áður kr 134.900

3xA EINKUNN 49 DESIBIL

exquisit

GSP-5BS0

- Borðuppþvottavél
- ✓ Tekur borðbúnað fyrir allt að 4-5 manns
- ✓ Þurrkun með hita
- ✓ HxBxD: 44x57x50 cm
- ✓ Verð áður kr 69.900

Verð nú **49.900** **PÚ SPARAR 20.000**

RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

LAGER HREINSUN

ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!



Verð nú **64.900** **PÚ SPARAR 30.000**

exquisit

GS-245INOX

- ✓ 243 lítra frystiskapur í burstuðu stáli
- ✓ 4 frystiskúffur + 2 frystihöf með loki
- ✓ HxBxD: 145x60x60 cm
- ✓ Verð áður kr 94.900

205 lítra

exquisit

GT-261

- ✓ 205 lítra frystikista í A+ orkuflokki
- ✓ HxBxD: 82x95x56 cm
- ✓ Verð áður kr 94.900

Verð nú **59.900** **PÚ SPARAR 35.000**



Verð nú **59.900** **PÚ SPARAR 25.000**

exquisit

KGC-270/45

- ✓ Rúmmál kælis 171 lítrar
- ✓ Rúmmál frystis 41 lítrar
- ✓ HxBxD: 143x55x58 cm
- ✓ Verð áður kr 84.900

exquisit

KGC-300/70

- ✓ Rúmmál kælis 273 lítrar
- ✓ Rúmmál frystis 68 lítrar
- ✓ HxBxD: 177x55x58 cm
- ✓ Verð áður kr 109.900

Verð nú **79.900** **PÚ SPARAR 30.000**



exquisit

appliance

- Ofn með blæstri og klukku í burstuðu stáli og keramik helluborð með snertitökkum.
- Verð áður kr. 159.800

SETTID

Verð nú **99.900**

PÚ SPARAR 59.900



Verð nú **39.900** **PÚ SPARAR 30.000**

exquisit

EKC-161A

- ✓ Rúmmál kælis 114 lítrar
- ✓ Rúmmál frystis 14 lítrar
- ✓ HxBxD: 87x54,5x58 cm
- ✓ Án toppplötu
- ✓ Verð áður kr 69.900

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18 laugardag 10-17 sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík Sími 5880500 www.rafha.is

**Kl. 22.10 í kvöld á Rás 1**

Í kvöld er boðið upp á leikverkið **ÞAU KOMU TIL ÓKUNNAR BORGAR** eftir J. B. Priestley. Nú manneskjur af ólíkum uppruna fá tækifæri til að dveljast daglangt í fyrirmyndarborg. Hvar eru þau stóðd? Leikendur eru: Róbert Arnfinnsson, Valur Gíslason, Kristbjörg Kjeld, Herdís Þorvaldsdóttir, Hólmfríður Pálsdóttir, Helgi Skúlason og fleiri. Leikstjóri er Lárus Pálsson en upptakan er frá 1958.

# menning

menning@frettabladid.is

## Orgelsumarið að hefjast á Holtinu

Tónleikaröðin Alþjóðlegt orgelsumar 2010 í Hallgrímskirkju, sem haldin er undir merkjum Listvinafélags Hallgrímskirkju hefst n.k. laugardag með hádegistónleikum Björns Steinars Sólbergssonar, organista við Hallgrímskirkju. Þetta er 18. sumarið sem orgelhátíð er haldin í Hallgrímskirkju yfir sumartímann, en tónleikaröðina stofnaði Hörður Áskelsson organisti við Hallgrímskirkju sumarið eftir að Klais-orgel kirkjunnar var vígt árið 1992. Vegna mikillar eftirspurnar ferðamanna eftir tónleikum í Hallgrímskirkju byrjar tónleikatímabilið í ár fyrr en áður með hádegistónleikum á laugardögum allan júnímánuð og sunnudagstónleikum frá 27. júní. Í júlí og ágúst verða fernir tónleikar á viku, m.a. fimmtudagshádegistónleikar í samvinnu



við Félag íslenskra orgelleikara eins og löng hefð er fyrir og hádegistónleikar kammerkórs Hallgrímskirkju Schola cantorum á miðvikudögum, sem nutu gífurlegra vinsælda í fyrrasumar. Alls er boðið upp á 35 tónleika sumarið 2010!

Orgelið mun hljóma í ómpþýðum laglínunum, þrumandi spunaverkum, vera í hlutverki heillar hljómsveitar en síðast en ekki síst mun það fá að flytja áheyrendum mörg af helstu orgelverkum tónbókmenntanna. Konsertorganistarnir munu jafnframt taka þátt í helgihaldi Hallgrímskirkju með því að leika eftirspil í messu sunnudagsins. Á hádegistónleikunum á fimmtudögum mun Klais-orgelið hljóma eitt og sér eða með öðrum hljóðfærum.

**> Ekki missa af**

Vegna fjölda áskorana er leik-sýningin um Hellisbúann á för um landið. Þann 5. júní verður einleikurinn fluttur í Bíoðöllinni á Akranesi. Aðeins er um eina sýningu að ræða á Skaganum og því mjög takmarkað magn miða í boði. Miðasala fer eingöngu fram á Miði.is. Eins og kunnugt er var Hellisbúinn sýndur fyrir fullu húsi í allan vetur í Íslensku óperunni. Áhorfendur og gagnrýnendur eru sammála um að þessi nýja útgáfa Hellisbúans sé einstaklega vel heppnuð og skelfilega myndin. Jóhannes Haukur Jóhannesson er Hellisbúinn, Rúnar Freyr Gíslason leikstjóri og Sigurjón Kjartansson sá um að þýða og staðfæra.


## METSÖLULISTI EYMUNDSSON

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í EYMUNDSSON UM LAND ALLT

26.05.10 - 01.06.10

**1**


25 gönguleiðir á höfuðborgarsvæðinu - Reynir Ingibjartsson

**2**

Friðlaus - kilja Lee Child

**3**

Makalaus - kilja Tobba Marinós

**4**

Góða nótt yndið mitt - kilja Dorothy Koomson

**5**

Saga mannsins Illugi Jökulsson ritstýrði

**6**

Morgnar í Jenín - kilja Susan Abulhawa

**7**


Vísnaþýsn - ljóðabók Þórarinn Eldjárn

**8**

Handbókin um heimsmeistarakeppnina - Keir Radnedge

**9**

Þegar orð fá vængi Torfi Jónsson

**10**

Hrunadans og horfið fé Styrmir Gunnarsson

Eymundsson.is

**Eymundsson**


Bóksali frá 1872

## Ný verk flutt annað kvöld

Íslenski tónlistarhópurinn Njúton og bandaríski strengjakvartetttinn The Formalist Quartet leiða saman hesta sína og frumflytja á Íslandi eitt af stórvirkjum tónlistarsögu 20. aldar; Vortex Temporum eftir franska tónskáldið Gérard Grisey á tónleikum í Íslensku óperunni á föstudagskvöld en þeir eru hluti af dagskrá Listahátíðar.

Tónlist Grisey hefur lítið hljómað á Íslandi en hann er eitt af höfuðskáldum spektraltónlistar, fagurfræði í tónsköpun sem spratt upp í Evrópu á níunda áratug síðustu aldar en Grisey er einn forkólfa þessa skóla. Á tónleikunum verður jafnframt frumflutt nýtt verk eftir Atla Ingólfsson, innblásið af læriföður hans - Grisey. Einnig verða tveir strengjakvartetttar eftir Úlfar Inga Haraldsson og Nicholas Deyoe fluttir á tónleikunum.

Hljóðfærarleikarar á tónleikum Listahátíðar eru: Berglind María Tómasdóttir flauta, Brian Walsh klarinett, Mark Menzies fiðla/víola/stjórnandi, Andrew McIntosh fiðla/víola, Andrew Tholl fiðla, Ashley Walters selló og Tinna Þorsteinsdóttir píanó. Strengjaleikararnir eru allir meðlimir í strengjakvartetttinum The Formalist Quartet sem hefur notið mikillar velgengi vestanhafs og komið fram víða um Bandaríkinn. Öll komu þau við sögu þegar stórvirki Griseys; Les Espaces Acoustiques var flutt í fyrsta sinn í heild sinni í Bandaríkjunum fyrr í vor í Walt Disney Concert Hall undir stjórn Mark Menzies og eru því kunnug tón-



TÓNLIST Hópurinn sem kemur að flutningnum í kvöld.

MYND/LISTAHÁTÍÐ

list í þessum stíl. Tónlistarhópurinn Njúton hefur það að markmiði að flytja og panta tónlist úr samtímanum sem hópurinn telur að eigi brýnt erindi við áheyrendur. Hópurinn hefur komið fram á fjölda tónleika á Íslandi og farið í tónleikaferðir til Norðurlandanna og Bandaríkjanna. Á þeim rúma áratug sem hópurinn hefur starfað hafa um fleiri tugir verka, einkum eftir íslenska höfunda, fæðst fyrir hans tilstilli en úrval þessara verka kom út á geisladisknum Roto con moto í lok árs 2007 á vegum Smekkleysu. Diskurinn var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2008 í flokki sigldrar og samtímatónlistar.

Berglind María Tómasdóttir er ein þeirra sem standa að þessum viðburði: „Þetta er afar áhugavert prójekt; verkin stórkostleg og spilararnir dásamlegir, en öll, fyrir utan Tinnu Þorsteinsdóttur og mig, tengjast þau listaskól-

anum CalArts í Los Angeles með einum eða öðrum hætti. Mark Menzies er einn af helstu kennurum skólans, frábær músikant frá Nýja-Sjálandi og er með mjög ferska sýn á nýja tónlist. CalArts er afar merkileg stofnun, skóli sem hefur alltaf haft orð á sér fyrir að vera róttækur en t.a.m er hann að mörgu leyti fyrirmynd Listaháskólans okkar hér.“

Miðasala er á vef Listahátíðar, www.artfest og við innganginn en tónleikarnir hefjast kl. 20 annað kvöld. Súpuspjall verður á Sólun fyrir tónleikana kl. 18 þar sem Atli Ingólfsson fjallar m.a. um spektraltónlist.

Formalistarnir ameríska halda síðan austur fyrir fjall á sunnudag og verða með tónleika á Stokkalæk kl. 16 á sunnudag. Á efnisskrá þeirra þar verða verk eftir Gérard Grisey, Kristínu Þóru Haraldsdóttur, Nicholas Deyoe, Mark Menzies og Gerard Pesson. **pbb@frettabladid.is**

## Tónlistarhátíð í Hveragerði

Tónlistarhátíðin Bjartar sumarætur verður haldin í Hveragerðiskirkju nú um helgina og boðið verður upp á einsöng, einleik og öndvegis kammerverk. Flytjendur verða Elín Ósk Óskarsdóttir söpransöngkona, Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari, Hulda Jónsdóttir, fiðluleikari og meðlimir Tríos Reykjavíkur, þau Peter Máté píanóleikari, Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Gunnar Kvaran sellóleikari, en þau Guðný og Gunnar eru listrænir stjórnendur hátíðarinnar.

Fyrri tónleikarnir verða kl. 20.00 á laugardagskvöld og bera yfirskriftina Fauré í forgrunni: Hinar ungu listakonur Ástríður Alda píanóleikari og Hulda Jónsdóttir fiðluleikari munu koma fram sem einleikarar og einnig í kammer-tónlist. Ástríður Alda hefur verið mjög virk í íslensku tónlistarlífi á undanföllum árum og kom m.a. fram sem einleikari með Sínfóníuhljómsveit Íslands á þessu ári. Hún mun leika Ballöðu eftir Chopin og í píanókvartettt eftir Fauré.

Hulda Jónsdóttir er aðeins 18 ára gömul og stundar nú nám við hinn þekktu skóla Juilliard í New York. Hún mun leika hina margslungnu Carmen Fantasia eftir Sarasate og einnig í kvartettt Fauré.

Elín Ósk hefur um langt árabil verið ein ástsælasta söngkona þjóðarinnar. Hún mun ásamt Peter Máté og Guðnýju flytja aríu úr Magnificat eftir Bach og Pie Jesu úr hinni frægu sálumessu eftir Fauré. Í Fauré kvartetttinum bætast Gunnar og Guðný í hópinn. Þess má geta að Guðný, sem leikur á víolu í kvartetttinum mun leika á hljóðfæri smíðað af Hans Jóhannssyni fiðlusmið árið 1987 og í Bach mun hún leika á fiðlu eftir hann, sem smíðuð var árið 2007.

Tónleikar sunnudagsins 6. júní hefjast kl. 17. Þeir

bera yfirskriftina klassík í hávegum og hefjast á Sígauatríóinu eftir Haydn. Síðan mun Elín Ósk syngja glæsariúr eftir Mozart og Beethoven. Að loknum stuttum tríóþætti eftir Schumann mun hún, ásamt Peter, flytja tvær af vinsælustu aríum Puccinis; „Un bel di vedremo“ úr óperunni Madama Butterfly og „Vissi d'arte“ úr óperunni Tosca. Eftir hlé mun Trío Reykjavíkur leika Dumky tríóið eftir Dvorák. Að lokum verða flutt Hveragerðislög í útsetningu Atla Heims Sveinssonar þar sem áheyrendur geta tekið undir í fjöldsöng.

Upplýsingar og miðapantanir í Bókasafninu í Hveragerði, Sunnu-mörk 2, s. 483-4531.

pbb



TÓNLIST Elín Ósk syngur þekktar aríur í Hveragerðiskirkju á sunnudagseftirmiddag.

MYND FRÉTTABLAÐIÐ



# AFMÆLIS- HÁTÍÐ

2  
ÁRA

Glæsileg afmælistilboð frá fimmtudegi til sunnudags.  
Vörukynningar og uppákomur!

INTERSPORT

KRÖNAN

TILKO



## LINDIR

KÓPAVOGI

lofa góðu

## TILBOÐ

Fjöldmörg tilboð í öllum verslunum frá  
fimmtudegi til sunnudags.  
Ný tilboð á hverjum degi.



## DAGSKRÁ

**Í dag: Kl. 16-18:** Hoppukastali og grillaðar  
pylsur fyrir alla. Kokkar frá Saffran matreiða  
kjúklingaspjót frá Matfugli til að bragða á.

**Á morgun: Kl. 15-19:** Hoppukastali.  
Veltibíllinn verður á staðnum og mega allir  
upplifa bílveltu á litlum hraða til að finna  
hvað bílbelti eru mikilvæg í umferðinni.  
Kokkar frá Saffran matreiða kjúklingaspjót  
frá Matfugli til að bragða á.

**Laugardagur og sunnudagur:**  
Auglýst síðar.

## HOPPUKASTALI

GRILLAÐAR PYLSUR





**TÓNLIST** Virtur kórstjóri af Íslensku ættum, Stan Engebretson, kominn norður í sól og öskufall en brosir við björtum degi.

## Kórar kallast á

Kór National Philharmonic frá Washington DC sækir heim íslenska kórinn Vox Academica þessa dagana og er stefnt á kórarmót sveitanna tveggja í Langholtskirkju á laugardag kl 15.

Á efniskránni er margt af því besta sem bandarísk kórmenning hefur upp á að bjóða. Þar eru fyrirferðarmest klassísk, bandarísk kórverk 20. aldar sem hafa notið mikilla vinsælda víða um heim. Á tónleikunum verða fluttir margir gullmolar, svo sem hið fræga Agnus Dei eftir Samuel Barber sem ávallt er flutt þegar þjóðarsorg ríkir í Bandaríkjunum. Þá eru þarna verk eins og til að mynda Alleluia eftir Randall Thompson, Magnificat eftir Michael Lauridsen. Rúsinan í pylsuendanum er svo hið fræga verk Bernsteins, Chichester Psalms fyrir kór og orgel, hörpu og slagverk. Verkið samdi Bernstein úr skissum og hugmyndabrotum sínum að West Side Story söngleiknum. Til þess að skilja íslensk tónskáld ekki alveg útundan verður flutt hin undurfagra Ave Maria eftir Hjálmar H. Ragnarsson. Stjórnendur á tónleikunum verða Stan Engebretson og Hákon Leifsson.

National Philharmonic kórinn heimsækir Ísland nú í fyrsta sinni. Kórinn er að jafnaði 170 manna kór sem starfar með 100 manna hljómsveit sem hefur aðsetur sitt í Music Center í Strathmore, Washington D.C og er öflugasti flytjandi klassískrar tónlistar á þeim slóðum. Aðeins 25 manns úr kórnum koma hingað norður að þessu sinni og syngja nú hér með liðsmönnum Vox Academica kórsins.

National Phil kórinn flytur reglulega helstu meistaraverk tónbókmenntanna á um þrjátíu tónleikum á hverju ári ásamt nýrri verkum.

Á verkefnaskrá kórsins eru óratörísk verk eins og Messias eftir Händel, Ein Deutsches Requiem eftir Brahms, Carmina Burana eftir Orff, Chichester Psalms eftir Bernstein og þar fram eftir götum. Fyrir utan reglulegt tónleikahald er starfræktur söngskóli á vegum kórsins og mikið starf þar unnið við að kynna klassíska gæðatónlist ungu fólki.

Stjórnandi NPC er Dr. Stan Engebretson. Hann er af íslensku bergi brotinn, uppallinn á Íslendingaslóðum vestra, alinn upp í hinni kunnu sveitaborg Fargo í Norður-Dakóta. Hann kynntist ungur skandinavískri kórmenningu og hefur aflað sér vídtækra menntunar og reynslu á sviði tónlistar. Hann lauk mastersnámi í píanóleik og söng frá University of North Dakota og doktorsgráðu í hljómsveitarstjórnun frá Stanford University. Hann hefur kennt við University of Texas og University of Minnesota. Einnig er hann listrænn stjórnandi Midland-Odesa Symphony Chorale og aðstoðarstjórnandi Minnesota Chorale. Frá 1990 hefur hann stjórnað NPC og er prófessor í kórsöng við George Mason University. Hann gegnir auk þess fjölda annarra starfa í þágu tónlistarlífsins í Bandaríkjunum og í Evrópu. Hann hefur komið oft til Íslands á vegum Fulbright-stofnunarinnar og kennt kórstjórn, meðal annars við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Þannig hófst samstarf þeirra Stans og Hákon Leifssonar, stjórnanda og stofnanda Vox academica, en Hákon kennir kórstjórn við Tónskólann. Og þar er komin kveikjan að þeim góðu tengslum sem eru á milli NPC og Vox academica. Miðasala á tónleikana á laugardag er Tölf tónum og miða má einnig panta í síma 8958177. [pbb@frettabladid.is](mailto:pbb@frettabladid.is)

# Roth lifir á Hjalteyri

**Dieter Roth akademían (DRA) hreiðrar um sig á Hjalteyri um helgina. Hún var stofnuð í minningu svissnesk/þýska listamannsins Dieters Roth í maí árið 2000, tveimur árum eftir að hann lést.**

Upphaflega voru það vinir, samstarfsmenn og fjölskylda Dieters Roth sem komu saman og ákváðu að láta hugmyndir hans um akademíu verða að veruleika. Samtök eða félagsskap þar sem listamenn og annað gott fólk kæmu saman, sýndu verkin sín, hjálpuðust að, miðluðu þekkingu og létu almennt gott af sér leiða. Stofnendurnir/prófessorarnir bjóða öðrum listamönnum þátttöku ýmist sem nemendum eða prófessorum, allt eftir reynslu þeirra og þekkingu.

Akademían er ekki stofnun og hefur engan rekstur og enga skrifinnsku. Það má kalla það fyrstu lexiuna í akademíunni að alla skipulagningu og pappírsvinnu sem fylgir því að komast í samband við prófessorana víða um heim verða nemendur að sjá um sjálfir. Í dag eru nokkrir tugir meðlima í DRA víða um Evrópu, í Kína og Nýju-Mexíkó í Bandaríkjunum, sem hittast árlega og halda ráðstefnu um listir. Samfara ráðstefnunum eru myndlistarsýningar, fyrirlestrar, gjörningar og listasmiðjur. Þungamiðjan í öllu saman eru verk Dieters Roth, heimspeki hans og lífskraftur.

Dieter Roth kom eins og stormsvæipur inn í heim íslenskrar menningar í lok 6. áratugarins þegar hann settist að í Reykjavík ásamt barnsmóður sinni Sigríði Björnsdóttur. Dieter tók að sér að kenna við Myndlistarskólann í Reykjavík fyrir tilstilli Ragnars Kjartanssonar myndhöggvara sem þá var skólastjóri. Starf Dieters við skólann hafði mikil áhrif á þá listamenn og kennara við skólann sem kynntust honum og hugmyndum hans.

Áhrif verka og hugmynda Dieters Roth á Íslandi urðu margvisleg og afgerandi, ekki síst á sviði myndlistar og hönnunar. Sér raunar ekki fyrir endann á



**MYNDLIST** Dieter Roth í myndverki vinar hans og samverkamanns, Richards Hamilton. MYND FRÉTTABLAÐIÐ

þeim áhrifum, eins og kom fram í því að á Listahátíð í Reykjavík 2005 var sérstök áhersla á samtímamyndlist. Ber þar helst að nefna viðamikla sýningu á verkum Dieters Roth í þremur listasöfnum: Listasafni Reykjavíkur, Listasafni Íslands og Gallerí 100° en sýningin þar var í samvinnu við Nýlistasafnið.

Svissnesk/þýski listamaðurinn Dieter Roth átti heimili sitt á Íslandi frá sjötta áratug síðustu aldar. Svo vill til að hann starfaði um tíma hjá prentsmiðju Odds Björnssonar á Akureyri, en

Oddur var ættingi Sigríðar eigin konu Dieters og barnsmóður.

Dieter Roth akademían á sér sterkar rætur á Íslandi og hefur fjölmörgum nemendum verið boðin þátttaka. Árlega fer Listaháskóli Íslands með nemendur í vinnubúðir á Seyðisfjörð undir leiðsögn Björns Roth og Kristjáns Steingríms Jónssonar. Öllu því fólki býðst þátttaka. Verksmiðjan á Hjalteyri hefur boðið DRA að halda sína 11. ráðstefnu og sýningu, 5. júní til 18. júlí 2010. Verksmiðjan er opin laugardaga og sunnudaga kl. 14.00-17.00. - pbb

## ÓDÝRAR KILJUR Í ÚRVALI

„Töff og nútímaleg. Fyrir alla sem eru eitthvað að spá í leikinn milli kynjanna.“  
Sölvi Tryggvason, sjónvarpsmaður

„Kolsvartur húmor og óheflað orðbragð fær mann ítrekað til að hlæja upphátt. Upphátt? Maður pissar í sig!“  
Halla Vilhjálmisdóttir, leik- og söngkona

„Bridget Jones, eat your heart out!“  
Haffi Haff

1.990.-  
v.á. 2.490.-



**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð

### HVAD? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 03. júní 2010

#### → Tónleikar

**20.30** Kórastefna við **Mývatn** 2010 fer fram 3.-6. júní. Í kvöld munu Graduale-kór Langholtskirkju og tónleikagestir syngja í Skjólbrekku undir stjórn Jóns Stefánssonar. Nánari upplýsingar á [www.korastefna.is](http://www.korastefna.is).

**20.30** Hljómsveitin **Buff** heldur tónleika í Ráðhúsinu við Hafnarberg á **Þorlákshöfn**.

**21.00** Weircore-kvöld á Venue við Tryggvagötu 22. Fram koma **Hypno, Muted, Thizone og Oculus**. Enginn aðgangseyrir.

**21.00** Kvartett **Sigurðar Flosasonar** og Ásgeir Ásgeirsson leika frumsamda djasstónlist á tónleikum í Jazzkjallara Bar 11 við Hverfisgötu 18.

**21.00** Söngkonan **Jussanam Dejah** og píanóleikarinn Agnar Már Magnússon flytja þekkt og vinsæl brasilísk lög á Brasilíu Restaurant við **Skólavörðustíg 14**.

**21.00** Hljómsveitin **Kakali** heldur útgáfutónleika á **Sóðomu Reykjavík**. Einnig kemur fram á tónleikunum Snorri Helgason.

**21.00** Útskriftarnemendur **Tónlistarskóla FIH** flytja verkið Lífun eftir Trúbrot á tónleikum á Græna hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri.

**22.00** Hvanndalsbræður halda útgáfutónleika á **NASA við Austurvöll**.

#### → Sýningar

Í Gallerí Fold við Rauðarárstíg hefur verið opnuð samsýning 23ja ljósmyndara á myndum af eldgosunum á **Fimmvörðuhálsi og Eyjafjallajökli**. Opíð virka daga kl. 10-18, lau. kl. 11-16 og sun. kl. 14-16.

Í Skaftelli, miðstöð myndlistar við Austurveg á Seyðisfirði, hefur verið opnuð sýning á verkum **Ásgeirs Emilssonar**. Opíð daglega kl. 12-22.

#### → Bæjarhátíðir

Lista- og menningarhátíðin **Bjartir dagar** stendur yfir í Hafnarfirði til 6. júní. Tónleikar, myndlistarsýningar, söngleikja- og leiksýningar og margt fleira. Nánari upplýsingar og dagskrá á [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is).

#### → Síðustu forvöð

Í **Borgarbókasafninu við Tryggvagötu** stendur yfir sýning á verkefnum útskriftarnemenda **Hönnunar- og handverkskóla** Tækniskólans. Þar má sjá verkefni í faggreinum kjólasaums og klæðskurðar, **gull- og silfursmíði** auk annarra verkefna en sýningu lýkur á sunnudag. Opíð mán.-fim. kl. 10-19, fös. kl. 11-19 og um helgina kl. 13-17.

#### → Leikrit

**20.00** Leikhópurinn **CommonNonsense** sýnir verkið Af ástum manns og hrærivélar í Kassanum, sýningarrými Þjóðleikhússins við Lindargötu. Nánari upplýsingar á [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is).

#### → Leiðsögn

**14.00** **Margrét Hrönn Hallmundsdóttir** verður með leiðsögn um Nesstofu á Seltjarnarnesi og um sýninguna Saga og framtíð. **Aðgangur er ókeypis.**



# SJÁÐU HM Í HÁSKERPU

NÚ ER TÆKIFÆRI

TIL AÐ FÁ SÉR  
HÁSKERPU SJÓNVARP  
Á FRÁBÆRU VERÐI  
OG ÞÚ FÆRÐ  
ÁSKRIFT AÐ

SPORT

OG

SPORT 2 HD

Í EINN MÁNUÐ  
Í KAUPBÆTI.  
INNBYGGÐUR  
MYNDLYKILL FYLGIR!\*

# HM Í HÁSKERPU



42PJ550N

42" LG

HD ready

HDMI

DivX.com  
USB  
UNIVERSAL SERIAL BUS

Frábær myndgæði • Upplausn 1366x768 punktar  
600Hz • USB 2.0 • 2 x HDMI • Intelligent Sensor 2  
Stafrænn móttakari • DivX

40.000 kr.  
afsláttur

Tilboðsverð  
159.995 kr.

Verð áður 199.995 kr.



42LD420N

42" LG

HD 1080P

USB  
UNIVERSAL SERIAL BUS

Frábær myndgæði • Upplausn 1920x1080 punktar  
Smart Energy Saving Plus • 2 x HDMI

30.000 kr.  
afsláttur

Tilboðsverð  
179.995 kr.

Verð áður 209.995 kr.



TX-P42S20E

42" PANASONIC

HD 1080P

HDMI

Frábær myndgæði • Upplausn 1920x1080 punktar  
600Hz • V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

50.000 kr.  
afsláttur

Tilboðsverð  
199.995 kr.

Verð áður 249.995 kr.



TX-P42C2E

42" PANASONIC

HD ready

HDMI

Frábær myndgæði • Upplausn 1024x768 punktar  
100Hz • V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

30.000 kr.  
afsláttur

Tilboðsverð  
149.995 kr.

Verð áður 179.995 kr.

SPORT 2 HD

SPORT



\*Viðskiptavinur þarf að hafa aðgang að útsendingu Digital Ísland eða ADSL sjónvarp frá Símanum eða Vodafone til að geta nýtt áskriftartilboðið. Möguleiki á háskerpuútsendingu er bundinn við Digital Ísland örbylgjusendingar. Kortalesari (innbyggður myndlykill) virkar eingöngu með Digital Ísland útsendingu. Sé hún ekki í boði þarf að notast við hefðbundna myndlykla frá þjónustuaðilum.

HÁTÆKN!  
1985-2010

25 ára  
Hátækni  
1985 - 2010

Opið: virka daga 9.30-18 | Laugardaga 12-17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is



DEEP JIMI AND THE ZEP CREAMS

TAME IMPALA

## > Í SPILARANUM

### Ljótú hálfvitarnir

Tame Impala - Innerspeaker

Deep Jimi and the Zep Creams - Better When We're Dead

Johnny Stronghands - Good People Of Mine

# tónlist

tonlist@frettabladid.is



## TÍMAVÉLIN IRENE CARA NÆR HÁPUNKTI FERILS SÍNS

### What a Feeling á toppinn

- Irene Cara flutti lagið Flashdance... What a Feeling sem var samið af henni, Giorgio Moroder og Keith Forsey fyrir kvikmyndina Flashdance.
- Höfundarnir fengu bæði Óskars- og Golden Globe-verðlaunin fyrir lagið árið 1984.
- Lagið fór hins vegar hæst í annað sæti í Bretlandi. Þar var við ofurefli að etja; Rod Stewart var á toppnum með lagið Baby Jane.
- Orðið Flashdance kemur aldrei fyrir í textanum, sem var saminn af Irene Cara á leiðinni í hljóðver þar sem lagið var tekið upp.



- Apple notaði lagið í hvatningarmyndbandi fyrir starfsmenn sína árið 1983. Textanum var þá breytt úr „What a Feeling“ í „We are Apple“.
- Irene Cara er 51 árs í dag og syngur með hljómsveitinni Hot Caramel, sem hefur ekki náð teljandi vinsældum.
- Hún kom fram í raunveruleikættinum Gone Country í fyrra. Þar reyna söngvarar sem mega muna sinn fifil fegurri fyrir sér í að verða kántrísöngvarar.
- Cara hætti í þættinum, en Sebastian Bach, fyrrverandi söngvari þungarokkshljómsveitarinnar Skid Row, sigraði.



## > Plata vikunnar

Pollapönk - Meira pollapönk

★★★★

„Beintengt barnapönk“. - kg



## TÓNINN GEFINN

Trausti Júlíusson

## Meistaraverk fær viðeigandi búning

Aðdáendur Rolling Stones hafa lengi beðið eftir nýrri og endurhljóðblandaðri útgáfu af Exile On Main Street. Hún kom loks á markað fyrir hálfum mánuði og fór á toppinn í Bretlandi, í annað sætið í



EXILE ON MAIN STREET Nýja útgáfan af Exile On Main Street þykir afbragð.

Bandaríkjunum og situr þegar þetta er skrifað í öðru sæti á sameiginlegum lista Evrópulandanna. Það verður að teljast gott fyrir 38 ára gamla plötu.

Þó að Exile On Main Street hafi undanfarið verið talin ein af bestu plötum Rolling Stones þá var það ekki málið þegar hún kom fyrst út í maímánuði 1972. Hún fékk mjög misjafna dóma. Exile On Main Street var tvöfalt 18 laga albúm og sumum Stones-aðdáendum, sem voru enn í stuði eftir smella-hlaðnar

plötur eins og Let it Bleed og Sticky Fingers, þótti hana skorta þessa dæmigerðu Stones-slagara. Þegar þeir fóru hins vegar að hlusta betur komust þeir að því að heilsteyptari og bragðmeiri Stones-plötu er erfitt að finna.

Lögin á Exile er mörg djammkennd grúp sem hlaðin hafa verið röddum og sólóum. Það er rokk á plötunni, en líka kántrí, sálartónlist, blús og gospel. Það tekur meiri tíma að falla fyrir henni heldur en öðrum Stones-plötum, en hún endist líka lengur í spilaranum.

Nýja útgáfan af Exile On Main Street kemur í nokkrum mismunandi afbrigðum. Það er hægt að fá hana einfalda og án aukalaga. Það er hægt að fá tvöfalda útgáfu sem inniheldur ellefu laga aukadisk með upptökum sem eru ýmist sjaldheyrðar eða áður óutgefna. Og svo er líka ofurútgáfa í boði fyrir þá sem vilja taka 2007 á þetta. Í þeim pakka, sem kostar um hundrað pund, eru diskarnir tveir, tvöföld vínýplata, DVD-diskur með nýrri heimildarmynd sem heitir Stones in Exile, bók, myndir og fleira.



# Blúsbræður í blíðu og stríðu

Bandaríska blúsrokkduóið The Black Keys sendi á dögunum frá sér sína sjöttu hljóðversplötu, Brothers. Danger Mouse annaðist upptökur á fyrsta smáskífulaginu, Thighten Up.

The Black Keys samanstendur af gítarleikaranum og söngvaranum Dan Auerback og trommaranum Patrick Carney sem eru báðir um þrjúttug.

Sveitin var stofnuð í borginni Akron í Ohio árið 2001 og gaf út sína fyrstu plötu, The Big Come Up, ári síðar. Hrátt og einfalt blúsrokkíð í anda áttunda áratugarins vakti athygli og einnig sú staðreynd að einungis var notaður gítar og trommur við upptökurnar, auk hljómborðs stöku sinnum. Óvenju þroskuð blúsrokk Auerbachs þótti hæfa tónlistinni vel, þar sem Jimi Hendrix og James Brown voru á meðal áhrifavalda. Sveitin hefur einnig ítrekað verið nefnd í sömu andrá og blúsrokkduettinn The White Stripes, sem kemur alls ekki á óvart.

The Black Keys gerði samning við útgáfufyrirtækið Fat Possum og gaf skömmu síðar út sína aðra plötu, Thickfreakness, sem var tekin upp í fjórtán tíma samfelldri lotu í kjallaranum heima hjá Carney. Næsta plata, Rubber Factory sem var tekin upp í yfirgefni verksmiðju, kom út 2004 og fékk mjög góðar viðtökur. Vegur The Black Keys óx smám saman og hjálpaði þar til dugnaður þeirra við tónleikahald. Árið 2006 kom næsta plata út, The Magic Potion, og tveimur árum síðar leit sú fimmta dagsins ljós, Attack & Release. Þar var upptökustjóri enginn annar en Danger Mouse úr Gnarls Barkley sem hefur unnið með stórlöxum á borð við Gorillaz og Beck.

Nýja platan, Brothers, kom síðan út fyrir skömmu og tók Danger Mouse þátt í upptökum á fyrsta smáskífulaginu Thighten Up. Platan fór beint í þriðja sæti Billboard-breiðskífulistans í Bandaríkjunum, sem er besti árangur The Black Keys til þessa. „Fram að gerð þessarar plötu höfðum við Dan þroskast mikið sem einstaklingar og tónlistarmenn. Við höfum gengið í gegnum ýmislegt sem hefur reynt á samband okkar en á endanum



THE BLACK KEYS Bandaríska blúsrokkarnir í The Black Keys hafa sent frá sér sína sjöttu hljóðversplötu, Brothers.


NORDICPHOTOS/GETTY

## ÞRÍJAR PLÖTUR SEM LÍKJAST THE BLACK KEYS



### The Kills - Keep On The Mean Side (2003)

Fyrsta plata The Kills var tekin upp í sama hljóðveri og The White Stripes tók upp Elephant. Forsprakkinn Alison Mosshart í hörkustuði.



### The White Stripes - De Stijl (2000)

Önnur plata The White Stripes sem kom sveitinni rækilega á kortið. Blúsrokk í hæsta gæðaflokki.

### The Jimi Hendrix Experience - Are You Experienced (1967)

Fimmtánda besta plata allra tíma samkvæmt Rolling Stone. Jimi Hendrix fer á kostum í blús-úðu gítarrokki sínu.

þá erum við bræður og ég held að lögin á plötunni endurspeglir það,” sagði Carney.

Tónlist hljómsveitarinnar hefur verið ákaflega vinsæl í bandarískum sjónvarpsþáttum og kvikmyndum í gegnum árin. Þannig hefur lagið I'll Be Your Man af fyrstu plötunni The Big Come Up verið notað sem aðallag sjónvarpsþáttanna Hung. Lög sveitarinnar hafa einnig

heyrst í þáttum á borð við The O.C., Entourage, Rescue Me og One Tree Hill, auk kvikmyndanna School of Rock, RocknRolla og Zombieland.

Það verður nóg að gera hjá The Black Keys í sumar við að fylgja plötunni eftir og á meðal viðkomustaða verða tónlistarhátíðirnar Glastonbury, Rock Werchter, T in the Park og Lollapalooza.

freyr@frettabladid.is

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Neita að spila í Arizona-ríki

Rapparin Kanye West og rokkararnir í Rage Against the Machine eru hluti af hópi tónlistarmanna sem ætla að sniðganga ríkið Arizona í Bandaríkjunum. Ástæðan er sú að nýlega voru samþykktar breytingar á innflytjendalögum ríkisins sem Kanye og félagum þykja síður en svo hlið-holl innflytjendum. Telja þeir að um skýlaust brot á mannréttindum sé að ræða. „Sumir okkar ólust upp við kynþáttamisrétti en þessi lög eru algjör hneisa hvað þessi málefni varðar,” sagði Zach de la Rocha, söngvari Rage Aga-

inst the Machine og bætti við: „Við ætlum að sniðganga Arizona.“

Á meðal annarra flytjenda sem neita að spila í ríkinu eru Cypress Hill, Massive Attack og Serj Tankian, söngvari System of a Down.

Barack Obama, forseti



Bandaríkjanna, hefur einnig sett spurningarmerki við lögin, sem eiga að taka gildi í lok júlí.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Rage Against the Machine lætur heyra í sér á stjórnmálasviðinu. Sveitin hefur til að mynda gagnrýnt Íraksstríðið harðlega undanfarið ár.

KANYE WEST Rapparin ætlar ekki að spila í Arizona á næstunni.



# ÞJÓÐIN BÝÐUR HEIM

Vertu með. Verjum ferðapjónustuna okkar.

Kynningarátakið ÞJÓÐIN BÝÐUR HEIM er nú í fullum gangi. Fyrstu viðbrögð lofa góðu, en nú reynir á að allir Íslendingar leggist á eitt.

## ÞAÐ EINA SEM ÞÚ ÞARFT AÐ GERA ER AÐ:

- 1 Fara á heimasíðuna [www.inspiredbyiceland.com](http://www.inspiredbyiceland.com).
- 2 Senda kynningarmyndina á alla vini og samstarfsfólk í útlöndum.

Þú getur sent myndbandið hvenær sem er, en við hvetjum sem flesta til að senda slóðina milli klukkan 13 og 14 í dag, til að ná ákveðnum slagkrafti í þessu sameiginlega átaki.

Horfðu á sérstaka útsendingu **Íslands í dag** í kvöld til að fylgjast með því hvernig áttakinu miðar. Stillum saman strengi og látum rödd Íslands heyrast um allan heim og bjóðum erlenda gesti velkomna. Látum alla vita að heimsókn til Íslands er jákvæð, gefandi og ógleymanleg upplifun!  
**Tökum öll þátt – þjóðin býður heim.**

FYLGSTU  
MEÐ ÍSLANDI Í DAG  
Á STÖÐ 2

[www.inspiredbyiceland.com](http://www.inspiredbyiceland.com)

## > ZELLWEGER Í PARTY-MYND

Renée Zellweger hefur fengið hlutverk í kvikmyndinni *Pilage* sem er byggð á samnefndri skáldsögu Brantly Martin og segir frá leit fjögurra New York-vina að hinu fullkomna party í borginni.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Ólátabelgurinn Snow snýr aftur

Gamanmyndin *Get him to the Greek* verður frumsýnd um helgina. Myndin er ekki sjálfstætt framhald kvikmyndarinnar *Forgetting Sarah Marshall*, þar sem áhorfendur fengu að kynna henni óforskömmuðu rokkstjörnu Aldous Snow, þótt Snow sé vissulega miðpunktur myndarinnar. Þar að auki leikur Jonah Hill eldheitan aðdáanda stjörnunna eins og í *Söruh Marshall*-myndinni þótt þær tvær persónur hans eigi annars lítið sameiginlegt.

En án þess að flækja hlutina um of segir *Get him to the Greek* frá Aaroni Green, lærlingi hjá plötufyrirtæki, sem er fenginn til að fylgja hinni útreiknanlegu rokkstjörnu, Aldous Snow, frá London til Los Angeles en þar á hann að halda

tónleika í Greek-leikhúsinu. Snow þessi er frægur sukkari, þykir fátt jafn gaman og að súpa freyðivín og annað áfengi og á konu í hverri höfn. Verkefni Greens er því síður en svo auðvelt enda þvælist hann um næturlíf stórborganna tveggja með stjórnlausri stjórn. Fjöldi þekktra tónlistarmanna kemur fram í myndinni, nægir þar að nefna P. Diddy, Lars Ulrich og Christinu Aguilera.

Breski brjálæðingurinn Russell Brand hefur hægt og sígandi verið fikra sig upp motorðastigann á alþjóðlegum vettvangi. Brand er hins vegar „heimsfrægur“ í Bretlandi fyrir útvarpsþætti sína, pistla-skrif, uppstandssýningar og ævisögu sem fékk frábæra dóma þegar hún kom út fyrir þremur árum. Hann var langt



**BRJÁLÆÐINGUR** Russell Brand leikur rokkstjörnu Aldous Snow í kvikmyndinni *Get him to the Greek* þar sem Jonah Hill fer með hlutverk saklauss lærlings.

leiddur heróínfíkill og áfengissjúklingur en hefur sigrast á þeim djöflum. Hann er trúlofaður söngkonunni Katy Perry.

## Lee á Haítí

Samkvæmt kvikmyndasíðunni Indie Wire er bandaríski kvikmyndaleikstjórinn Spike Lee staddur á hamfarasvæðunum á Haítí með tókuliði sínu en landið fór ákaflega illa út úr jarðskjálfta sem reið yfir landið í janúar á þessu ári. Lee hyggst gera heimildarmynd um eftirmála skjálftans en hann er nú að leggja lokahönd á aðra heimildarmynd sem fjallar um ekkert síður mannskæðar náttúruhamfarir, fellibylinn Katarínu sem lagði bandarísku borgina New Orleans nánast í rúst. Sú mynd verður frumsýnd á HBO á þessu ári í tilefni af því að fimm ár eru liðin frá harmleiknum.

Lee hefur lýst yfir áhyggjum sínum af stöðu Haítí og sagðist óttast að örlögin yrðu svipuð, ef ekki verri og hjá íbúum New Orleans. „Það tók langan tíma að byggja upp New Orleans og hvernig verður þetta þá á Haítí? Um leið og kastljós fjölmiðla slokknar er hætt við



**HUGSJÓNAMAÐUR** Spike Lee er að vinna að tveimur heimildarmyndum: um fellibylinn Katarínu og jarðskjálftann á Haítí.

að íbúarnir verði ansi einmana í alþjóðasamfélaginu.“

## Pitt kaupir bók

Bandaríski leikarinn Brad Pitt heldur áfram að tryggja sér kvikmyndarétt að forvitnilegum bókum í gegnum kvikmyndafrirtæki sitt Plan B., sem hann átti reyndar með fyrrverandi eigin konu sinni, Jennifer Aniston. Pitt hefur nú keypt kvikmynda-réttinn að bókinni *The Imperfectionist* eftir blaðamanninn Tom Rachman sem New York Times lýsti sem samblöndu af bók Evelyn Waugh, *Scoop*, og *Fear and Loathing in Las Vegas* eftir Hunter S. Thompson.

Pitt hefur verið öflugur á þessum markaði í gegnum Plan B og keypti nýverið bókina *Fortress of Solitude* eftir Jonathan Lethem sem vakti mikla athygli. Alfonso Gomez Rejon sem gerði *Babel* með Pitt og



Cate Blanchett í aðalhlutverki, mun leikstýra myndinni eftir þeirri bók og skrifa handritið. Hins vegar er ekki ákveðið hvenær verður ráðist í framleiðslu *The Imperfectionist* sem segir frá skrautlegu starfsfólki fréttaveitu á Ítalíu sem lendir í miklum ógöngum. Pitt mun hins vegar ekki falast eftir hlutverki í myndinni en hann verður næst hægt að sjá í kvikmyndinni *The Tree of Life* eftir Terence Malick þar sem hann leikur á mótí Sean Penn.

**ÖFLUGUR** Pitt hefur keypt kvikmynda-réttinn að bókinni *The Imperfectionist* eftir Tom Rachman.

# ENDURKOMA CARRIE

Önnur kvikmyndin um Carrie Bradshaw og vinkonur hennar á Manhattan-eyju verður frumsýnd um helgina. Að þessu sinni er sögusviðið þó ekki New York heldur Abu Dhabi.

Beðmál í borginni 2 eins og *Sex and the City II* er væntanlega kölluð á íslensku tekur upp þráðinn tveimur árum eftir að Carrie Bradshaw gekk að eiga Mr. Big, manninn sem henni var alltaf ætlað að vera með. En ekki er allt sem sýnist; Mr. Big tekur sófalífið fram yfir veisluhöld á Manhattan og þykir fátt jafngott og að horfa á gamla mynd með heimendum mat. Líf sem Carrie hvorki er von né þráir enda partyþinni af bestu gerð. Engin lognmolla ríkir heldur í lífi vinkvenna hennar þriggja, Charlotte er að berjast við dætur sínar tvær og hræðsluna um að eiginmaðurinn stingi af með barnfóstrunni. Miranda neyðist til að þola yfirmann sem hún telur að þoli ekki að hafa gáf-aða, valdamikla og sterka konu í vinnu hjá sér. Ævintýrin elta hins vegar Samönthu sem hefur fengið nýtt verkefni; að fara í ókeypis ferð til Abu Dhabi. Grámyglulegur hversdagsleiki hjónabands, barnauppeldis og togstreitu á vinnustað verður þar víðsfjarri; einungis hinar fjórar fræknu, tiskuföt, drykkir og forboðnir ávextir í öllum sínum myndum.

*Sex and the City* er að sjálfsgöðu byggð á persónum úr samnefndum sjónvarpsþáttum. Fyrsta myndin sló rækilega í gegn, var frumsýnd í yfir þrjú þúsund bióhúsum og halaði inn rúma 3 milljarða á fyrsta sýningardeg í Bandaríkjunum og Kanada. Myndinni tókst að greiða niður allan framleiðslukostnað á aðeins þremur dögum og aðdáendur þáttanna voru almennt sáttir. Kvikmyndagagnrýnendur



**ÁHRIFAMIKLAR** Carrie Bradshaw, Miranda, Charlotte og Samantha hafa haft mikil áhrif á hugmyndir kvenna um tiskustraumana. Og kannski ekkert síður að konur yfir þritugu þurfi ekkert endilega að vera múlbundnar í hjónabandi heldur geti skemmt sér konunglega.

voru þó ekki hrifnir, rottentomatoes gaf henni einungis 49% og kvikmyndafrögurinn *The Internet Movie Database* 5,4 af tíu. Stuðningsmenn Carrie og vinkvenna voru þó fljótir að taka upp hanskann fyrir sínar konur, *Sex and the City* snúist ekki söguþráð, óvæntar fléttur eða djúpa persónusköpun heldur sé þetta meira eins og hitta gamla vini, skoða glæsilegar tiskuflikur og flissa yfir sögum af kynlífi, körlum og sambönd.

*Sex and the City* þættirnir og myndirnar hafa síðasta áratuginn verið svokallaður „trendsetter“ eða tiskufyrirmynd fyrir konur um allan heim. Aðalpersónan Carrie er auðvitað háð tiskufötum og eyðir flestum sínum peningum í skó og kjóla. Og aðdáendur hafa tileinkað sér stíl hennar í gegnum tíðina. Leikkonan Cynthia Nixon, sem leikur Miröndu, sagði í viðtali að fötin í þáttunum væri eins og ein persóna myndarinnar. Þau hjálpuðu til við að gera þetta að veruleika. Hvort Carrie Bradshaw

hefði haft jafnmikil áhrif á kvenfólk um allan heim ef hún hefði setið í flíspeysu og crocs-skóm með kokkteil í hendi verður að teljast fremur ólíklegt enda eyddu framleiðendur *Sex and the City 2* rúnum milljarði íslenskra króna í tiskuflikur fyrir persónurnar.

Það er meira en áratugur síðan Beðmál í borginni fór í loftið í fyrsta sinn. Einu sinni í viku settust konur á öllum aldri, úr öllum stéttum, alls staðar að úr heiminum fyrir framan sjónvarpið með stjörnunar í augnum á meðan þær fylgdust með ævintýrum vinkvennanna. Carrie, Samantha, Miranda og Charlotte virðast enn hafa mikið aðdráttar-afl því vinkonuhópar eru að hópa sig saman til að skipuleggja hina fullkomnu bíóferð. Þessum hópi er slétt sama þótt langskólagengnum kvikmyndagagnrýnendum sé í nöp við afkasturinn því *Sex and the City* snýst ekki um hið hefðbundna kvikmyndaform.

freyrgigja@frettabladid.is

## Heilluð af Cruise

Cameron Diaz segist hafa hrifist af áhættuleikarahæfileikum Tom Cruise þegar þau léku saman í kvikmyndinni *Knight & Day*. „Hann er sennilega sá besti sem ég hef séð,“ sagði Diaz við blaðamenn en myndin verður frumsýnd í lok þessa mánaðar. Sérstaklega segist hún hafa heillast af Cruise þegar hann stökk milli bíla á ferð og hoppaði yfir á húsbök. „Tom er alveg ótrúlegur, hann er eins og atvinnu-áhættuleikari. Ef hann væri ekki kvikmynda-stjarna þá væri hann sennilega besti áhættuleikari heims. Ég horfði á hann framkvæma sum áhættuatriðin og óskraði bara eins og smástelpa.“

**HEILLUÐ** Cameron Diaz var heilluð af Tom Cruise.



Frábær kaup

Eximo 2010 hjólhýsi á einstöku verði !

Eximo 520B Hjólhýsi



Verð: 2.698.000kr

Lengd: 5,03 m  
Breidd: 2,30 m  
Þyngd: 1050 kg  
Svefnpláss fyrir 5 (kojuhús)

Eximo 520L Hjólhýsi



Verð: 2.698.000kr

Lengd: 5,03 m  
Breidd: 2,30 m  
Þyngd: 1050 kg  
Svefnpláss fyrir 4

Eximo 460 Hjólhýsi



Verð: 2.550.000kr

Lengd: 4,57 m  
Breidd: 2,30 m  
Þyngd: 1000 kg  
Svefnpláss fyrir 4

- Létt og meðfærileg hús, auðveld í drætti.
- Mjög gott verð.
- Sterklega smíðuð hús.
- Falleg hönnun.

- 91 Litra ísskápur.
- Gasmiðstöð m/ Ultra heat ( rafm. hitun )
- Lítaðar rúður
- 12 og 220 Volta rafkerfi.

Opnunartími:  
Mán-Fös. kl: 10-18  
Laug-Sun. kl: 12-16



Útilegu maðurinn

Fossháls 5-7  
110 Reykjavík  
Sími 551 5600  
Fax 551 5601  
utilegumadurinn.is

# Snyrtivörubomba

BIOThERM

CLARINS  
PARIS

CLINIQUE

ESTÉE LAUDER

HR  
HELENA RUBINSTEIN

get *lashed*  
LONDON

JOHN FRIEDA  
COLLECTION  
LONDON PARIS NEW YORK

*Kanebo*  
INTERNATIONAL

LANCÔME  
PARIS

nails inc.  
LONDON

SHISEIDO

# 3

# fyrir 2

af snyrtivöru\*

3. – 13. júní

\*Ódýrasti hluturinn fylgi frír með.  
Gildir ekki af MAC.

## DEBENHAMS


HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífstílsbúð í SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR HEIMILI

## &gt; VILL AÐSTOÐA

Leikstjórinn James Cameron sem sló rækilega í gegn með kvikmyndunum Titanic og Avatar hefur boðið fram aðstoð sína við að stöðva olíulekann í Mexíkóflóa. Cameron á hátæknilegan kafbát sem hann notaði meðal annars við tökum á Titanic og hefur boðist til að lána bátinn í aðgerðirnar.

**fólk**  
folk@frettabladid.is



## E-Label í TopShop á Íslandi

Hönnunarkerkið E-Label verður fáanlegt í verslunum TopShop í Kringlunni og Smáralind frá og með deginum í dag. Af því tilefni verður efnt til veislu í versluninni TopShop í Kringlunni klukkan 18.00 í kvöld og verður ný sumarlína E-Label frumsýnd við sama tækifæri.

„Samstarf okkar við TopShop í London hefur gengið vonum fram og þess vegna fannst okkur kjörið að hefja einnig samstarf við TopShop hér á landi,“ segir Ásta Kristjánsdóttir, önnur eigenda E-Label. Að sögn Ástu hefur gengi E-Label í TopShop í London verið afar gott og hefur merkið alltaf náð þeim sölumarkmiðum sem því eru sett. „Af öllum þeim hönnuðum sem fengu inni á

sama tíma, er E-Label eina merkið sem er enn eftir og við erum að sjálfsgöðu mjög stolt yfir því.“ Ásta segist einnig hafa verið að skoða þann möguleika að hefja sölu á vörum E-Label í Þýskalandi innan skamms, en það á eftir að skýrast betur síðar.

Í veislunni í kvöld verður sérstakur Volcano kjöll frá E-Label frumsýndur, en hönnuðurinn Harpa Einarisdóttir hannaði línuna og var hún innblásin af gosinu í Eyjafjallajökli. Auk þess mun DJ Natalie leika ljúfa tóna, en þess má geta að hún er andlit nýrrar haustlínu E-label ásamt þremur öðrum föngulegum konum.

Veislan hefst klukkan 18.00 og stendur til klukkan 20.00.



ÁNÆGDAR MEÐ ÁRANGURINN Ásta Kristjánsdóttir og Heba Hallgrímsdóttir, eigendur E-Label, hlakka til samstarfsins við TopShop hér á landi.

## Segir Rás 3 komna til að vera

Ómar Ómar, forsvarsmáður netvarpsstöðvarinnar Rás 3, hefur undirritað samkomulag við STEF um leyfi til netvarpssendinga. Þetta er í fyrsta sinn sem samningur sem þessi er gerður við netvarpsstöð hérlendis.

„Ég er gríðarlega ánægður. Þetta er stórt skref sem verður ekki tekið til baka. Þetta er komið til að vera,“ segir Ómar Ómar. Hugmyndin á bak við Rás 3 hefur legið lengi í loftinu. Það er að frumkvæði TFA ehf. (Tími fyrir aðgerðir) sem hún er loksins komin í framkvæmd. Ekki er um hefðbundnar FM-útsendingar að ræða. Dreifing um Netið hefur ótakmarkað dreifikerfi og nú þegar símar og önnur jaðartæki hafa aðgang að 3G-neti er hægt að hlusta á Rás 3 nánast hvar og hvenær sem er í gegnum síðuna Rás3.is.

Eftir undirritun samningsins verður meiri dagskrárgerð sett í gang á stöðinni, sem hingað til hefur verið með einn vikulegan þátt, RVK



SAMNINGUR Í HÖFN Ómar Ómar handsalar samninginn við Gunnar Stefánsson, innheimtustjóra Stefs um leyfi til netvarpssendinga.

Underground, auk þess sem stanslaus tónlist hefur fengið að hljóma. Mikil áhersla verður lögð á að virkja hlustendur stöðvarinnar með notkun ýmissa samfélaga á Netinu auk þess sem allt upptekið efni verður aðgengilegt til hlustunar eftir á.

Alls konar tónlist verður spiluð á

stöðinni, ekki bara hipp hopp heldur líka rokk og popp. „Þetta verður ekki fröðupopsstöð. Við leggjum mikla áherslu á að virkja tónlistarmenninguna. Það er mikið af góðri tónlist sem hefur ekki verið spiluð á Íslandi í mörg ár,“ segir Ómar.

- fb



LJÓTU HÁLFVITARNIR Ljótu hálfvitarnir hafa æft grímt að undanfögnu fyrir tvöna útgáfutónleika sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## NÝ LEIKFLÉTTA HÁLFVITANNA

Grallararnir í Ljótu hálfvitunum hafa sent frá sér sína þriðju plötu. Rétt eins og fyrri plötur heitir hún ekki neitt og er auk þess keimlík hinum tveimur í útliti.

Ljótu hálfvitarnir hafa undanfarin ár verið með vinsælustu ballhljómsveitum landsins og hafa þær vinsældir endurspeglast í plötusölu. Fyrsta platan seldist í rúmlega 4.000 eintökum og sú næsta á eftir, sem hafði að geyma slagarann Lukkurollið, seldist örlítið minna.

„Hún er rokkaðri en síðasta plata, ef eitthvað er,“ segir Ármann Guðmundsson, einn af hálfvitunum nú, um nýjasta afkvæmið. „Síðasta plata var voða finnúsuð en þessi er grófgerðari. Við unnum með öðrum upptökustjóra, Flex Árnasyni. Okkur langaði að prófa eitthvað nýtt og athuga hvernig við myndum hljóma með einhverjum öðrum. Við lítum alla vega þannig á að þessi leikflétta hafi gengið upp hjá okkur.“

Partílagið Gott kvöld er þegar farið að heyrast í útvarpinu og gefur tóninn fyrir sumarið, þar

sem sungið er um samkvæmi sem fer aðeins úr böndunum. Annars eru yrkisefni hálfvitanna á svipuðum slóðum og áður: Gleði, bjór, konur, dans og ást. Meira að segja hafið kemur við sögu, enda þykja hálfvitarnir flinkir í sjómanna-lögum.

Priggja manna brassveit setur svip á nokkur lög á plötunni, gestatommarar líta við og efnileg söngkona að norðan, Halla Marín Hafþórsdóttir, syngur með í einu lagi. KK kemur síðan við sögu í tveimur lögum þar sem hann syngur, spilar á gítar og blæs í munnhörpu af sinni alkunnu snilld.

Lögin á plötunni eru úr ýmsum áttum. Tvö voru samin í æfingabúðum í Borgarfirði en Hafið blátt var samið á níunda áratugnum af Ármanni og Þorgeiri Tryggvasyni.

„Við grófum upp gamalt lag sem við aldursforsetarnir tveir sömdum á sokkabandsárnum okkar. Þetta er elsta lagið á plötunni,“ segir Ármann.

Plötunni verður fylgt eftir með tónleikahaldi í sumar. Fyrst verða útgáfutónleikar í Íslensku óperunni á laugardaginn og viku síðar halda Ljótu hálfvitarnir aðra útgáfutónleika í Ydolum í Aðaldal.

freyr@frettabladid.is

**GO WATER**  
Sitrónu twist  
Sykurlaust  
Náttúruleg bragðefni  
Engar kaloriur  
Engin rotvarnarefni

**GO WATER**  
Jardarberja twist  
Sykurlaust  
Náttúruleg bragðefni  
Engar kaloriur  
Engin rotvarnarefni

**GO WATER**  
Sykurlaust og náttúrulega gott

Nordic Water Foundation

**Aukum öryggi sjómanna**



# Berst gegn AIDS

Annie Lennox hefur verið ráðin sem sérlegur sendiherra Sameinuðu þjóðanna í baráttunni við AIDS og HIV-veiruna. Söngkonan hefur lengi látið sig málið varða og hefur eiginlega verið í fremstu váglinu síðustu tuttugu ár. Hún setti meðal annars á fót SING-verkefnið sem hafði það markmið að kynna heilbrigðisþjónustu og nám fyrir konum og börnum í Suður-Afríku.



**BARÁTTUKONA** Annie Lennox er sérstakur sendiherra SP í baráttunni gegn AIDS.

Annie Lennox fékk þar að auki sérstök verðlaun frá Nóbelsnefndinni fyrir ósérhlífna baráttu sína í þágu kvenna út um allan heim. Lennox var gerð að sendiherranum á miðvikudaginn. „Sú grimmd sem konur og ungar stúlkur verða fyrir

um allan heim á hverjum degi er óásættanleg. Ef við ætlum að berjast af fullri alvöru gegn þessum sjúkdómi þá verðum við að breyta stöðu kvenna,“ sagði Lennox.

# Ferðast um landið

Tónlistarkonan Fabúla fer á sunnudaginn í tónleikaferð um landið ásamt Unni Birnu Björnsdóttur fiðluleikara, sem er einnig í karlakórnum Fjallabræður. Þar munu þær kynna fjórðu plötu Fabúlu, In Your Skin, sem kom út í desember.

Fyrstu tónleikarnir verða á Hótel Höfn á sunnudaginn og eftir það verður förrinni heitið til Vopnafjarðar, Seyðisfjarðar, Egilsstaða, Húsavíkur, Dalvíkur og loks til Búðardals. „Við hlökkum til að leggja í hann og spila á þessum ólíku stöðum á landinu,“ segir Fabúla.

„Tónleikana höldum við ýmist

á hótelum, kaffihúsum, kirkjum eða knæpum og er hver staður með sinn anda og innblástur.

Alls staðar virðist þó halda utan um hlutina fólk með hjartað á réttum stað.

Það verður yndislegt að hitta þetta fólk og alla sem sjá sér fært að koma og hlusta á okkur,“ segir hún.

Rás 2 mun fylgja ferðalaginu eftir. Nánari upplýsingar má finna á Fabula.is.



**SAMAN Í TÓNLEIKAFERÐ** Fabúla og Unnur Birna fara í tónleikaferð um landið á sunnudaginn.

# Í fangelsi á mánudaginn

Leikarinn og vandræðagemlingurinn Charlie Sheen hefur verið dæmdur í þrjátíu daga fangelsi og hefur hann afplánun sína á mánudaginn. Ástæðan er árás hans á eiginkonu sína Brooke Mueller í Aspen á jóladag. Sheen átti yfir höfði sér allt að sex mánaða fangelsi og háa sekt eftir að hann var handtekinn í apríl en honum tókst að semja við saksóknara með þessum ágæta árangri.



**CHARLIE SHEEN** Leikarinn þarf að dúsa í fangelsi næstu

Talið er að leikarinn þurfi aðeins að afplána sautján daga í fangelsinu. Hann þarf einnig að gangast undir 36 klukkustunda námskeið í að hafa hemil á reiði sinni.

# Lady Gaga í buxum

Aðdáendur Lady Gaga bíða með mikilli eftirvæntingu eftir nýju myndbandi frá dómnum við lagið Alejandro. Myndbönd Lady Gaga vekja jafnan mikla athygli enda afar djörf og oftast ekki blóðug.

Slúðurbloggarinn Perez Hilton birti í gær stutt brot úr myndbandinu sem sýnir Lady



Gaga í buxum, öllum að óvörum. Gaga er þekkt fyrir að koma sér hjá því að klæðast buxum öllum stundum og virðist ekki vera hrædd við að sýna bossann. Eins og við var að búast er einnig mikið dansað í myndbandinu ásamt því að vöðvastæltur sjarmör fær að kela við söngkonuna. Myndbandið kemur út á næstunni.

**ALLTAF Á BRÓKINN** Lady Gaga kemur á óvart og klæðist buxum í nýjasta myndbandi sínu.



**DIOR DAGAR 3.– 9. júní**

**20% AFSLÁTTUR AF MISS DIOR CHÉRIE í snyrtivörudeild Lyfja & heilsu Kringlunni**

Sérfræðingur frá Dior kynnir það nýjasta í fördun og nýja Hydralife rakalínu. Dior Vernis naglalakk í fállegri tösku fylgir ef keypt er fyrir 6.000 kr.\*

\* Meðan birgðir endast.

[www.lyfogheilsa.is](http://www.lyfogheilsa.is)

**Lyf & heilsa**  
Kringlunni

## Strippar fyrir ferilinn

Bandaríska leikkonan Megan Fox hefur haft miklar áhyggjur af því hvað fólk héldi um hana eftir að leikkonan tilkynnti að hún hygðist ekki leika í Transformers 3. Þess vegna ákvað hún að fara niður á strönd með kærastanum sínum, Brian Austin Green, klæða sig úr efnismiklu flíkunum, láta alla helstu slúðurljósmýndara vita að hún yrði fáklædd í sjónum og sýna þar og sanna að þessi tíðindi hefðu engin áhrif á hana. Eða líkama hennar.

Þessari sögu heldur vefsíðan Absolute New fram og hefur eftir heimildarmanni sínum að Megan hafi miklar áhyggjur af orðspori sínu í kvikmyndaheiminum. „Hún vildi bara sýna öllum að þetta hefði engin áhrif á sig. Eða líkama sinn. Hún sér þetta ekki þannig að hún hafi verið rekin frá myndinni og þessar bikini-myndir voru hugsáðar sem staðfesting á því að þetta hefði engin áhrif á ferilinn eða sálarástand hennar.“



# CHERYL TWEEDY ÁSTFANGIN Á NÝ

**Breski söngfuglinn Cheryl Tweedy stendur í erfiðum skilnaði við eiginmann sinn, Ashley Cole. Hún lætur það þó ekki á sig fá heldur virðist hafa fundið ástina á ný.**

Eins og breskir fjölmiðlar hafa greint frá eru Cheryl og bakvörður enska landsliðsins í fótbolta, Ashley Cole, að skilja. Upp komst um stöðugt framhjáald leikmannsins eftir að götublaðið The Sun birti nektarmyndir af Ashley sem hann hafði tekið á símann sinn og sent ungrri snót. Ashley, sem er leikmaður Chelsea í London, var sagður vera í sárnum eftir að hafa verið gripinn í bólinu og reyndi allt hvað hann gat til að vinna söngkonuna Cheryl aftur á sitt band. Um tíma virtist það ætla að takast en að lokum sagði Cheryl bless og skilaði meira að segja öllu glingrinu sem leikmaðurinn hafði keypt handa henni á meðan á sambandinu stóð.

Ashley er á leið á HM í Suður-Afríku með landsliði sínu og það verður væntanlega til að trufla

undirbúning hans að mamma rapparans úr Black Eyed Peas, Will. I.Am hefur lýst því yfir að sonur sinn elski Cheryl Cole. Þau tvö hafa sést æ oftar saman og stöðugur orðrómur hefur verið á kreiki um að þau ætluðu að rugla saman reitum. Yfirlýsingar móðurinnar verða eflaust ekki til þess að slá á þennan orðróm.

Reyndar var mamman, Debra Cain, loðin í svörum í síðasta mánuði og staðfesti að sonurinn ætti leynilega kærustu. Nú hefur hún sem sagt bætt um betur og opinberað verst geymda leyndarmál þotuliðsins á Bretlandi. „Vinátta þeirra hefur breyst í ást og Will þykir ákaflega vænt um hana. Honum finnst hún vera stórkostleg kona og ég er alveg sannfærð um að þau séu fullkomin fyrir hvort annað,“ sagði Cain í samtali við new!-tímaritið og bætti um betur þegar hún sagði hafa gefið sambandinu sína blessun. „Hún virðist vera yndisleg stelpa og ég get ekki beðið eftir því að hitta hana. Sonur minn talar bara fallega um hana og Will hefur lofað mér að næst þegar þau eru í borginni þá förum við saman út að borða.“ -fgg



## NÝSKILIN OG ÁSTFANGIN

Breski söngfuglinn Cheryl Tweedy er nýskilin við eiginmann sinn Ashley Cole eftir áralangt framhjáald knattspyrnukappans. Nýja ástin í lífi Cheryl er hins vegar rapparinn Will.I.Am en móðir hans hefur gefið sambandi þeirra blessun sína.



**DIÖFULLEG** Samkvæmt tímaritinu Star Magazine stundar Angelina Jolie svartagaldur. NORDICPHOTOS/GETTY

## Stundar svartagaldur

Tímaritið Star Magazine heldur því fram á forsiðu sinni að leikkonan Angelina Jolie hafi haldið ótal sinnum framhá sambýlismanni sínum, Brad Pitt, auk þess sem hún neyti eiturfjfa og stundi svartagaldur.

Rithöfundurinn Andrew Morton hefur skrifað heila bók um samband leikaranna og kemur hún út í byrjun ágúst og hefur Star Magazine forsiðuefni sitt frá honum. „Ég tók viðtöl við fjöldann allan af fólki sem þekkir parið og mér var sagt ýmislegt forvitnilegt um Angelínu og samband hennar við Brad,“ sagði rithöfundurinn. Samkvæmt fjölskylduvini kvíðir Jolie útgáfu bókarinnar og óttast að hún geti skaðað samband hennar og Pitts.

## Langar að búa í bát

Bandarísku leikkonuna Jessicu Biel dreymir um að búa í bát. Biel, sem er um þessar mundir kærasta hjartaknúsarans Justin Timberlake, er mikil áhugamanneskja um fornleifafraeði og segist hafa sterka löngun til þess að sigla um heiminn og skoða gamlar rústir og fornar byggingar eins og píramídana. „Þegar ég var lítill langaði mig alltaf til þess að vera eins og Indiana Jones, að grafa upp einhverjar fornminjar eða gömul bein,“ sagði Biel við Americas Glamour-magazine. Leikkonuna ber næst fyrir augu áhorfenda í hasarmyndinni A-Team.



**Á SJÓ** Jessicu Biel dreymir um að búa í bát eins og Björk gerði.



# OSTA

## GRILL PYLSUR

# Nýtt frá Ali

## æðislega gott á grillið



**Ali BORGARI**  
10 stk



**Ali Grill PYLSUR**



**Ali Grill PYLSUR**



**Ali HUNANGS**  
kötiletur  
marenerabur og létreyktar



**Ali HUNANGS**  
kötiletur  
marenerabur og létreyktar



**LÉTTREYKTAR HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR**



**LÉTTREYKTAR HUNANGS GRÍSAKÓTILETTUR Í BARBECUE SÓSU**



## Skoðaði hringa



Leikarinn Leonardo DiCaprio sást nýferð í skartgripaverslun í Beverly Hills þar sem hann skoðaði trúlofunarhringa. „Hann vildi skoða fimm karata demantstrúlofunarhringa. Hann virtist ekki geta ákveðið sig. Hann sagðist ætla að mæta aftur með móður sína til að fá hennar ráðleggingar,“ sagði heimildarmaður. DiCaprio er að hitta ísraelsku fyrirsætuna Bar Refaeli. Þau hættu saman í fyrra eftir fjögurra ára samband en á síðasta ári tóku þau aftur saman. Orðrómur hefur verið uppi um að þau ætli að ganga upp að altarinu og svo virðist sem hann hafi verið á rökum reistur. Stutt er síðan þau byrjuðu að búa saman og greinilegt að hlutirnir eru á réttri leið hjá þessu fallega pari.

**DICAPRIO** Leikarinn skoðaði trúlofunarhringa í Beverly Hills.

# Vill að Oasis komi saman aftur

Yoko Ono, ekkja Bítilsins Johns Lennon, vonar að hljómsveitin Oasis muni koma aftur saman. Sveitin hætti fyrir nokkru eftir hávaðarifrildi bræðranna Liams og Noels Gallagher. Síðan þá hafa þeir ekki talast við.

„Ég elska Oasis. Við þurfum á góðu afli eins og þeim að halda. Þessi góðmennska skín í gegn í lögnum þeirra. Vonandi eiga þeir eftir að gera fleiri plötur,“ sagði hún. Oasis hefur oft verið líkt við Bítlanu og sjálfir hafa Gallagher-bræðurnir oft lýst yfir aðdáun sinni á hljómsveitinni. Yoko hefur einnig tjáð sig um

mögulegt samstarf við hljómsveitina The Flaming Lips. Sveitin gerði nýja útgáfu af lagi hennar Cambridge 1969 á plötunni Yes, I'm A Witch sem kom út 2007. „Ég er mikill aðdáandi þeirra. Vonandi getum við starfað saman í framtíðinni,“ sagði hún.

**YOKO ONO** Yoko vill að Oasis komi saman aftur og geri nýja plötu.



**LIAM** Liam Gallagher talar ekki við bróður sinn Noel.

## Carey ólétt

Mariah Carey á von á barni. Þetta kemur fram á fréttamiðlinum Radar Online, sem hefur þetta eftir heimildarmanni sem ku vera tengdur Carey og eiginmanni hennar, skemmtikraftinum Nick Cannon.

Carey og Cannon endurnýjuðu hjúskaparheitið í maí þannig að nýjustu fréttir af hjónakornunum koma ekki á óvart.

„Þau eru bæði mjög spennnt og hamingjusöm,“ er haft eftir heimildarmanninum. Fjölmíðlfulltrúi Carey neitar ekki fréttinni og sagði í samtali við Radar að hún hefði ekki leyfi til að ræða persónuleg mál-efni Mariuh Carey að svo stöddu. „Mariah og Nick vilja halda þungunni leyndri eins lengi og þau geta,“ sagði heimildarmaðurinn enn fremur.



**VERÐANDI MAMMA** Mariah Carey og Nick Cannon eiga von á barni samkvæmt fréttamiðlinum Radar Online.



**BELLE AND SEBASTIAN** Skoska poppsveitin er á leiðinni í tónleikaferð um heiminn.

## Tónleikaferð um heiminn

Skoska poppsveitin Belle & Sebastian er á leið í tónleikaferð um heiminn sem hefst í Finnlandi 11. júlí. Meðal fleiri viðkomustaða eru Spánn, Japan, Bandaríkin, Bretland og Mexíkó. Þetta verður fyrsta tónleikaferð sveitarinnar um Norður-Ameríku frá árinu 2006. Ný plata frá Belle & Sebastian er á lokastigi, sem verður fyrsta hljóðversplatan síðan The Life Pursuit kom út 2006 við góðar undirtektir. Liðsmenn sveitarinnar eru þessa dagana að semja lög í Glasgow og einnig að taka upp í Los Angeles.

TRYGGÐU ÞÉR EINTAK





2010  
FIFA WORLD CUP  
SOUTH AFRICA

- Allt um liðin, þjálfarana og leikmennina

- Saga keppinnar

- Yfirlit leikja

- Tölfræðiupplýsingar

HM

TILBOÐ

Verð áður 5.990

---

Þitt verð

3.990

VERTU KLÁR Í SLAGINN!

HANDBÓKIN UM HEIMSMEISTARAKEPPNINA

**128 síðna handbók um heimsmeistarakeppnina í fótbolta í Suður-Afríku 2010 - eina HM fótboltabókin sem samþykkt er af FIFA!**

Bókin er full af glæsilegum myndum og inniheldur ítarlega umfjöllun um frægustu leikmennina, öll liðin og möguleika þeirra í keppninni. Í bókinni er greinargott yfirlit um sögu heimsmeistarakeppinnar og allt annað sem þú þarft að vita um hana.

**Skyldueign fyrir alla alvöru fótboltaaðdáendur!**

**Fæst á [www.edda.is](http://www.edda.is) - Eymundsson - Olís - Hagkaup og N1**



**HEITASTA STELPUMYND SUMARSINS**  
SKEMMTILEGASTI VINKVENNA HÓPU R KVIKMYNDASÖGUNNAR ER KOMINN Í BIÓ

CARRIE, SAMANTHA, CHARLOTTE OG MIRANDA ERU KOMNAR AFTUR OG ERU Í FULLU FJÖRI Í ABU DHABI

**SEX AND THE CITY**

GLAUMUR, GLAMÚR OG SKÓR ERU MÁLIÐ Í SUMAR

**PRINCE OF PERSIA**  
THE SANDS OF TIME

**IRON MAN 2**

**ÁLFABAKKA**

SEX AND THE CITY 2	kl. 5D - 7 - 8D - 10 - 11D	12
SEX AND THE CITY 2	kl. 5 - 8 - 11	10
PRINCE OF PERSIA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
THE LAST SONG	kl. 5:40 - 8 - 10:20	10
IRON MAN 2	kl. 8 - 10:30	12
KICK ASS	kl. 5:40	14
AD TEMJA DREKANN SINN	M/Íst. Tali kl. 5	L

**KRINGLUNNI**

SEX AND THE CITY 2	kl. 5D - 8D - 10D - 11D	12
PRINCE OF PERSIA	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
OFURSTRÁKURINN	M/Íst. Tali kl. 5 (sýnd á morgun)	L
AKUREYRI		
SEX AND THE CITY 2	kl. 5 - 8 - 11	12
THE LAST SONG	kl. 5:30	L
PRINCE OF PERSIA	kl. 8 - 10:30	10
SELFOSSI		
SEX AND THE CITY 2	kl. 8 - 11	12
PRINCE OF PERSIA	kl. 8	10
COPS OUT	kl. 10:30	14

**Morgun**  
sex and the city kl. 10 um morgunina á föstudag

NÝTT Í BIÓ!

**HEIMSFORSYNING**

JONAH HILL RUSSELL BRAND

**GET HIM TO THE GREEK**

FRÁ LEIKSTJÓRA FORGETTING SARAH MARSHALL OG FRAMLEIÐANDA KNOCKED UP KEMTUN EINN KLIKKIBASTA GRINNYND SUMARSINS

FRÁBÆR GAMANMYND MEÐ MICHAEL CERA ÚR JUNO OG SUPERBAD

★★★★ -H.S.S, MBL  
★★★★ -T.P.T, DV E.V. - Kvikmyndin

**YOUTH IN REVOLT**

FRÁBÆR GAMANMYND MEÐ MICHAEL CERA ÚR JUNO OG SUPERBAD

★★★★ -H.S.S, MBL  
★★★★ -T.P.T, DV E.V. - Kvikmyndin

**SNABBA CASH**

★★★★ -H.S.S, MBL  
★★★★ -T.P.T, DV E.V. - Kvikmyndin

**FUNDIÐ FÉ**

MAGNÚS SÆNSKUR SPENNMYNDIRNIR Í ANDA STEIG LARSSON

**SMÁRA BIÓ** Sími 564 0000

GET HIM TO THE GREEK	kl. 10:10 FORSYNING	12
CENTURION	kl. 8 - 10:15	16
YOUTH IN REVOLT	kl. 3:40 - 5:50 - 8	14
SNABBA CASH	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
SKÓGARDYRÍÐ HUGÓ 3	kl. 3:50 - 6	L
ROBIN HOOD	kl. 5 - 10:20	12
ROBIN HOOD LÚXUS	kl. 5 - 8	12
THE BACKUP PLAN	kl. 8	L
THE SPY NEXT DOOR	kl. 3:40	L

**HÁSHÓLA BIÓ** Sími 530 1919

GET HIM TO THE GREEK	kl. 8 FORSYNING	12
OCEANS	kl. 5:45 - 8 - 10:20	L
SNABBA CASH	kl. 5:30 - 8 - 10:30	16
ROBIN HOOD	kl. 6 - 9	12
THE BACKUP PLAN	kl. 5:40 - 8 - 10:20	L

**BORGAR BIÓ** Sími 462 3500

GET HIM TO THE GREEK	kl. 10:20 FORSYNING	12
BROOKLYN'S FINEST	kl. 8	16
ROBIN HOOD	kl. 8 - 10:20	12
SKÓGARDYRÍÐ HUGÓ 3	kl. 6	L
THE SPY NEXT DOOR	kl. 6 Síðasta sýning	L

NÝTT Í BIÓ

**LAUGARÁS BIÓ** Sími: 553 2075 - bara lúxus

HEIMSFORSYNING

**GET HIM TO THE GREEK**

**CENTURION**

**ROBIN HOOD**

**SYNINGARTÍMAR**

GET HIM TO THE GREEK	10 Heimforsyning	12
ROBIN HOOD	4, 7 og 10	12
CENTURION	6 og 8	16
BROOKLYN'S FINEST	8 og 10:30	16
HUGÓ 3	4	L
NANNY MCPHEE	5	L

## Frægir sýna gömul föt

Jón Gnarr verður meðal fyrirseta á sérstakri tískusýningu sem haldin verður á Austurvelli í kvöld klukkan sex. Tilgangur sýningarinnar er að safna fé til styrktar Dagsetri – athvarfi fyrir heimilislausu en einnig til að vekja athygli á nytja- og fatamarkaði Hjálpræðishersins. Til Dagseturs leita í kringum tuttugu manns á hverjum degi en þar geta einstaklingar meðal annars fengið að borða, farið í bað, þvegið fötin sín og rætt við ráðgjafa.

Jón verður ekki eina þjóðþekktu persónan sem leggur þessu málefni lið því meðal annarra má nefna Pál Óskar, Ilmi Kristjánsdóttur, Haffa Haff og Birgittu Haukdal. Kynnir verður Björgvin Franz en það er Dj

Dirt Machine sem sér um tónana og Kristmundur Kristmundsson, sem vakið hefur sérstaka athygli fyrir sigurlag söngvakeppni framhaldsskólanna, þenur raddböndin.

Þeir sem hrifast alveg sérstaklega af flíkunum sem fyrirsætunnar klæðast geta nálgast þær á risa-fatamarkaði sem verður opnaður í herkastala Hjálpræðishersins við Kirkjustræti 2 en hann verður opinn fram til klukkan tíu um kvöldið.

**BORGARSTJÓRAEFNI Í TÍSKUSÝNINGU**  
Jón Gnarr ætlar að gefa sér tíma frá meirihlutaviðræðum og sýna gömul föt til styrktar Hjálpræðishernum. Með honum á sýningarpallinum verða meðal annars Haffi Haff og Birgitta Haukdal.



SPENNANDI SUMAR FRAM UNÐAN Margrét Kaaber, millistjórnandi Lifthópa Hins hússins, segir marga skemmtilega hópa taka þátt í starfinu í sumar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fjörugt sumar í vændum

Þrátt fyrir niðurskurð og fækkun stöðugilda munu listhópar Hins hússins halda áfram að auðga miðborgarlífið með skemmtilegum uppákomum. Uppi-standshópur er meðal þess sem verður í boði.

Listhópar Hins hússins hafa sett svip sinn á miðbæ Reykjavíkur undanfarnin ár og verður engin breyting þar á nú í sumar. Fimmtán hópar fá tækifæri til að sinna liststarfi á vegum Hins hússins að þessu sinni og munu þeir standa fyrir ýmsum skemmtilegum uppákomum í miðbæ Reykjavíkur yfir hásumartímann.

Síðasta sumar reyndist nauðsynlegt að fækka stöðugildum sumarhópanna niður í 25 vegna niðurskurðar en áður höfðu stöðugildin verið allt frá fjörutíu og upp í sjötíu talsins. Hægt var að koma í veg fyrir enn frekari niðurskurð í ár vegna aukafjarveitingar og því eru stöðugildin þau sömu og þau voru í fyrra. „Fimmtán hópar voru valdir í verkefnið, þar af eru fjórir tónlistarhópar, fjórir danshópar, þrjú listhópar auk leiklistar- og uppstands- hópa, svo eitthvað sé nefnt. Þessir hópar munu svo standa fyrir þessum hefðbundnu uppákomum auk Föstudagsfiðrildanna og auðvitað uppskeruhátíðarinnar sem fer fram í Ráðhúsinu um miðjan júlí,“ útskýrir Margrét Kaaber, milli-

stjórnandi Lifthópa Hins hússins. Margrét bendir þó á að hóparnir séu fleiri í ár en þeir voru í fyrra, en þá voru aðeins átta listhópar starfræktir yfir sumarið.

Meðal þeirra hópa sem munu skemmta gestum og gangandi í sumar má nefna danshópin Dansandi drengi en að honum standa fjórir dansandi drengir, ljóðahópin Ljóðverk sem mun leitast við að endurvekja áhuga fólks á íslenskum skáldskap og teiknimyndahópin Gottskálk þrumdi þetta af sér, en markmið hópsins er að koma íslenskum þjóðsögum í myndrænt form. Af þessu að dæma verður ýmislegt forvitnilegt og skemmtilegt á seyði í miðbæ Reykjavíkur í sumar.

- sm

## Nú er Blake brugðið

Söngkonan Amy Winehouse er komin með nýjan kærasta upp á arminn en stutt er síðan fjölmiðlar héldu því fram að Amy og fyrrverandi eiginmaður hennar, Blake Fielder-Civil, ætluðu að ganga aftur í hið heilaga.

Hinn nýi kærasti Winehouse heitir Reg Traviss og starfar hann bæði sem kvikmyndaframleiðandi og leikstjóri. „Amy er mjög hrifin af Reg. Þau hafa verið að hittast í nokkrar vikur og eru nú orðin óhrædd við að sýna hrifningu sína opinberlega. Reg er almennilegur strákur og mjög jarðbundinn. Hann er vel að sér í öllu sem viðkemur menningu og þau hafa gaman af því að tala og hlæja saman,“ sagði vinur Winehouse um sambandið. Winehouse hætti með Fielder-Civil fyrir nokkrum mánuðum eftir að hann féll aftur í þá gryfju að neyta eiturlyfja. Hún hefur síðan þá neitað að tala við hann og að sögn föður hennar er fjölskyldan afskaplega fegin því.



SUMARÁST Amy Winehouse er komin með nýjan kærasta. Sá heitir Reg Traviss og er kvikmyndaframleiðandi.



HR  
HELENA RUBINSTEIN

LASH QUEEN MASKARAR  
ÁHRIFARÍKT AUGNARÁÐ



Lash Queen Mascara  
Feline Blacks

Lengir og þéttir á djarfan  
og tælandi hátt

Lash Queen Mascara  
Feline Extravaganza

Þéttir og lengir augnhárin  
enn meira.

Meira magn í einni stroku.

# HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í HAGKAUP KRINGLUNNI, HOLTAGÖRÐUM OG GARÐABÆ 3. - 9. JÚNÍ

Kaupaukinn\* þinn þegar þú kaupir 2 Helena Rubinstein vörur:

- HR taska
- HR dagkrem 15 ml
- Prodigy næturkrem 5 ml
- Life Ritual andlitsvatn 50 ml
- Magic Concealer baugahyljari 3 ml
- All Mascaras augnfarðahreinsir 50 ml

**Verðmæti kaupaukans er kr. 15.500**  
Einnig aðrar gerðir kaupauka með förðunarbustum.

**Vertu velkomin**



\*Gildir á kynningunni meðan birgðir endast. Gildir ekki með deodorant eða biýöntum.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð



8 DAGAR Í HM



Heimsmeistarar hafa ekki náð að verja titilinn síðan Brasilumenn afrekuðu það á HM í Chile 1962. Brasilumenn höfðu titilinn í Svíþjóð fjórum áður. Ítalí unnu tvisvar í röð í tveimur síðustu keppnum fyrir seinni heimsstyrjöldina (HM 1934 og 1938) og Úrúgvæ vann titilinn í fyrstu tveimur HM sem þjóðin tók þátt í (1930 og 1950). Heimsmeistarar Úrúgvæ frá 1930 tóku ekki þátt í næstum tveimur HM-keppnum á eftir.

**sport**  
sport@frettabladid.is



HANNA GUÐRÚN STEFÁNSDÓTTIR: SPILAÐI MEÐ RIFINN LIÐPÓFA Í LEIKJUNUM Á MÓTI FRAKKLANDI OG AUSTURRÍKI

## Heyrði bara í stelpunum öskra og syngja inn í klefa

Hanna Guðrún Stefánsdóttir og félagar í íslenska kvennalandsliðinu í handbolta tryggðu sér sæti í lokakeppni EM um síðustu helgi. Hanna skoraði 17 mörk í síðustu tveimur leikjum íslenska liðsins en það vissu færri að hún gerði það þrátt fyrir að hafa líklega verið með rifinn liðpófa.

„Ég gæti trúað því að ég hafi rífið liðpófan í byrjuninni á Frakkaleiknum þegar ég rann til á dúknum. Ég er á leiðinni í skoðun. Þess vegna haltraði maður þínu en samt ekkert mikið. Ég hljóp alveg mína spretti,“ sagði Hanna sem skoraði 13 mörk í leiknum. „Þegar draumurinn er til staðar og maður ætlar sér eitthvað þá fer maður alla leið. Það þýðir ekkert væl. Ég reyndi bara að gleyma þessu og þegar adrenalínið var komið á fullt í leiknum þá tókst það,“ segir Hanna sem var markahæsti leikmaður íslenska liðsins í undankeppninni með 56 mörkum í 6 leikjum. Hanna var búin að biða einna lengst af öllum í lið-

inu eftir að komast á stórmót. „Þetta var bara snilld. Ég vissi ekki hvað ég átti að gera eftir leikinn, hvort ég ætti að grenja eða öskra. Ég stóð bara í smástund og vissi ekkert hvað ég átti að gera,“ segir Hanna sem missti þó eiginlega af sigurundinni með íslenska liðinu. „Ég var mest svekkt yfir því að ég var tekin í lyfjapróf strax eftir leikinn og við fórum beint inn í einhvern búningaklefa. Svo heyrdi ég bara í stelpunum öskra og syngja inn í klefa. Ég hitti þær síðan ekki fyrr en einum og hálfum tíma seinna þegar ég var búin að klára þetta lyfjapróf. Þá hitti ég þær loksins og fékk að fagna með þeim,“ segir Hanna.

Hanna hefur ekki áhyggjur af að þessi meiðsli truflfi hana í undirbúningnum fyrir næsta tímabil.

„Ég kalla þetta bara smámeiðsli eftir að ég fór í gegnum það að brjóta á mér bakið. Ég verð alveg klár í haust. Ég hlýði öllum skipunum, æfi vel og styrki mig vel og þá er þetta komið,“ sagði Hanna.



## Vinnum ef ég held áfram að skora

Valsarinn Danni König er maður 5. umferðar Pepsi-deildar karla að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði tvö mörk í 5-1 sigri Vals á Fylki á mánudagskvöldið og er nú markahæsti maður deildarinnar með fjögur mörk.



**ALFRED GÍSLASON** Hefur náð frábærum árangri með Kiel en var þó ekki valinn þjálfari ársins í þýsku úrvalsdeildinni.

NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Þýski handboltinn:

### Alfred ekki þjálfari ársins

**HANDBOLTI** Saed Hasanefenic, þjálfari Gummersbach, var valinn þjálfari ársins í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta og hafði hann dágóða forystu á Alfred Gíslason hjá Kiel sem varð annar í kjörinu.

Undir stjórn Hasanefenic varð Gummersbach Evrópu-meistari bikarhafa í vor en liðið er nú í sjötta sæti deildarinnar. Kiel er í efsta sæti og á titilinn vísan auk þess sem liðið varð um helgina Evrópu-meistari eftir sigur í Meistaradeild Evrópu þar sem liðið lagði spænsku risana Ciudad Real og Barcelona.

Gummersbach vann þó Kiel í fjórðungsúrslitum þýsku bikarkeppinnar í febrúar síðastliðnum en tapaði svo fyrir Rhein-Neckar Löwen í undanúrslitum. Róbert Gunnarsson leikur með Gummersbach og Aron Pálmarsson með Kiel.

- esá

Ingólfur Sigurðsson á leið út:

### Heerenveen og KR náðu saman

**FÓTBOLTI** Ingólfur Sigurðsson er aftur á leið til hollenska félagsins Heerenveen þar sem hann var í eitt ár, frá 2007 til 2008. Heerenveen hefur komist að samkomulagi við KR um kaupverð en Ingólfur á sjálfur eftir að semja um kaup og kjör við Hollendingana. Þetta staðfesti umboðsmaður hans, Ólafur Garðarsson, við Fréttablaðið.

Ingólfur er sautján ára gamall og þykir einn efnilegasti leikmaður sem Ísland á í dag. Hann hefur hins vegar ekkert fengið að spreyta sig með KR á tímabilinu til þessa en hann skoraði eitt mark í þremur leikjum á síðasta tímabili.

- esá

**FÓTBOLTI** Valsmaðurinn Danni König er leikmaður 5. umferðar að mati Fréttablaðsins. Hann skoraði tvö mörk í 5-2 sigri Vals á Fylki og er nú markahæsti leikmaður deildarinnar með fjögur mörk í fimm leikjum. König gekk í raðir Vals frá Randers í Danmörku og hann sér ekki eftir því að hafa valið að spila knattspyrnu á Íslandi.

„Þetta hefur verið mjög jákvæð reynsla,“ segir hann í samtali við Fréttablaðið. „Hér er allt miklu betra en ég bjóst við – bæði aðstæður og knattspyrnan sjálf. Öll liðin í deildinni eru góð og engin verulega slæm lið. Þetta er jöfn deild og það er jákvætt.“

Hann segir að honum hafi verið mjög vel tekið hjá Val. „Hér hafa allir hugsað mjög vel um mig – liðsfélagar, þjálfarinn og allir aðrir í kringum liðið. Mér líður því mjög vel.“

König segir enn fremur að honum hafi sífellt gengið betur að aðlagast leik liðsins eftir því sem liður á. „Þetta var svolítið stírt í byrjun og þá sérstaklega í fyrstu leikjum mínum á undirbúningstímabilinu. Ég þurfti að fá að kynna liðsfélagunum og þeir mér. En þetta hefur orðið betra með hverjum leiknum sem er mjög gott. Gegn Fylki skoraði ég tvö góð skallamörk og ég er mjög ánægður með það,“ segir hann. „En ég verð líka að hrósa mínum félögum í Val. Martin [Pedersen] og Arnar Sveinn [Geirsson] gáfu



**DANIRNIR Í VAL** Danni König og Martin Pedersen áttu góðan leik gegn Fylki á mánudaginn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

góðar sendingar á mig í mörkunum enda spilar enginn vel nema liðið sjálf spili vel.“

Hann þekkti ekki mikið til íslenska boltans áður en hann kom hingað en þekkti þó til leikmanna sem hafa spilað hér. „Bo Henriksen þjálfaði mig hjá Brönshøj en hann spilaði nú með Val á sínum tíma.

Svo þekki ég líka Hans Mathiesen sem spilaði með Fram og Keflavík. Ég gat því ráðfært mig við þá.“

König var síðast á mála hjá Randers. „Þar fékk ég ekkert að spila. Ég áleit það því góðan möguleika að koma hingað til að fá að spila og sýna mig. Umboðsmaðurinn minn sagði mér að það væri

Jóhannes Karl Guðjónsson gerði tveggja ára samning við Huddersfield:

## Stærri klúbbur en margir halda


**FÓTBOLTI** Skagamaðurinn Jóhannes Karl Guðjónsson skrifaði í fyrradag undir tveggja ára samning við enska C-deildarliðið Huddersfield en hann lék síðast með Burnley í ensku úrvalsdeildinni. Samningur hans við Burnley átti að renna út í sumar en hann fékk sig lausan undan honum fyrr en áætlað var.

„Mér stóðu fleiri kostir til boða en þegar Huddersfield kom til sögunnar leist mér það vel á félagið að ég ákvað að drífa mig í að skrifa undir,“ segir hann. „Mér leist bara langbest á þetta hjá þeim. Félagið sýndi mikinn áhuga á að fá mig og knattspyrnustjóri liðsins, Lee Clark, virðist vera toppnáungi sem ætlar sér að koma þessu liði upp um deild.“

Hann segir það einnig mikilvægt að félagið búi við sterkan fjárhag. „Það eru fjölmörg félög á Englandi sem eiga í miklum rekstrarerfiðleikum og enn fleiri sem eru að skera niður. Stjórnarformaður Huddersfield er hins vegar afar vel staður og félagið er skuldlaust. Þá er völlum félagsins stór og flottur og mikið af áhorfendum á leikjum liðsins. Þetta er stærri klúbbur en margir halda,“ segir Jóhannes Karl.

Hann hefur nú verið í atvinnunnarskuni síðan 1998 og á þeim tíma hefur hann leikið með níu félögum í þremur löndum. Hann segir að þessi reynsla muni koma sér til góða.

„Þjálfarinn vill fá meiri reynslu inn á miðjuna því liðið er ungt. Það vantaði



**JÓHANNES KARL** Hér í leik með Burnley í ensku úrvalsdeildinni á síðustu leiktíð.

NORDIC PHOTOS/GETTY



**TVEIMUR ÁRUM SEINNA** Boston fór illa með Lakers 2008.

MYND/GETTYIMAGES

Úrslitaeinvigi Lakers og Celtics: Byrjar í kvöld

**KÖRFUBOLTI** Úrslitaeinvigi LA Lakers og Boston Celtics hefst í nótt en allir leikirnir verða í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport. Þetta er í tólfta skiptið sem þessi sigursælustu félög í sögu NBA mætast í úrslitaeinviginu.

Lakers á harma að hefna, ekki aðeins fyrir að hafa tapað 9 af þessum 11 úrslitaeinvigum heldur einnig fyrir tapið í úrslitunum fyrir tveimur árum þegar Boston-vörninn slókti hreinlega á Kobe Bryant, vann einvigið 4-2 og lokaleikinn með 39 stiga mun.

„Við skulum sjá hversu mikið við höfum þroskast. Þetta var besta vörnin sem ég hef lent í í úrslitakeppni,“ sagði Kobe um umrædd einvigi. Það var 17. meistaratitill Boston en Lakers vann sinn fimmtanda þegar liðið tryggði sér titilinn í fyrra og þá fór Kobe á kostum.

- 66j

**ENDURNÝJUN OG VIÐHALD**

Löggiltur rafverktaki

Sími:

**553 5600**

rafsol@rafsol.is

**RAFSÓL**

Skúlagata 30 • 101 Reykjavík  
Sími 553 5600 • rafsol@rafsol.is

# Europpris

ÓDÝRT FYRIR ALLA!



## -20% af öllum hjólum frá fimmtudegi til sunnudags



VERÐ ÁÐUR: KR 37.990

pr. stk  
**30.392**

REIÐHJÓL

- Grind úr áli
- 24"
- Stráka/stelpu, 9 ára og eldri
- Shimano gírar. 21 gír
- Auðvelt að setja saman



VERÐ ÁÐUR: KR 39.990

pr. stk  
**31.992**

REIÐHJÓL

- Shimano gírar. 21 gír
- Grind úr áli
- Dömu 51 cm / herra 55 cm



VERÐ ÁÐUR: KR 24.990

pr. stk  
**19.992**

BARNAREIÐHJÓL

- Stráka/stelpu, 8-10 ára
- 20"
- Shimano gírar. 6 gírar
- Auðvelt að setja saman



VERÐ ÁÐUR: KR 49.990

**39.992**

DÖMUREIÐHJÓL - CLASSIC

- Ál grind
- 3ja gíra, Shimano gírar



FRÁ **599**

REIÐHJÓLALÁSAR

- 8x600 mm, kr 599
- 10x1800 mm, kr 999
- 25x1200 mm, kr 2299



**3799**

REIÐHJÓLAFESTING

- Loftafesting



FRÁ **1899**

REIÐHJÓLAHJÁLMAR

- Barna, kr 1899
- Unglinga, kr 2699
- Fullorðnir, kr 3799

Tilboðin gilda frá og með fimmtudeginum, 3. júní til sunnudagsins 6. júní.

[www.euoppris.is](http://www.euoppris.is)

Fiskislóð / Korputorgi / Dalvegi, Kópavogi / Tjarnarvöllum 11, Hafnarfirði / Austurvegi, Selfossi / Baldursnesi 8, Akureyri

## ÚRSLIT

## VISA-bikarkeppni karla:

ÍBV - KR	0-1
0-1 Kjartan Henry Finnbogason (54.)	
Fram - ÍR	2-1
1-0 Ívar Björnsson (38.), 2-0 Ívar Björnsson (49.), 2-1 Guðjón Gunnarsson (90.+3.)	
Fjarðabyggð - Njarðvík	3-2 (2-2)
Eftir framlengingu.	
Bí/Bolungarvík - Völsungur	2-0
Víkingur R. - Sindri	7-0
KB - Víkingur Ó.	0-1
KA - HK	3-2 (2-2)
Eftir framlengingu	

## LEIKIR KVÖLDSINS

Valur - Afturelding	kl. 19:15
Leiknir R. - Stjarnan	kl. 19:15
Þróttur R. - Gróttta	kl. 19:15
Haukar - Fjölnir	kl. 19:15
Viðir - Fylkir	kl. 19:15
Grindavík - Þór	kl. 19:15
Keflavík - KS/Leiftur	kl. 19:15
ÍA - Selfoss	kl. 19:15
Breiðablik - FH	kl. 20:00

## Vináttulandsleikir

Zimbabwe - Brasilía	0-3
Grikkland - Paragvæ	0-2
Aserbaidsjan - Hondúras	0-0
Noregur - Úkraína	0-1
Rúmenía - Makedónía	0-1
Hvíta-Rússland - Svíþjóð	0-1
Albanía - Andorra	1-0
Serbia - Pólland	0-0



RAFA BENITEZ Hefur verið orðaður við Inter á Ítalíu. NORDIC PHOTOS/GETTY

## Enskir fjölmiðlar um Liverpool: Stjórnin vill að Benitez hætti

**FÓTBOLTI** Enskir fjölmiðlar fullrytu margir í gær að stjórn Liverpool hefði boðið Rafael Benitez þrjár milljónir punda fyrir að hætta sem knattspyrnustjóri hjá liðinu.

Liðið varð í sjöunda sæti ensku úrvalsdeildarinnar í vor og féll úr leik í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu á nýliðnu tímabili og vill stjórn félagsins að hann láti af störfum.

Benitez skrifaði hins vegar undir fimm ára samning fyrir rúmu ári síðan og á samkvæmt honum rétt á sextán milljónum punda í skaðabætur verði hann rekin.

Þessar fregnir voru þó óstaðfestar í gærkvöldi. - esá

Fabio Capello tekur ekki við Inter í sumar:

## Stýrir Englandi áfram

**FÓTBOLTI** Fabio Capello skrifaði í gær undir nýjan samning við enska knattspyrnusambandið sem tryggir að hann verður áfram í starfi fram yfir EM 2012 sem fer fram í Póllandi og Úkraínu.

Gamli samningurinn hafði sama gildistíma en í þeim nýja voru fjarlægðar klásúlur sem gerði báðum aðilum kleift að rifta samningnum eftir HM í sumar.



„Ég vildi alltaf vera í starfi út minn samningstíma,“ sagði Capello á heimasíðu enska knattspyrnusambandsins.

„Við munum nú einbeita okkur að HM í Suður-Afríku.“

Capello hafði verið orðaður við stjórastöðuna hjá Inter á Ítalíu en nú er ljóst að hann fer ekki þangað eftir HM í sumar. - esá



## Tinna Mark

hefur hafið störf hjá Sjúkrþjálfuninni AFL, Borgartúni 6

Tímappantánir í síma 511 4111  
www.aflid.is

SJÚKRAPJÁLFUN

AFL



Fram komið áfram í 16-liða úrslit bikarkeppninnar eftir 2-1 sigur á ÍR:

## Ívar skaut Fram áfram í bikarnum

**FÓTBOLTI** Fram er komið í 16-liða úrslit VISA-bikarkeppni karla eftir 2-1 sigur á 1. deildarliði ÍR á Laugardalsvelli í gær. Ívar Björnsson skoraði bæði mörk Fram í leiknum en Guðjón Gunnarsson minnkaði muninn fyrir Breiðhyltinga undir lok leiksins.

Aðstæður til knattspyrnuíðkunar voru til fyrirmyndar í Laugardalnum þegar Fram mætti ÍR í 32-liða úrslitum VISA-bikarkeppninnar. Fram byrjaði leikinn betur, tók öll völd á miðjunni og skapaði sér helling af færum. ÍR-ingar náðu ekki skoti að marki allan fyrri hálfleikinn og virtust hreinlega ekki vera tilbúnir í leikinn.

Framarar sóttu láttlaust og brutu ísinn á 38. mínútu þegar Sam Tillen tók hornspyrnu sem Ívar

Björnsson skallaði í netið. Staðan var því 1-0 í hálfleik en hún gaf þó ekki rétta mynd af leiknum enda Fram með yfirburði og hefði með réttu átt að klára leikinn í fyrri hálfleik.

Seinni hálfleikurinn fór einnig fjörlega af stað og strax á 49. mínútu bætti Fram við marki. Almarr Ormarsson átti þá fallega sendingu inn á Ívar Björnsson sem kláraði færið af mikilli yfirvegum.

„Við vorum afar kærulausir fyrir framan markið,“ sagði Ívar eftir leikinn. „Við sundurspiluðum þá og létum þá hlaupa á eftir okkur. En þegar við komum inn í teig urðum við bara kærulausir þar til við náðum að skora og brjóta ísinn.“

Eftir annað mark Fram kviknaði



FRAM ÁFRAM Almarr Ormarsson, leikmaður Fram, í baráttunni í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

loks á ÍR-ingum. Davíð Már Stef-

ánsson átti góðan leik á kantinum hjá ÍR og fór mikinn í sóknarleik liðsins. Á 89. mínútu náðu ÍR-ingar að minnka muninn með marki frá Guðjóni Gunnarssyni sem skoraði í autt netið eftir mikinn hamagang inn á teig Fram. Eftir það fjaraði leikurinn út og Fram því komið í 16-liða úrslit VISA-bikarsins.

„Það eru vissulega vonbrigði að detta út úr bikarnum en við getum þá einbeitt okkur að deildinni frekar, það er auðvitað númer eitt hjá okkur,“ sagði Árni Freyr Guðnason, fyrirlíði ÍR-inga, svekktur eftir leikinn. „Það er meiri áhersla lögð á leikinn gegn Fjarðarbyggð á laugardaginn þó svo að það sé vissulega gaman að taka þátt í bikarkeppni. Auðvitað vildum við vera þar sem lengst.“ - es

# Langþráður sigur hjá KR í Eyjum

Kjartan Henry Finnbogason tryggði KR fyrsta sigurinn á tímabilinu er liðið bar sigurorð af ÍBV, 1-0, í 32-liða úrslitum VISA-bikarkeppni karla. Þetta var þar að auki fyrsti bikarsigur KR í Eyjum í 21 ár.

**FÓTBOLTI** KR vann í gær sinn fyrsta sigur á tímabilinu er liðið vann 1-0 sigur á ÍBV í 32-liða úrslitum VISA-bikarkeppni karla. Þetta var enn fremur fyrsti bikarsigur KR í Eyjum síðan 1989 en það var Kjartan Henry Finnbogason sem tryggði KR sigurinn með marki snemma í síðari hálfleik.

Bæði lið gerðu breytingar á sínu liði frá síðasta leik. Eypór Helgi Birgisson kom aftur inn í lið ÍBV eftir að hafa tekið út leikbann og Grétar Sigfinnur Sigurðarson spilaði sinn fyrsta leik í sumar. Hann missti af upphafi tímabilsins vegna meiðsla og kom inn fyrir Viktor Bjarka Arnarsson.

Leikurinn byrjaði af krafti en strax á 15. mínútu leit fyrsta færi leiksins ljós. Þar var að verki Eypór Helgi eftir hornspyrnu James Hurst en Lars Ivar Moldsked varði glæsilega í marki ÍBV.

Baldur Sigurðsson átti svo gott færi fyrir KR er hann skallaði að marki ÍBV en Albert Sævarsson, markvörður Eyjamanna, náði að verja með tilþrifum í slána.

ÍBV varð svo fyrir áfalli á 36. mínútu þegar Andri Ólafsson þurfti að fara meiddur af velli og tók Yngvi Magnús Borgþórsson hans stöðu í liðinu.

Staðan var því markalaus í hálfleik en eina mark leiksins kom fljótlega eftir að flautað var til leiks í þeim síðari. Sendingin kom inn í teig ÍBV frá vinstri kantinum og barst boltinn til Kjartans Henrys sem urðu á engin mistök og afgreiddi knöttinn laglega í netið. Albert kom engum vörnum við.

Eyjamenn reyndu að jafna metin undir lokin og sóttu stíft að marki KR en án árangurs.



ÞJÁLFARINN Logi Ólafsson var ánægður með sigurinn á ÍBV í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

„Við vorum að mér fannst sterkari aðillinn í leiknum,“ sagði Logi Ólafsson, þjálfari KR, sem var vitanlega ánægður með sigur sinnna manna. „Varnarleikurinn var að smella vel saman. Við vissum að það yrði erfitt að koma á Hásteinsvöll og var það lykilatriði að hafa náð að spila vel í vörninni.“

Hann segir að sitt lið sé á réttri leið. „Það hefur verið góður stígandi í liðinu og þetta er nú annar leikurinn í röð þar sem við fengum ekki á okkur mark. Það er mikil framför,“ sagði Logi.

Heimir Hallgrímsson, þjálfari ÍBV, var að sama skapi óánægður með að hafa tapað á heimavelli og fallið úr leik í bikarkeppninni.

„Það var einfaldlega greinilegur munur á þessum liðum. Við vorum að spila erfiðan leik fyrir þremur dögum síðan en þeir ekki. Ég er hundfúll og svekktur vegna þessa taps en leik-

mennirnir eiga hrós skilið að hafa gefið allt sitt í leikinn. Við höfum að miklu leyti verið að keyra áfram á sama mannskapnum en margir okkar leikmenn voru einfaldlega með tóman tank undir lok leiksins.“

Alls fóru sjö leikir fram í 32-liða úrslitum VISA-bikarkeppni karla í gær. ÍBV er eina úrvalsdeildarliðið sem er fallið úr leik.

Fjarðabyggð og KA þurftu framlengingur í sínum leikjum til að komast áfram í næstu leikjum. KA vann HK

en Fjarðabyggð hafði betur gegn Njarðvík. Báðum leikjum lyktaði með 3-2 sigri eftir að staðan var jöfn, 2-2, að loknum venjulegum leiktíma.

Þá vann Víkingur frá Reykjavík öruggan 7-0 sigur á Sindra og Víkingur frá Ólafsvík vann góðan 1-0 sigur á KB á útivelli. Þá hafði Bí/Bolungarvík betur gegn Völsungi á heimavelli, 2-0. - vsh, esá

Þrír leikir í þýska handboltanum í gær:

## Miklir yfirburðir Kiel

**HANDBOLTI** Þrír leikir fóru fram í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta í gær. Kiel er enn á góðri leið með að verða Þýskalandsmeistari en liðið gjörsgraði Balingen í gær, 32-21. Aron Pálmarrsson skoraði eitt mark í leiknum en Kiel getur með sigri á Grosswallstadt í lokaumferð deildarinnar á laugardaginn tryggt sér þýska meistaratalitilinn.

Alfred Gíslason er nú á öðru ári sínu með Kiel en hann varð meistari með liðinu á síðasta ári. Um síðustu helgi sigraði svo liðið í Meistaradeild Evrópu eftir sigur á Barcelona í úrslitaleik.

Flensburg gulltryggt sér þriðja sæti deildarinnar með sigri á Lemgo í gær, 34-31. Alexander Pettersson skoraði fjögur mörk fyrir Flensburg og Vignir Svavarsson eitt fyrir Lemgo. Logi Geirsson var ekki í leikmannahópi síðarnefnda liðsins.

Rhein-Neckar Löwen á nú góðan möguleika á að tryggja sér sæti í Meistaradeild Evrópu á næstu leiktíð eftir að Göppingen tapaði fyrir Gummersbach á útivelli í gær, 32-22. Göppingen hefði með sigri í gær komist upp í fjórða sætið á kostnað Löwen sem dugir nú sigur á Wetzlar í lokaumferðinni til að



DANIEL NARCISSE Var markahæstur hjá Kiel í gær með sex mörk ásamt Filip Jicha. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

tryggja sér þátttöku í Meistaradeildinni ásamt Kiel, Hamburg og Flensburg.

Róbert Gunnarsson skoraði fjögur mörk fyrir Gummersbach í leiknum í gær. Gummersbach er í sjötta sæti deildarinnar með 45 stig en Lemgo, Grosswallstadt og Fúchse Berlin koma næst með 40 stig.

Minden og Düsseldorf eru fallin úr úrvalsdeildinni en Dormagen þarf að mæta annaðhvort B-deildarliðunum Emsdetten eða Bergischer HC í umspili um sæti í þýsku úrvalsdeildinni á næstu leiktíð. - esá



GUBBJÖRG OG ÞÓRA Báðar í eldliðunni í Svíþjóð í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sænska úrvalsdeildin:

## Öruggur sigur hjá LdB Malmö

**FÓTBOLTI** Þóra B. Helgadóttir og félagar í LdB Malmö unnu í gær öruggan 4-1 sigur á nýliðnu Tyr-esó í sænsku úrvalsdeildinni í knattspyrnu í gær. Þóra lék allan leikinn í marki Malmö en Dóra Stefánsdóttir, liðsfélagi hennar, er enn frá vegna meiðsla.

Malmö er enn taplaust eftir tíu leiki og er með fjögurra stiga forystu á toppi deildarinnar.

Kristianstad, lið Elisabetar Gunnarsdóttur, tapaði fyrir núverandi meisturunum, Linköping, á útivelli, 3-0. Guðbjörg Gunnarsdóttir stóð í marki Djurgården sem tapaði í gær en fjórða Íslendingaliðið, Örebro, gerði markalaust jafntefli við Sunnanå. - esá





*At the heart of the image*

## NIKON S3000 Sumartilboð

Nett og meðfærileg myndavél með 4x aðdrætti - hentar við öll tilefni. Íslenskur leiðarvísir.

Nú fylgir Golla taska að verðmæti 3.500 kr. með. Verð: 29.995 kr.



**I AM** YOUR BEST SUMMER DEAL



## NIKON D3000 Sumartilboð

Frábær stafræn SLR myndavél fyrir byrjendur. GUIDE valmyndin auðveldar þér að taka betri myndir strax. Nú fylgir með taska, 2GB minniskort, linsuklútur og strandbolti ásamt íslenskum leiðarvísi og Nikon School námskeiði.

Verð frá 99.995 kr.



[www.iamnikon.is](http://www.iamnikon.is)

68

Ragnhildur Sigurðardóttir á vallarmetið í kvennaflokki á Vestmannaeyjavelli, 68 högg.



63

Helgi Dan Steinsson á vallarmetið í karlaflokki á sama velli (af hvítum teigum), 63 högg.

# Grýlan í Vestmannaeyjum

Um helgina var 16. holan á Vestmannaeyjavelli fest kirfilega í sessi sem alræmdasta golfhola á Íslandi. Ólafur B. Loftsson, Íslandsmeistari í golfi, lék þá holuna á ellefu höggum og kastaði frá sér sigrinum á fyrsta stigamóti GSÍ í sumar. Þar endurtók sig atburðarás frá Íslandsmóttinu 2008 af ótrúlegri nákvæmni.

Nú er svo komið að golfvöllurinn í Vestmannaeyjum hefur öðlast sérstakan sess á meðal íslenskra kylfinga. Þar er alræmdustu golfholu landsins að finna; um það geta allavega tveir Íslandsmeistarar vitnað og hundruð áhugakylfinga.

Flugfélags Íslands-mótið, fyrsta stigamót GSÍ í Eimskipsmótaröðinni, var haldið um helgina í blíðskaparveðri. Sigurvegari í karlaflokki var Björgvin Sigurbergsson sem vann Kristján Þór Einarsson í bráðabana.

Þegar þrjár holur af 36 voru óleiknar virtist hins vegar ekkert geta komið í veg fyrir að Íslandsmeistarinn Ólafur B. Loftsson myndi tryggja sér öruggan sigur, en hann hafði leikið vel allt mótið og leiddi með tveimur höggum.

„Þetta er auðvitað ekkert nýtt. Þessi hola hefur áður

#### HEIÐAR DAVÍÐ BRAGASON

Hann gótt sem tapaði Íslandsmeistaratitlinum á 16. holu árið 2007.



reynst örlagavaldur,“ segir Ólafur sem sló þremur boltum út af velli í röð, spilaði holuna á ellefu höggum og missti af sigri. „Ég var búinn að spila mjög vel þegar kom að þeirri sextánda en var búinn að missa stutt þútt á holunum á undan. Strákarnir voru að sækja að mér og ég ákvað því að spila djarft með því að slá yfir sjóinn.“

Ólafur segir málið einfalt. Tvö misheppnuð högg á versta tíma. „Úr því sem var komið gat ég alveg reynt við þriðja boltann og það gekk ekki heldur. Þá tók ég 3-tré og spilaði honum á pari. Svona er íþróttin.“

Á Íslandsmóttinu í högg-leik árið 2008 stefndi allt í öruggan sigur Heiðars Davíðs Bragasonar sem hafði þriggja högga forskot á Björgvin Sigurbergsson þegar kom að 16. holunni. Heiðar sendi, líkt og Ólafur, þrjá fyrstu boltana í sjóinn. Spilaði þann fjórða á pari og endaði á ellefu. Björgvin sprengdi líka og fór á átta höggum. Kristján Þór tryggði sér Íslands-

meistaratitilinn eftir þriggja manna umspil og bráðabana gegn Heiðari.

Ólafur segir að taugarnar hafi ekki átt neinn þátt í ævintýri helgarinnar. Bláðamaður trúir því eftir að hafa séð Ólaf tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn með hreint ótrúlegum hætti í fyrra. Eins og menn muna vann hann upp fimm högga forystu Stefáns Más Stefánssonar á lokaholunum í Grafarholtinu og átti þar eina ótrúlegustu endurkomu íslenskrar golfsögu. Flestir höfðu nefnilega afskrifað hann á 15. holu eftir sárgrætileg mistök.

„Já, ég þekki þetta frá báðum hliðum,“ segir Ólafur sem viðurkennir að andinn í hópnum hafi verið skrítninn á meðan hringurinn var kláraður. Hann hafði það á orði að tap KR gegn Selfoss hafi verið mun verra þegar félagar hans reyndu að stappa í hann stálinu.

Næsta verkefni hjá Ólafi er Opna breska áhugamannamótið í golfi í Skotlandi. „Ég stefni á sigur. Annað eins hefur nú gerst,“ segir Ólafur. Sigurvegarinn fær þátttökuheimild á Opna breska meistaramóttinu að launum.

svavar@frettabladid.is



## Séð af 16. teig

### Þú átt teig!

- Þegar Heiðar lék holuna á ellefu höggum á Íslandsmóttinu 2007 var rigning og rok.
- Þegar Ólafur lenti í sínum hremmingum um helgina var sól og blíða.
- Það má setja spurningamerki við það að samkvæmt vallarmati eru tíu holur á velliðum erfiðari en 16. holan.




# Íþróttahelgin gerð upp í Fréttablaðinu

Vegleg og aukin íþróttaumfjöllun í Fréttablaðinu mánudaga



## Erfiða holan

Vestmannaeyjavöllur 16. hola Par: 5



Mikill örlagavaldur. Löng og snúin hundslöpp til vinstri. Til vinstri er hafið en til hægri eru háir grashólar. Hægra megin við braut er búið að raða fjórum glompum. Hér er vatn fyrir framan flötina þannig að þú verður að vanda mjög höggið yfir klettinn. Mikið landslag á flötinni.



ÞORSTEINN HALLGRÍMSSON

„Þetta er braut sem hefur oft rassskellt mig,“ segir Þorsteinn Hallgrímsson golfkennari sem er uppallinn Eyjamaður og þekkir því sextánda holuna á Grýluvelli vel. „Þér þarf að líða vel þegar þú kemur á teig því það er erfitt að standa þar með driver í hönd, Atlantshafið vinstra megin og vallarmörk hægra megin.“

Þorsteinn segir tvær leiðir til að spila holuna. „Önnur leiðin er að spila djarft og reyna við flöt í tveimur höggum. Þá áttu möguleika á erni og ef allt gengur upp færðu öruggan fugl. Hin leiðin er að taka brautartré eða blending af teig. Leggja síðan upp fyrir framan tjörnina með áttu eða sexu og þá áttu um 60-80 metra eftir að teig. Þetta fer þó allt eftir aðstæðum og ef þú ætlar að spila djarft þarftu að standa og falla með þeirri ákvörðun.“

Lengd: 463 m (af gulum teig)  
Forgjöf: Skráð ellefta erfiðasta hola vallarins



**FRÁ MÓTINU Í FYRRA** Sol Campbell leikmaður Arsenal var meðal þátttakenda á mótinu í fyrra sem og Birkir Kristinsson fyrrverandi landsliðsmarkvörður.

MYND/ÓSKAR FRÍDRÍKSSON

Herminator Invitational:  
**Hermann snýr aftur á völinn**

Herminator Invitational, golfmótið sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir, verður haldið í annað sinn í Vestmannaeyjum í lok júní. Um er að ræða góðgerðamót sem margir frægir íþróttamenn, íslenskir sem erlendir, taka þátt í. Meðal þátttakenda í fyrra voru meðal annarra Sol Campbell, leikmaður Arsenal, Eiður Smári Guðjohnsen og Magnús Scheving.

Hermann meiddist illa í leik með Portsmouth þegar lítið var eftir af ensku úrvalsdeildinni en í samtali við vefsíðuna kylfing.is segist hann vonast til að geta verið með í ár.

Á mótinu í fyrra hlutu Björgólfur Takefusa og félagar Herminator-bikarinn, besti golfarinn var valinn Vignir Freyr Andersen Lottókynnir og Birkir Kristinsson þótti best klæddur. Sol Campbell þótti hins vegar vera með bestu sveifluna. Allur ágóði mótsins rennur til góðgerðarmála.



**BJÖRGVIN SIGURBERGSSON** Hann leiðir Eimskipsmótaröðina í karlaflokki eftir fyrsta stigamótið í Eyjum.

**Eimskipsmótaröðin**

**Karlar**

1	Björgvin Sigurbergsson	GK	1500.00
2	Kristján Þór Einarsson	GKJ	1200.00
3	Rúnar Arnórsson	GK	916.88
4	Hlynur Geir Hjartarson	GK	916.88
5	Arnar Snær Hákonarson	GR	916.88
6	Ólafur Björn Loftsson	NK	916.88
7	Þórður Rafn Gissurarson	GR	712.50
8	Pétur Freyr Pétursson	GR	600.00
9	Alfreð Brynjar Kristinsson	GKG	600.00
10	Trygvi Pétursson	GR	481.88



**VALDÍS ÞÓRA** Hún vann fyrsta mótið

**Konur**

1	Valdís Þóra Jónsdóttir	GL	1500.00
2	Ólafía Þ. Kristinsdóttir	GR	1200.00
3	Eygló Myrta Óskarsdóttir	GO	1065.00
4	Íris Katla Guðmundsdóttir	GR	952.50
5	Ingunn Gunnarsdóttir	GKG	862.50
6	Þórdís Geirsdóttir	GK	787.50
7	Ingunn Einarisdóttir	GKG	712.50
8	Jódis Bóasdóttir	GK	637.50
9	Karen Guðnadóttir	GS	562.50
10	Hansína Þorkelsdóttir	GKG	532.50
11	Jónína Pálsdóttir	GKG	502.50

Golfheimar.is er ný vefsíða fyrir kylfinga sem vilja halda vel utan um skorið í sumar:

**Hægt að skrá skorið beint í gemsann**

Golfheimar.is er ný vefsíða, sem gerir kylfingum kleift að skrá mjög nákvæmlega inn skor og halda utan um tölfræði.

„Hugmyndin kviknaði fyrir tveimur árum og ég byrjaði að vinna í henni þá,“ segir Geir Sigurður Jónsson, framkæmdastjóri Golfheima. „Markmiðið er að búa til samfélag þar sem kylfingar geta haldið mjög nákvæmlega utan um skorið sitt, deilt árangrinum með öðrum og borið sig saman við aðra. Vinahópar geta búið til sín eigin mót og mótaraðir og fengið skemmtilega úrvinnslu eða tölfræði út úr mótunum.“

Mjög auðvelt er að skrá sig sem nýjan notanda á Golfheimum og vefsíðan er mjög notendavæn. Notendur ráða því hversu nákvæmlega þeir skrá skorin. Líklega er algengast að

menn skrái högg, hittar brautir og þútt. Út frá þeim upplýsingum reiknar forritið út hlutfall hitra flata, hitra brauta, fjölda punkta, sem og brúttó og nettó skor. Að sjálfsgöðu sýnir forritið líka tölfræði yfir fjölda fugla, para, skolla og skramba.

Geir Sigurður segir að samstarfssamningur hafi verið gerður við Gólf Samband Íslands um samþættingu notkunar á golf.is og Golfheimum. Notendur Golfheima geta þannig sótt forgjöfina sína yfir á golf.is og fært skorin sín á milli vefsíðanna, sem kemur í veg fyrir tvískráningu. Hann segir að á golfheimum.is sé einnig boðið upp á farsímaskráningu. Í staðinn fyrir að vera með skorkortið úti á velli geti kylfingar skráð skorið beint í símann.

**Flugfélag Íslands - Íslenska... Bein útsending**

Hér birtast upplýsingar um skor þessara 8 keppendur, ef keppin er send í "Live"

Flugfélag Íslands - Íslenska Mótarmólin (1)

Mótaröðunúmer Keppendur

Keppendur	Keppingur	Útgangur 1	Útgangur 2	Útgangur 3	Útgangur 4	Útgangur 5	Samtals	Meðal
1.	Valdís Hraa Jónsdóttir	22 (+0)	28	28 (+0)	28	28	136	27.2
2.	Ólafía Hraa Kristinsdóttir	22 (+0)	28	28 (+0)	28	28	136	27.2
3.	Eygló Myrta Óskarsdóttir	23 (+0)	28	28 (+0)	28	28	137	27.4
4.	Íris Katla Guðmundsdóttir	23 (+0)	28	28 (+0)	28	28	137	27.4
5.	Ingunn Gunnarsdóttir	23 (+0)	28	28 (+0)	28	28	137	27.4
6.	Þórdís Geirsdóttir	23 (+0)	28	28 (+0)	28	28	137	27.4
7.	Ingunn Einarisdóttir	23 (+0)	28	28 (+0)	28	28	137	27.4

**BEIN ÚTSENDING** Golfheimar voru notaðir um síðustu helgi til að senda beint út skorið í íslensku mótarmólinni. Fólk gat því fylgst með árangri einstakra kylfinga á meðan þeir voru að spila.

**Hafðu kennarann í hendi þér!**  
Æfingakylfur, sem leiðréttu sveifluna á örskömmum tíma

Komdu við hjá okkur og kynntu þér málið

**iRobot**  
Helluhraun 22 - 220 Hafnarfirði  
Sími 555 2585  
www.irobot.is

**KYNNINGARVERÐ**

**Driver, 5 og 7 járn fyrir rétthenta sem örvhenta**  
Hraðamælar, fyrir þá sem vilja jafna sveifluna

## > Eva Longoria

„Ég hef alltaf sagt að ég myndi kjósa bónda frekar en veiðimann. Veiðimenn miða til þess eins að drepa og svo halda þeir áfram ferðinni. Bóndinn ræktar, hann horfir á hluti vaxa og dafna.“

Eva Longoria fer með hlutverk í hinum skemmtilegu sjónvarpsþáttum *Aðþrengdar eiginkonur* sem sýndir eru í *Sjónvarpinu* kl. 21.15 í kvöld.



# dagskró



## VIÐ TÆKIÐ HÓLMFRÍÐUR HELGA SIGURDARDÓTTIR ER EKKI MEÐ HM

# Fallegir fótboltamenn og feitar fótboltabullur

Í sumar, alveg eins og á svipuðum tíma fyrir fjórum árum, verð ég þakklát örlögum fyrir að hafa tekið saman við mann sem hefur ekki minnsta áhuga á íþróttum. Sá lifir í þeirri blekkingu að ég sé mikil íþróttakona og sé alvitur þegar kemur að fótbolta. Hann gapir af aðdáun þegar ég útskýri rólega fyrir honum hvað aukaspyrna og rangstaða þýðir og fattar ekkert þegar skýringar minar standast ekki skoðun – eru jafnvel uppspuni frá rótum.

Þessi trú hans er ekki fullkomlega úr lausu lofti gripin. Hann veit að í fortíðinni óskraði ég reglulega úr mér lungun í áhorfendabrekku Fylkis á íslenskum sumardögum. Og að ég hef meira að segja horft á viðureign Milanóliðanna AC Milan og Inter á sjálfum San Síro. Það var stórkostleg upplifun. Ég man hins vegar ekkert hvernig sá leikur fór. Ég var nefnilega að horfa á leikmennina og hreyfingar þeirra, ekki mörkin sjálf.

Ég hef unun af því að horfa á fótboltamenn í aksjón. Sveitir, einbeittir og æstir í stuttbuxum sem vöðvastælt og loðin

læri skaga fram úr... Það eru bara ísdrottningar sem bráðna ekki við þá sjón. Ég horfi hins vegar aldrei á fótbolta í sjónvarpi. Þegar búið er að smækka kroppana niður í skjástærð kemur hið sanna í ljós. Hvað það er nú drepleiðinlegt að horfa á fótboltaleik í heilar 90 mínútur, þar sem boltinn lendir í markinu örfáum sinnum, ef heppnin er með áhorfandanum.

Nú verður mér hugsað til vinkvenna minna sem eiga menn sem eru að fara á límingunum af spenningi yfir því að HM sé senn að hefjast. Eins unaðslegar tilfinningar og fótboltamennirnir á skjánum kunna að vekja hjá konum snúast þær fullkomlega á hvolf í iðrum margra þeirra þegar horft er í hina áttina – út úr sjónvarpinu og á sófakortöfluna íklædda einkennisbúningi uppáhaldsliðsins síns. Æpandi af og til og ávallt með bjór í hendi. Fátt er í heiminum meira óaðlaðandi. Ég finn til djúprar samúðar með ykkur, sem eigið menn af þessari tegundinni. Heimili mitt stendur ykkur ævinlega opið.



## FIMMTUDAGUR



► 19.05 America's Funniest Home Videos SKJÁREINN



► 19.45 Breiðablik-FH Bein útsending STÖÐ 2 SPORT



► 20.40 NCIS STÖÐ 2



► 21.50 Grey's Anatomy STÖÐ 2 EXTRA



► 22.15 Framtíðarleiftur SJÓNVARPIÐ

## SJÓNVARPIÐ

16.45 Stíklur - í Mallorcaveðri í Mjóafirði (e)

17.20 Táknmálsfréttir

17.30 Hvaða Samantha? (30:35) (Samantha Who?)

17.55 Stundin okkar (e)

18.25 Loftslagsvinir (10:10) (Klima nörd)

19.00 Fréttir

19.30 Veðurfréttir

19.35 Kastljós

20.20 Castle (6:10) (Castle) Höfundur sakamálasagna er fenginn til að hjálpa lögreglunni þegar morðingi hermír eftir atburðum í bókum hans.

21.00 Hróturinn Hreinn (Shaun the Sheep)

21.15 Aðþrengdar eiginkonur (132:134) (Desperate Housewives)

22.00 Tíufréttir

22.10 Veðurféttir

► 22.15 Framtíðarleiftur (Flash Forward) Dularfullur atburður veður því að fólk um allan heim dettur út í tæver mínútur og sautján sekúndur, og sér um leið í svip hvernig líf þess verður eftir hálf ári. Alríkis-lögregluáður í Los Angeles reynir að koma upp gagnagrunni yfir framtíðarsýnir fólks. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.

23.00 Berlínaraspírnar (3:8) (Berliner poplene) (e)

23.55 Kastljós (e)

00.35 Fréttir (e)

00.45 Dagskrárlök

## BÍÓ

06.15 Man About Town

08.00 Prime

10.00 Dave Chappelle's Block Party

12.00 Alvin and the Chipmunks

14.00 Prime

16.00 Dave Chappelle's Block Party

18.00 Alvin and the Chipmunks

20.00 Man About Town

22.00 Tristan + Isolde

00.05 No Way Out

02.00 Kin

04.00 Tristan + Isolde

06.05 Confessions of a Shopaholic

## STÖÐ 2

07.00 Barnatími Stöðvar 2 Harry and Toto, Litla risaæðlan, Stuðboltastelpurnar, Scooby-Doo og félagar.

08.:15 Oprah

08.55 Í finu formi

09.10 Bold and the Beautiful

09.30 The Doctors

10.15 Sjálfstætt fólk

10.55 Logi í beinni

11.50 Amazing Race (8:11)

12.35 Nágrannar

13.00 NCIS (18:19)

13.45 La Fea Más Bella (178:300)

14..30 La Fea Más Bella (179:300)

15.15 The O.C. (11:27)

16.00 Barnatími Stöðvar 2 Scooby-Doo og félagar, Stuðboltastelpurnar, Harry and Toto, Litla risaæðlan.

17.08 Bold and the Beautiful

17.33 Nágrannar

17.58 The Simpsons (1:22)

18.23 Veður - Markaðurinn

18.30 Fréttir Stöðvar 2

18.47 Íþróttir

18.54 Ísland í dag

19.11 Veður

19.20 Two and a Half Men (5:24)

19.45 How I Met Your Mother (2:24)

20.10 Matarást með Rísku (5:8) Friðrika Hjördis Geirsdóttir sækir heim þjóðþekktu Íslendinga, sem eiga það sameiginlegt að eiga í eldheitu ástarsambandi við matargerð.

► 20.40 NCIS (22:25)

21.25 Fringe (16:23)

22.10 The Wire (1:10) Fimmta syran í hörkuspennandi myndaflokk sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpahlukur vaða uppi.

23.10 Steindinn okkar

23.35 Twenty Four (18:24)

00.20 Cold Case (21:22)

01.05 The Mentalist (20:23)

01.50 Supernatural (13:16)

02.30 Tube

04.25 Two and a Half Men (5:24)

04.50 How I Met Your Mother (2:24)

05.15 The Simpsons (1:22)

05.40 Fréttir og Ísland í dag

## SPORT

besta sætið

07.00 Þýski handboltinn. Kiel - Balíngen

16.55 Þýski handboltinn. Kiel - Balíngen

18.25 Crowne Plaza Invitational At Colonial

19.20 Inside the PGA Tour 2010

Skyggnst bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni í golfi. Arið sem fram undan er skoðað gaumgæfilega og komandi mót krufin til mærgjar.

► 19.45 Breiðablik - FH Bein útsending frá stórleik bikarmeistarara Breiðabliks og Íslandsmeistarara FH í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.

22.00 Grænland Farið verður á framandi slóðir að þessu sinni og Grænland heim-sótt og skoðað hvernig er að veida hjá þessari nágrannabjóð.

22.30 Breiðablik - FH Útsending frá leik Breiðabliks og FH í 32-liða úrslitum VISA bikars karla í knattspyrnu.

00.20 Ólafur Stefánsson Að þessu sinni verður einn dádasti sonur íslensku þjóðarinnar, Ólafur Stefánsson, heimsóttur til Ciudad Real á Spáni.

01.00 NBA körfuboltinn. NBA 2009/2010 - Finals Games Bein útsending frá leik í úrslitum NBA-körfuboltans.

## SPORT 2

enski boltinn

18.10 Enska 1. deildin. Blackpool - Cardiff Útsending frá leik Blackpool og Cardiff í ensku 1. deildinni í knattspyrnu.

19.55 Coca Cola-mörkin Sýnt frá öllum leikjunum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþríf á einum stað.

20.25 Premier League World Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hlutum.

21.00 Football Legends Næstur í röðinni er hinn magnaði Raul, leikmaður Real Madrid á Spáni. Ferill Raul verður skoðaður og skyggnst verður bak við tjöldin á feril þessa magnaða leikmanns.

21.30 Season Highlights Allar leiktiðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.

22.25 Everton - Hull Útsending frá leik Everton og Hull í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

06.00 Pepsi MAX tónlist

08.00 Dr. Phil (e)

08.45 Rachael Ray (e)

09.30 Pepsi MAX tónlist

16.25 Rachael Ray

17.10 Dr. Phil

17.55 America's Next Top Model (6:12) (e)

18.40 H2O (6:26)

► 19.05 America's Funniest Home Videos (47:50)

19.30 Matarklúbburinn (1:6) Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran grillar gömsæta rétti sem kitta bragðlaukana. Hrefna er með skemmtilegar og spennandi uppskriftir sem hún kryddar með nýjum hugmyndum.

19.55 King of Queens (24:24) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie.

20.20 Family Guy (3:14)

20.45 Parks & Recreation (5:13)

Bandarísk gamanseria með Amy Poehler í aðalhlutverki. Leslie tekur á móti kollegum sínum frá bæjarskrifstofunum í vinabæ Pawnee í Venesúela og kemst fljótt að því að þar ganga hlutimur öðruvísi fyrir sig.

21.10 Royal Pains (7:13) Ný og skemmtileg þáttaröð um ungan lækni sem slær í gegn sem einkalæknir ríka fólksins í Hamptons. Hank verður að setja gestina í flottasta partýinu í Hamptons í sóttkví eftir að dularfull veikindi fara að hrjá hvern veislugestinn af öðrum. Allt fer í hundana þegar heilbrigðiseftirlitið mætir á staðinn.

22.00 Law & Order (6:22)

22.50 Jay Leno

23.35 The Good Wife (21:23) (e)

00.25 King of Queens (24:24) (e)

00.50 Pepsi MAX tónlist

## INN

20.00 Hrafnaping

21.00 Eitt fjall á viku

21.30 Eldhús meistaranna Magnús Ingi Magnússon mætir í eldhúsið.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

# SALORA FLATSKJÁR MEÐ INNBYGGÐU DVD

Í SUMARBÚSTAÐINN, HJÓLHÝSIÐ, HERBERGIÐ ...



Salora 24" LCD flat-skjær með innbyggðu DVD og Full HD

- 1920x1080 punkta upplausn og innbyggður DVD spilar
- HDMI tengi
- Háglang áferð (svart eða hvítt)
- 220/12V • Einnig fánlegt án DVD spilara.



Salora 19" LCD með innbyggðu DVD

- 1366x768 punkta upplausn • Háglang áferð • HDMI tengi
- 220/12V • Einnig fánlegt án DVD spilara.




Salora 16" LCD með innbyggðu DVD

- 1366x768 punkta upplausn • Háglang áferð • HDMI tengi
- 220/12V • Einnig fánlegt án DVD spilara.



Salora fæst á eftirtöldum stöðum:



SALORA

Eyravegi 32  
Selfossi

Strandvegi 52  
Vestmannaeyjum

Glerárgötu 34  
Akureyri

Verslun Ármúla 26

Í KVÖLD

STÖÐ 2 22.10

The Wire

Jón Gnarr og Besti flokkurinn setja það sem skilyrði að samstarfsflokkar hafi horft á The Wire. Nú er tækifærið runnið upp. The Wire er hörkuspenandi myndaflokkur sem gerist á strætum Baltimore í Bandaríkjunum. Eiturlyf eru mikið vandamál og glæpaklíkur vaða uppi. Það er á enga þætti hallað þegar fullyrst er að engin þáttaröð hafi hlotið jafn mikið og einróma lof gagnrýnenda á liðnum árum og The Wire. Allir eru á einu máli; hér hafa verið sett ný viðmið í sjónvarpsþáttagerð. Og nú er komið að fimmtu og síðustu þáttaröðinni sem þykir jafnframt sú langbesta.



VIÐ MÆLUM MEÐ Matarklúbburinn Skjár einn kl. 19.30

Landsliðskokkurinn Hrefna Rósa Sætran hefur heillað áhorfendur Skjás eins í skemmtilegum matreiðsluþáttum þar sem hún eldar einfalda og ljúffenga rétti sem leika við bragðlaukana. Núna snýr hún aftur með léttar, ferskar og framandi uppskriftir sem hún kryddar með skemmtilegum hugmyndum. Hrefna er yfirkokkur og einn af eigendum Fiskmarkaðarins, eins af vinsælustu og bestu veitingastöðum landsins. Hún galdrar fram gómsætar kræsingar og gefur áhorfendum hugmyndir um hvað er hægt að gera á einfaldan hátt.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlit	10.13 Litla flugan	16.05 Viðsjá
06.50 Bæn	11.03 Samfélagið í nærmynd	17.00 Fréttir
07.03 Vít og breitt - að morgni dags.	12.00 Hádegisútlit	18.16 Spegillinn
07.30 Fréttayfirlit	12.20 Hádegisfréttir	19.00 Smásaga: Tveir kavaléarar
08.05 Morgunstund með KK	13.00 Framtíð lýðræðis	19.27 Listahátíð í Reykjavík 2010: Hamar, ístað og steðji
08.30 Fréttayfirlit	14.03 Allir í leik	22.10 Leikritakvöld útvarpsins: Þau komu til ókunnrar borgar
09.05 Okkar á milli	15.03 Útlitssagan: Hér	00.05 Næturtonar
09.45 Morgunleikfimi	15.25 Bláar nótur í bland	
	16.00 Síðdegisfréttir	

FM 88,5 XA-Radíó	FM 95,7 FM957	FM 99,4 Útlit Saga
FM 90,1 Rás 2	FM 96,3 FM Suðurland	FM 102,2 Útlit Latibær
FM 90,9 Gullbylgjan	FM 96,7 Létt Bylgjan	FM 102,9 Lindin
FM 91,9 Kaninn	FM 97,7 X-ið	FM 105,5 Útlit Boðun
FM 93,5 Rás 1	FM 98,9 Bylgjan	

EXTRA

- 19.30 The Doctors The Doctors eru glæpnýir spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir framúrskarandi læknar - sérfræðingar á fjórum ólíkum sviðum - veita afar aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
- 20.15 Gilmore Girls (21:22) Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfir-læti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.
- 21.00 Fréttir Stöðvar 2
- 21.25 Ísland í dag
- 21.50 Grey's Anatomy (24:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramabáttar sem gerist á skurðstofu á Grace- spítalanum í Seattle-borg þar sem starfa ungar og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu lækna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.
- 22.35 Ghost Whisperer (17:23) Magnaður spennuþáttur með Jennifer Love Hewitt í hlutverki sjáandans Melindu Gordon sem rekur antikbúð í smábænum Grandview. Hún á þó erfitt með að lifa venjulegu lífi þar sem hún þarf að takast á við drauga sem birtast henni öllum stundum.
- 23.20 Goldplated (7:8) Bresk þáttaröð í anda Footballer's Wives og Mile High. Hér er sagt frá skrautlegu lífi ungra glæsikvenna sem hafa þau einu framtíðaráform að gefa sig til fjár. En það sem verður er að þær kæra sig kollóttar um hvaðan auður nýju herra kemur.
- 00.10 The Doctors
- 00.55 Gilmore Girls (21:22)
- 01.40 Sjáðu
- 02.10 Fréttir Stöðvar 2
- 03.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

- 12.10 Blackadder II
- 12.40 My Hero
- 13.10 My Hero
- 13.40 Absolutely Fabulous
- 14.10 Absolutely Fabulous
- 14.40 The Weakest Link
- 15.25 The Inspector Lynley Mysteries
- 16.15 EastEnders
- 16.45 The Weakest Link
- 17.30 Absolutely Fabulous
- 18.00 The Visitor
- 18.30 The Inspector Lynley Mysteries
- 19.15 Dalziel and Pascoe
- 20.05 The Visitor
- 20.35 Strictly Come Dancing
- 22.35 Doctor Who
- 23.20 The Visitor
- 23.50 The Inspector Lynley Mysteries

DR 1

- 10.10 Penge
- 10.35 Aftenshowet
- 11.05 Þá eventyr þá havbunden
- 11.30 Spise med Price
- 12.00 Hvad er det værd?
- 12.30 Hammerslag i Midtjylland
- 13.00 DR Update - nyheder og vejr
- 13.10 Boogie Mix
- 14.05 Family Guy
- 14.30 Leon
- 14.35 Bonbon
- 15.00 F for Får
- 15.05 Landet for længe siden
- 15.30 Fandango
- 16.00 Når orangutanen skaber sig
- 16.30 TV Avisen med Sport
- 17.00 Aftenshowet med Vejret
- 17.30 Rabatten
- 18.00 Jamie Olivers Amerika
- 18.55 På vej til VM
- 19.00 TV Avisen
- 19.25 Jersild Live
- 19.50 SportNyt
- 20.00 End Game
- 21.30 Höök

NRK 1

- 11.25 Urter
- 11.45 Norge rundt
- 12.10 Par i hjertet
- 13.00 NRK nyheter
- 13.10 Dallas
- 14.00 Demick
- 15.00 NRK nyheter
- 15.10 Tid for tegn
- 15.25 Arda - Samisk kulturmagasín
- 15.40 Oddasatt
- 15.55 Nyheter på tegnspråk
- 16.00 Program ikke fastsatt
- 16.40 Distriktsnyheter
- 17.00 Dagsrevyen
- 17.45 Schrödingers katt
- 18.40 Hemmelige svenske rom
- 18.55 Distriktsnyheter
- 19.00 Dagsrevyen 21
- 19.30 Debatten
- 20.30 Nurse Jackie
- 21.00 Kveldsnytt
- 21.15 Heksedansen
- 22.00 Draumen om Koenigsegg
- 23.00 Solgt!

SVT 1

- 11.05 Fråga doktorn
- 12.25 Dox. Amerikas farligaste män
- 14.00 Rapport
- 14.05 Gomorron Sverige
- 14.55 Så ska det låta
- 15.55 Sportnytt
- 16.00 Rapport med A-ekonomi
- 16.10 Regionala nyheter
- 16.15 Go'kväll
- 17.00 Kulturmysterierna
- 17.15 Regionala nyheter
- 17.30 Rapport med A-ekonomi
- 18.00 Mitt i naturen
- 19.00 Plus
- 20.00 Rättskiparen
- 20.30 Friidrott. Friidrottskväll
- 21.00 Cupplarat
- 21.30 Livaktarna
- 22.30 Uppdrag Granskning
- 23.30 100 procent bonde

**JÓN GNARR:**  
 „VIÐ VILJUM VINNA MEÐ ÖLLUM SEM Hafa EITTHVAÐ TIL MÁLANNA AÐ LEGGJA OG ERU TILBÚNIR AÐ LEGGJA HÖND Á PLÓG. VIÐ GERUM ENGAN GREINARMUN Á PÓLÍTÍSKUM SKOÐUNUM FÓLKS, EN VIÐ SETJUM ÞAU ÓFRÁVÍKJANLEGU SKILYRÐI AÐ FÓLK HAFI HORFT Á THE WIRE.“

**ÖRLÖG BORGARINNAR VELTA Á THE WIRE**

NÝ ÞÁTTARÖÐ HEFST Í KVÖLD KL. 22:10

„STÓRKOSTLEGT AFREK.“  
SAN FRANCISCO CHRONICLE

„SNILLDIN NÆR HÆSTU HÆÐUM.“  
TV GUIDE

„BESTA ÞÁTTAÖÐRIN Í SJÓNVARPI, PUNKTUR.“  
ENTERTAINMENT WEEKLY

„ÞEGAR SJÓNVARPSSAGAN VERÐUR SKRÁSETT MUN FÁTT JAFNAST Á VIÐ THE WIRE.“  
VARIETY

„ÞESSI ÞÁTTARÖÐ AF THE WIRE MUN FÁ ÞIG TIL AÐ STANDA Á ÖNDINN.“  
THE NEW YORK TIMES

ÞAÐ ER Á ENGAN ÞÁTT HALLAÐ ÞEGAR FULLYRT ER AÐ ENGIN ÞÁTTARÖÐ HAFI HLOTIÐ JAFN MIKIÐ OG EINRÓMA LOF GAGNRÝNENDA Á LIÐNUM ÁRUM OG THE WIRE. ALLIR ERU Á EINU MÁLI; HÉR HAFU VERIÐ SETT NÝ VIÐMIÐ Í SJÓNVARPSÞÁTTAGERÐ. OG NÚ ER KOMIÐ AÐ FIMMTU OG SÍÐUSTU ÞÁTTARÖÐINNI SEM ÞYKIR JAFNFRAMT SÚ LANGBESTA.

## MORGUNMATURINN



„Það er nú ekki spennandi. Hafþragrautur og vatn handa mér.“

Berglind Íris Hansdóttir, markvörður Vals og Íslenska kvennalandsliðsins í handbolta.

58

## Erfitt að taka afstöðu til gjörnings Jóns

„Ég er fullkomlega vanmáttugur og þetta er mikil upplausn. Ég þarf að skoða minn hug,“ segir leikstjórinn og leikarinn Benedikt Erlingsson.

Leikskáldið Jón Atli Jónasson, hefur neitað að taka við tilnefningum fyrir Grímuna, íslensku leiklistarverðlaunin, vegna þess að Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er verndari verðlaunanna. Hann hvetur aðra í stéttinni til að sniðganga Grímuna í ár. Líklegt þykir að Benedikt Erlingsson sé einn þeirra leikara sem verða tilnefndir á föstudaginn. Hann segist ekki vera búinn að ákveða afstöðu sína til málsins.

„Þetta er stór og mikill gjörningur sem Jón Atli hefur sett af stað,“ segir Benedikt. „Þessi gjörningur krefur mann til að taka afstöðu til forsetans og þeirrar hugmyndafræði sem hann

predikaði um Ofuríslendinginn. Ég get ekki á þessari stundu sagt hver mín viðbrögð eru.“

Benedikt segir alla þurfa að taka ábyrgð á samfélagi okkar og þeim gildum sem fólk vill standa fyrir. „Ég held að ég tali fyrir marga þegar ég segi að það er ekki hlaupið að því að taka afstöðu til þessa máls,“ segir hann.

Leikurum þykir ekki leiðinlegt að taka við verðlaunum. Gerir það ákvörðunina erfðari?

„Það er hræðilegt að fá ekki að taka við verðlaunum sínum. Þú ferð ekki nær inn í nærbrækurnar á listamanni en að taka af honum verðlaunin. Það er verra en að klæða hann úr nærbrókunum,“ segir Benedikt.

- afb



ERFIÐ ÁKVÖRÐUN Jón Atli ætla ekki að taka við Grímutilnefningu. Benedikt verður líklega tilnefndur, en hefur ekki tekið afstöðu til málsins.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. sælgæti, 6. holskrúfa, 8. mjöl, 9. upphrópun, 11. gelt, 12. skopleikrit, 14. mjaka, 16. frá, 17. til viðbótar, 18. fugl, 20. tveir eins, 21. einsöngur.

## LÓÐRÉTT

1. teikning af ferli, 3. kringum, 4. gróðahyggi, 5. skáhalli, 7. ósjófær, 10. kk nafn, 13. gerast, 15. sál, 16. temja, 19. ætíð.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. graf, 3. um, 4. fegimnd, 5. flá, 7. óhæffær, 10. ar, 13. ske, 15. enn, 18. gæs, 20. dd, 21. arfa.  
LÁRÉTT: 2. buff, 6. ró, 8. mál, 9. áha, 11. gá, 12. farsí, 14. fikra, 16. af, 17.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Á Egilsstöðum.
2. Allt að 40 milljónum.
3. Jón Atli Jónasson.

IMAGE FUDGE IMAGE

**Pú kemst fljótt að!**

...en þú getur líka pantað tíma

IMAGE FUDGE IMAGE

IMAGE FUDGE IMAGE

IMAGE FUDGE IMAGE

IMAGE FUDGE IMAGE

Rakarastofan Klapparstíg

S: 551 3010



FJÖLSKYLDA TIL TEXAS Guðjón og Jóhanna ásamt börnunum sínum tveimur, hinum átta ára Daniel og hinni tveggja ára Hönnu Laufey. Þau flytja til Texas 1. júlí.

GUÐJÓN BERGMANN: ÞARF ÞÍNU KJARK Í AÐ STÖKKVA SVONA ÚT

## Einbeitir sér að ritstörfum í borginni Austin í Texas

„Við erum að kveðja fjölskyldu og annað hér. Það þarf þínu kjark í að stökkva svona út og skilja allt stuðningsnetið eftir,“ segir jóga-kennarinn Guðjón Bergmann sem flytur til Austin í Texas 1. júlí ásamt fjölskyldu sinni. „En við höfum plumað okkur ágætlega sjálf án aðstoðar frá öðrum í langan tíma. Það byggir upp sjálfs-traustið að geta gert það annars staðar í heiminum líka.“

Guðjón sendi frá sér yfirlýsingu á dögnum þar sem hann sagðist ætla að flytja af landi brott með fjölskyldu sinni til frambúðar. Eiginkona hans, Jóhanna Bóel, á fjölskyldu í Texas og þar mun hún starfa við alþjóðaviðskipti og markaðsfræði. Þau dvöldu í borginni allt síðasta haust þar sem Jóhanna var í skiptinámi

og kynntust þá borginni af eigin raun.

Sjálfur ætlar Guðjón að einbeita sér að bókaskrifum og láta námskeiðahald alveg eiga sig. Hann segist vera með drög að hvorki meira né minna en tuttugu bókum á teiknaborðinu og hefur þegar skrifað eina á ensku sem nefnist Living in the Spirit of Yoga og kemur út í haust. „Ég er búinn að vinna gífurlega mikið síðastliðin fjórtán ár. Ég er búinn að vera með námskeið og fyrirlestra endalaust, rak jógastöð í fimm ár og er búinn að skrifa bækur samhliða því, alls tju bækur á átta árum,“ segir Guðjón. „Þetta hefur allt verið gert í hjáverkum og ég hlakka dálítið til að komast í aðstöðu þar sem ég þarf þess ekki lengur.“

Tengdamóðir Guðjóns fædd-

ist í Texas og svo skemmtilega vill til að Austin í Texas er ein af uppáhaldsborgum móður Guðjóns. „Hún hlakkar mikið til að geta komið út og heimsótt okkur,“ segir hann og vill taka skýrt fram að þau séu ekki að flytja ástandið á Íslandi. „Við erum búin að tala um þetta í mörg ár. Eins og frægt er orðið þurfti ég að draga til baka yfirlýsingu um að við værum að fara. Þá var það ekki tímabært en núna þarf ég ekki að draga neitt til baka.“

Í tilefni af ferðalaginu til Bandaríkjanna ætlar Guðjón að halda sitt síðasta helgarnámskeið á Íslandi um helgina. „Þetta verður brot af því besta og alveg massífr dagskrá. Þetta verður gaman og ekki síður gott tækifæri fyrir mig að kveðja fólk.“ freyr@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Íslenskt grín er í mikilli uppsveiflu þessa dagana og mikil endurnýjun í gangi. Grínhópurinn Synir Jesú er frekar nýr af nálinni og hefur birt atriði á vef Morgunblaðsins undanfarið í samstarfi við vikuritið Monitor. Í nýjasta atriðinu fá þeir hjálp frá gömlum grínista, engum öðrum en Davíð Oddssyni, ritstjóra Morgunblaðsins.

Hann stelar að sjálfsgöðu senunni í atriðinu þrátt fyrir að honum bregði aðeins fyrir í stutta stund. Nú er spurning hvort spútnikstjarnan í íslensku gríni, Mosfellingurinn Steindi Jr., nagi sig ekki í handarbökin því í vor hafnaði Davíð því að koma fram í þætti Steinda á Stöð 2...



Það er reyndar spurning hvor þeirra nagar sig í handarbökin. Þáttur Steinda hefur nefnilega slegið í gegn og þá sérstaklega lögin sem enda hvern þátt. Nú heyrir að Steindi ihugi að gefa lögin út einhvern daginn sem yrði vafalaust kærkomið fyrir aðdáendur kappans sem furðar sig á því að vera allt í einu orðinn vinsæll tónlistarmaður.

Talandi um grínista þá hefur leikritið Klæði eftir Berg Ebba í leikstjórn Dóra DNA lagst vel í leikhúsgesti Norðurljólsins. Fullt var á lokasýningunni á þriðjudagskvöld, en á meðal gesta var Árni Vilhjálmsson, söngvari í FM Belfast, sem hefur einmitt flutt grín á sviði með Bergi og Dóra í hjáverkum.

- afb



Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

HUMAR HUMAR HUMAR

2000 KR.KG.

EIGUM TIL MARKÍL Í BEITU FYRIR VEIÐIMENNINA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

## Fækkar í röðum Steed Lord

Meðlimir hljómsveitarinnar Steed Lord hafa verið búsettir í Los Angeles frá því í ágúst í fyrra og að sögn söngkonunnar Svölu Björgvinsdóttur eru þau búin að koma sér vel fyrir í borginni, en þau hyggjast dvelja þar um óákveðinn tíma.

„Það gengur svakalega vel hjá okkur. Við erum búin að búin að gera okkur fallett heimili hérna í Los Angeles og erum að vinna við það sem við elskum að gera og almennt er maður bara mjög hamingjusamur,“ segir Svöla. Hljómsveitin hefur unnið ótullega að tónlist sinni undanfarið ár og von er á nýrri stuttskífu frá þeim í sumar. Steed Lord gerði einnig nýverið samning við bókunarfyrirtækið AM ONLY sem sérhæfir sig í bókunum á raftónlist-

armönnum og er eitt hið stærsta á sínu sviði í Bandaríkjunum.

„Við ætlum að halda áfram að túra um Bandaríkin, Evrópu og Asíu á næstunni. Við túruðum meðal annars með tónlistarkonunni Peaches um vesturströnd Bandaríkjanna fyrir júl og tókum svo sjálf túr um Bandaríkin og Evrópu eftir það. Síðan erum við að fara hanna boli og heyrnartól fyrir sænska fatamerkið WESC fyrir 2011 línuna þeirra sem er rosa gaman. Við höfum verið að vinna með þeim síðustu þrjú árin og tekið þátt í flestum auglýsinga-herferðum þeirra síðan þá og það er mjög gaman,“ segir Svöla.

Nokkrar breytingar hafa einnig orðið innan hljómsveitarinnar því meðlimir hennar eru nú aðeins þrír



SÁTTI Í LA Hljómsveitin Steed Lord, sem er nú orðin þriggja manna hljómsveit, er sátt við lífið í borg Englanna.

MYND/ÚR EINKASAFNI

talsins ólíkt því sem áður var. „Steed Lord er núna þriggja manna hljómsveit. Elli er ekki lengur í bandinu, hann býr í London og vildi einbeita sér meira að grafískri hönnun og er líklega að fara í nám þar í borg,“ segir Svöla að lokum.

- sm



# GULA HÚSIÐ

## FAXAFENI 8



SÆTIR SUMARKJÓLL  
Margir fallegir litir  
Verð **4.999,-**



URBAN GRACE SKÓR  
Nokkrir litir. Str. 37-41  
Verð **3.990,-**



DÖMUBELTI  
Verð **2.999,-**



HERRA SKYRТА  
Verð **6.990,-**



DÖMUBOLIR  
Margar gerðir  
Verð **999,-**



DÖMUBUXUR  
Stærðir 36-46  
Verð **2.999,-**

Sértilboð frá fimmtudagi til sunnudags.

Ný Íslensk hönnun

TINNUR 18.990,-

ESJA

Stuttur, hlífðsraður kvenjakki sem smellpassar íslensku veðurfari. Vætns- og vindheldur.  
Litir: Rauzt, Svart og Perluhvitt.



HANDKLÆÐI  
50 x 60 cm  
Verð **299,-**

Sértilboð frá fimmtudagi til sunnudags.



SÆNG OG KODDASETT  
Með polyester fyllingu  
Verð **999,-**



PELI  
- á frábæru verði  
**499,-**



PELI  
- á frábæru verði  
**499,-**



SOFTY  
Nagdót  
**399,-**



HITAMÆLIR Í  
BADID  
**899,-**



HÁRLITIR  
- á frábæru verði aðeins  
**499,-**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is  
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

RÓMEÓ OG JÚLÍA

VesturPort

Takmarkaður sýningafjöldi  
Miðasala er hafin!



Borgarleikhúsið

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fyrsta Þjóðhátíðarlagið

Í frétt Fréttablaðsins í gær um að **KK** væri höfundur næsta Þjóðhátíðarlags kom fram að lagið Ég veit þú kemur, sem kom út árið 1962, væri fyrsta Þjóðhátíðarlagið. Þar var stuðst við opinbera heimasíðu Þjóðhátíðarinnar, dalurinn.is, þar sem þessar upplýsingar koma fram. Hins vegar er rétt að geta þess að í hugum Eyjamanna og margra annarra er fyrsta Þjóðhátíðarlagið Setjumst að sumbli eftir Árna úr Eyjum og Oddgeir Kristjánsson sem var samið árið 1933. - fgg



### Töffarar í hádeginu

Vegfarendur í Borgartúni ráku upp stór augu í hádeginu í gær þegar þeir sáu Ólaf Þór Hauksson, sérstakan saksóknara, ganga þar ásamt starfsfólki embættisins af Borgartúni og upp Höfðatún. Helst mun hersingin hafa minnt á eftirminnilega senu úr kvikmyndinni Reservoir Dogs í leikstjórn Quentins Tarantinos þar sem skúrarnir ganga taktfast saman í hóp, nær allir svartklæddir með sógleraugu. Ekki fylgdi sögunni hvaðan hópur Ólafs, sem vinnur gegn fjármála-skúrkum, var að koma. Ekki er þó ólíklegt að hann hafi snætt hádegisverð á einum veitingastaðanna á Höfðatorgi og verið á leið til vinnu á ný við Laugaveg.



### Mest lesið **visir.is**

- 1 Konur í Kaupmannahöfn lífa fjölbreyttu kynlífi
- 2 Kona ók á litla hnátu og stakk svo af
- 3 Lögreglan leitar tveggja manna | Myndir
- 4 Rektor sleginn yfir rothöggi á lotukerfi
- 5 Íslenskur maður ofsækir Eivöru

Sumargleði!  
**20%**  
afsláttur af öllum vörum

*herra*  
**GARÐURINN**  
-klæðir þig vel

KRINGLAN - SMÁRALIND  
568 9234 544 2410

Sumargleði!  
**20%**  
afsláttur af öllum vörum

**HUGO BOSS**  
HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242

VesturPort  
**RÓMEÓ OG JÚLÍA**

Tryggðu þér miða á eina af rómuðustu sýningum Vesturports

**Takmarkaður sýningafjöldi  
Miðasala er hafin!**

Miðasala 568 8000 borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

EIMSKIP NOVA

20 til 30%  
afsláttur af öllum vörum

**B & S**  
KONUR

B&S | Kringlunni 553 4141

20%  
afsláttur af öllum vörum

TICKET TO HEAVEN  
bisgaard hummel  
POLO RALPH LAUREN

**ENGLABÖRNIN**  
Falleg fót á stelpur og stráka...

Kringlunni sími 552 2201